



Aðgangur sakbornings að gögnum máls

í ljósi 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Þróstur Þór Guðmundsson

2011

ML í lögfræði

Höfundur: Þróstur Þór Guðmundsson
Kennitala: 050580-3509
Leiðbeinandi: Hulda María Stefánsdóttir

Lagadeild
Háskólinn í Reykjavík

Aðgangur sakbornings að gögnum máls, í ljósi 37. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008

Útdráttur

Í ritgerð þessari er varpað ljósi á heimildir sakbornings, og verjanda hans, til aðgangs að gögnum máls í íslenskum rétti. Jafnframt er lagt mat á hvort nógildandi lagaheimild sé fullnægjandi til þess að þjóna andstæðum hagsmunum, svosem lögreglunnar, sakbornings og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta við meðferð/rannsókn sakamáls.

Sakamálaréttarfar á Íslandi er skoðað í sögulegu samhengi með sérstaka áherslu á þróun og breytingu laga og ákvæða er varða réttarstöðu sakbornings. Jafnframt er ákvæði 37. gr. sml. ásamt ákvæðum fyrri laga um sama efni skoðuð ítarlega, gerð er grein fyrir öllum breytingum á ákvæðunum og þeim sjónarmiðum sem lögð voru til grundvallar við setningu þeirra. Jafnframt er gerður samanburður við sambærileg ákvæði danskra og norskra laga.

Af þessari yfirferð má draga þá ályktun að eftir breytingu á 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sem var gerð með lögum nr. 36/1999 hafi lögreglan ekki haft nægilegt svigrúm til rannsókna umfangsmikilla mála áður en hún er skylduð til að afhenda verjanda sakbornings málgögn.

Jafnframt myndi það ekki brjóta gegn réttindum sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. 6. gr. MSE, væri 37. gr. sml. breytt þannig að lögreglu væri heimilt að gera kröfu fyrir dómi um að halda tilteknum gögnum máls í lengri tíma en þrjár vikur væri málið sérstaklega umfangsmikið eða ríkir rannsóknarhagsmunir væru í húfi. Dómari gæti lagt mat á þá hagsmuni sem liggja að baki kröfunnar með tilliti til sjónarmiða verjandans. Dómari gæti þannig markað lögreglu frest til að halda gögnum og yrði hann metinn í samræmi við umfang hvers sakamáls.

Hæstiréttur hefur kveðið á um að heimild til að synja verjanda um afrit af gögnum þegar einkahagsmunir annarra en skjólstæðings verjandans standa því í vegi, sbr. 3. mgr. 37. gr., skuli einnig gilda eftir að mál hefur verið dómtekið. Í ljósi þess er ástæða til breytinga á orðalagi ákvæðisins í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar, enda standa hagsmunir þeir sem ákvæðið kveður á um óbreyttir eftir dómtöku máls.

Defendants' access to case files, with regards to Article 37 of the Code on Criminal Procedure no. 88/2008

Abstract

This thesis addresses the right of defendants and their counsel to have access to files and documents in a criminal investigation in Icelandic law and case law. Furthermore, it is addressed if current law provisions are sufficient to meet the opposing interests of the police, the defendants and other parties who have vested interests.

Criminal procedure in Iceland is viewed in historical context, with particular emphasis on legal development regarding defendants' rights. Furthermore, the provisions of Article 37 of the code on criminal procedure and previous provisions are examined in detail, including all amendments to the provisions and the views they were based on. Also a comparison was made to Danish and Norwegian law.

The examination led to the conclusion that amendment of article 43 of the Icelandic code on criminal procedure no. 19/1991, in accordance with laws no. 36/1999, created a problem for police authorities. After the amendment police were forced to grant access to case files in complex cases before having sufficient time to investigate the alleged offence. Furthermore it was concluded that it would not breach Article 6 of the European Convention on Human Rights if the police were to be allowed to request more time to investigate if the relevant case were of complex nature. A judge would then be able to assess the necessity of such a claim with regards to the defendants' views.

The provision of paragraph 3 of Article 37 on the laws of criminal procedure has been applied by the Supreme Court so that it extends not only to the investigation, but also through the whole trial. In light of that it is concluded that the wording of the provision should be amended in accordance with the Supreme Court's ruling on the grounds that the reason for declining the defendant access would be unchanged when the case has gone to court.

Formáli

Ritgerð þessi er unnin sem lokaverkefni í meistaranámi í lögfræði við Háskólann Reykjavík. Efni ritgerðarinnar varðar aðgang sakbornings að gögnum máls og er hún á sviði sakamálaréttarfars. Leiðbeinandi minn var Hulda María Stefánsdóttir, settur saksóknari hjá Ríkissaksóknara og stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ástæðan fyrir efnisvalinu er áhugi minn á sakamálaréttarfari, en áður en ég hóf laganám var ég lögreglumaður í rúm sex ár. Auk þess öðlaðist ég innsýn í störf ákæranda bæði þegar mér gafst tækifæri til að vera í starfsnámi hjá Ríkissaksóknara á fjórða ári námsins og fulltrúi á ákærusviði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á því fimmta.

Leiðbeinanda mínum færi ég bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og afbragðsgóða leiðsögn. Þakkir fær einnig Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. fyrir að gefa sér tíma til þess að veita mér innsýn í viðfangsefnið. Sérstakar þakkir vil ég færa eiginkonu minni, Kristínu Björk Eiríksdóttur, fyrir gagnlegar ábendingar og yfirlestur, en ekki síst fyrir þá hvatningu sem hún veitti mér við ritgerðarsmíðina sem og í náminu öllu.

Seltjarnarnesi, 5. maí 2011

Þröstur Þór Guðmundsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Um efni ritgerðarinnar	3
1.2	Hugtakanotkun.....	4
2	Söguleg þróun sakamálaréttarfars á Íslandi.....	6
2.1	Þróun sakamálaréttarfars á Íslandi.....	6
2.2	Þróun réttarfarsreglna um meðferð sakamála á Íslandi	7
3	Mannréttindasáttmáli Evrópu	9
3.1	Almennt um Mannréttindasáttmála Evrópu.....	9
3.2	Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.....	9
3.3	Jafnræðisregla Mannréttindasáttmála Evrópu og aðgangur sakbornings að gögnum máls	11
3.3.1	Málsatvik í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi.....	12
3.3.2	Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu	13
3.3.3	Ályktun af dómi í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi	15
4	Meginreglan um jafnræði málsaðila	16
4.1	Misjöfn staða málsaðila	16
4.2	Reglan um jafnræði málsaðila fyrir dómi	16
4.2.1	Réttur sakbornings til að vera viðstaddur þinghöld og réttur hans til að tjá sig um sakarefnið	19
4.2.2	Réttur málsaðila til að afla gagna, leiða og spyrja vitni	20
5	Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum máls	22
5.1	Almennt um rétt sakbornings til aðgangs að gögnum máls.....	22
5.2	Aðdragandi setningu laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála	23
5.3	Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.....	24
5.4	Aðdragandi að setningu laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála	25
5.4.1	Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum við gildistöku laga nr. 19/1991	26
5.4.2	Dómur Hæstaréttar nr. 382/1995 í máli Agnesar Bragadóttur	26
5.4.3	Dómur Hæstaréttar nr. 168/1994	28
5.4.4	Ályktun af dómum Hæstaréttar nr. 382/1995 og 168/1994.....	30
5.5	Lög nr. 36/1999 um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála	31
5.5.1	Dómar Hæstaréttar í málum sem reyndu á 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 36/1999.....	33
5.5.2	Ályktun af dómum Hæstaréttar í málum nr. 376/1999, 235/2004 og 110/2004.....	37

5.6	Frumvarp til laga nr. 86/2004 um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19, 26. mars 1991, með síðari breytingum.....	38
5.6.1	Umsögn dómstólaráðs um frumvarp til laga nr. 86/2004	39
5.6.2	Umsögn laganeftar LMFÍ um frumvarp til laga nr. 86/2004	39
5.6.3	Umsögn réttarframsneftar um frumvarp til laga nr. 86/2004.....	40
5.6.4	Umsögn ríkislögreglustjórans um frumvarp til laga nr. 86/2004	41
5.6.5	Umsögn ríkissaksóknara um frumvarp til laga nr. 86/2004	42
5.6.6	Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 86/2004	43
5.6.7	Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga nr. 86/2004	44
5.6.8	Umfjöllun um andstæða hagsmuni	44
5.6.9	Nefndarálit meirihluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga nr. 86/2004	45
5.6.10	Ákvæði 43. greinar og b. liðar 1. mgr. 74. greinar a laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 86/2004	46
5.6.11	Ályktun um áhrif breytinga 43. gr. laga nr. 19/1991 með lögum nr. 86/2004 á réttarframkvæmd	48
5.7	Frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.....	49
5.7.1	Almennar breytingar á sviði sakamálaréttarfars með lögum nr. 88/2008	50
5.7.2	Aðgangur verjanda að gögnum rannsóknarstigi máls í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.....	51
5.7.3	Meðferð frumvarps til laga um meðferð sakamála fyrir Alþingi	53
5.7.4	Dómar Hæstaréttar í málum þar sem reynt hefur á ákvæði 37. laga nr. 88/2008	56
5.7.5	Dómur Hæstaréttar í máli sérstaks saksóknara nr. 495/2009	56
5.7.6	Dómur Hæstaréttar í máli nr. 614/2010.....	59
5.7.7	Ályktanir af dómum Hæstaréttar í málum nr. 495/2009 og nr. 614/2010	61
6	Heimildir sakbornings til aðgangs að gögnum í dönskum og norskum lögum	62
6.1	Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum sakamáls í dönskum lögum	62
6.1.1	Samanburður 729. gr. retsplejeloven, nr. 90/1916, við ákvæði 37. gr. laga nr. 88/2008.....	64
6.2	Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum sakamáls í norskum lögum.....	65
6.2.1	Samanburður á 242 gr. straffeprocessloven, nr. 25/1981, við ákvæði 37. gr. laga nr. 88/2008.....	66
7	Lokaorð.....	67
8	Skammstafanaskrá	69
9	Heimildaskrá.....	70
10	Dómaskrá.....	72
11	Lagaskrá.....	73

1 Inngangur

1.1 Um efni ritgerðarinnar

Við rannsókn sakamála aflar lögreglan og ákærvald ýmissa gagna til þess að upplýsa mál og til að styðjast við þegar tekin er ákvörðun um endalok máls eða eftir atvikum saksókn þess. Lögreglan leggur hald á muni og önnur gögn, jafnframt skráir hún skýrslur um rannsóknarathafnir sínar svo sem skýrslutökur af málsaðilum og vitnum. Allt eru þetta gögn máls sem lögreglan styðst við þegar hún reynir að varpa ljósi á staðreyndir máls. Lögreglan hefur það hlutverk að halda uppi lögum og reglu og vinnur að uppljóstran brota, en til þess að hún getur sinnt því hlutverki er henni tryggðar ákveðnar rannsóknarheimildir með lögum. Slíkar heimildir geta verið sakborningum íþyngjandi, enda hefur lögreglan heimildir til að handtaka menn, framkvæma leit, leggja hald á muni og fleira. Á síðastliðnum árum hefur umræða um aðgang sakbornings og verjanda hans að málgögnum verið áberandi, sérstaklega eftir lögleiðingu Mannréttindasáttmála Evrópu í íslensk lög.¹

Í ljósi hlutverks lögreglunnar hefur hún hagsmuni af því að sakborningi gefist ekki tækifæri á að skaða rannsókn málsins. Sé rannsókn sakamáls á svo viðkvæmu stigi að lögreglan telji ekki óhætt að upplýsa sakborning um öll gögn sem hún hefur undir höndum, hefur lögreglan heimild til þess að synja verjanda hans um aðgang að göngum málsins í allt að þrjár vikur. Sú regla á sér stoð í ákvæði 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála² sem á rætur sínar að rekja til 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hagsmunir lögreglu vegast því á við hagsmuni sakbornings. Á grundvelli jafnræðissjónarmiða á sakborningur kröfu um að vera sem jafnast settur ákærvaldinu við meðferð máls. Jafnræði málsaðila er ein af meginreglum sakamálaréttarfars og á sér stoð í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í meginreglunni um jafnræði málsaðila felst meðal annars að sakborningi skal gert kleyft að undirbúa málsvörn sína með aðstoð löglærðs verjanda. Hann skal hafa aðgang að gögnum málsins og tíma og aðstöðu til þess að undirbúa málsmeðferð fyrir dómi.

Markmið ritgerðar þessarar er að varpa ljósi á heimildir verjanda og sakbornings til aðgangs að gögnum máls í íslenskum rétti. Megináhersla er lögð á skyldu lögreglu og ákærvalds til að afhenda verjanda gögn á rannsóknarstigi máls. Jafnframt að leggja mat á hvort heimildirnar séu fullnægjandi til þess að þjóna andstæðum hagsmunum lögreglunnar, sakbornings og annarra sem eiga hagsmuna að gæta. Til þess að ná þessum markmiðum er sakamálaréttarfar á Íslandi skoðað í sögulegu samhengi með sérstaka áherslu á þróun og

¹ Mannréttindasáttmáli Evrópu var leiddur í lög með lögnum nr. 62/1994. Hér eftir MSE.

² Hér eftir sml.

breytingu laga á réttarstöðu sakbornings. Ákvæði 37. gr. sml. ásamt ákvæðum fyrri laga um sama efni eru skoðuð ítarlega, gerð grein fyrir öllum breytingum á ákvæðunum og þeim sjónarmiðum sem lögð voru til grundvallar.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að í öðrum kafla verður farið yfir sögulega þróun sakamálaréttarfars á Íslandi. Því næst í þriðja kafla er umfjöllun um Mannréttindasáttmála Evrópu og sérstaklega skoðað ákvæði 6. gr. sáttmálans ásamt jafnræðisreglu og úrlausn Mannréttindadómstóls Evrópu³ þar sem reynir á viðfangsefnið. Um meginregluna um jafnræði málsaðila fyrir dómi er fjallað í fjórða kafla, með sérstaka áherslu á réttindi sakbornings til aðgangs að gögnum máls. Í fimmta kafla ritgerðarinnar er nákvæm yfirferð yfir ákvæði íslenskra laga er varða skyldu lögreglu og ákærvalds til þess að afhenda verjanda gögn máls. Reglan er skoðuð frá því hún birtist í fyrstu heildstæðu lögunum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Einnig er dómaframkvæmd Hæstaréttar skoðuð fram til dagsins í dag. Að lokum er ákvæði 37. gr. sml. borið saman við sambærileg ákvæði í dönskum og norskum lögum.

1.2 Hugtakanotkun

Áður en farið er í umfjöllun um efni ritgerðarinnar er rétt að gera grein fyrir helstu hugtökum sem notuð eru í ritgerðinni.

Aðilar að sakamáli eru lögreglan og ákærvald annarsvegar og sakborningur og verjandi hinsvegar. Við meðferð máls á rannsóknarstigi hefur *lögreglan* forræði málsins og stýrir rannsókninni. Á síðari stigum rannsóknar koma ákærendur að málinu og taka ákvörðun um framhald málsins, en þeir taka ákvörðun um hvort hætta skuli rannsókn og fella málið niður eða hvort sækja skuli sakborninginn til saka⁴. Þegar ákært hefur verið í sakamáli hefur ákærvaldið forræði málsins og sækir það fyrir dómstólum. *Ákærvald* er í höndum ríkissaksóknara og lögreglustjóra, en í umboði þeirra starfa vararíkissaksóknarar, aðstoðarlögreglustjórar, saksóknarar, aðstoðarsaksóknarar og saksóknarafulltrúar sem einnig hafa ákærvald.⁵ Sókn í sakamáli er því í höndum lögreglu og ákærvalds í sameiningu. Til varnar í sakamáli á rannsóknarstigi er sá aðili sem grunaður er um að hafa framið það lögbrot sem til rannsóknar er eða er grunaður um aðild að brotinu. Sá aðili er kallaður

³ Hér eftir MDE.

⁴ Sbr. 145. gr. sml.

⁵ Í ákvæði 18. gr. sml. er upptalning á því hverjir teljast til ákæranda, þar kemur fram að þeir séu ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og lögreglustjórar. Þegar þessi ritgerð er rituð hefur embætti héraðssaksóknara ekki verið stofnað, en í 1. ml. 1. mgr., 1. ml. 2. mgr. og í 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VII við sml. kemur fram að embætti héraðssaksóknara taka til starfa árið 2012.

sakborningur í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 en einnig hefur orðið *sökunautur* verið notað um þann sem borinn er sökum í sakamáli, m.a. í skrifum fræðimanna. Eftir að rannsókn er lokið og ákæra gefin út er sakborningurinn nefndur *ákærði*. Eftir að dómur er fallinn og ákærði hefur verið fundinn sekur þá er talað um hann sem hinn *dómfellda*.⁶

⁶ Eiríkur Tómasson, *Réttarstaða sakbornings og verjanda*. 2. útgáfa. Reykjavík 2009, bls. 1-2.

2 Söguleg þróun sakamálaréttarfars á Íslandi

2.1 Þróun sakamálaréttarfars á Íslandi

Sakamálaréttarfar á Íslandi á sér langa sögu. Allt frá þjóðveldisöld hafa mál verið rekin fyrir dómstólum en fyrst um sinn var enginn greinarmunur gerður á meðferð einkamála og meðferð sakamála.⁷ Réttarfarsreglur varða meðferð mála fyrir dómstólum en í núverandi mynd fjalla réttarfarsreglur sakamála um meðferð sakamála fyrir dómstólum og samkvæmt venju er einnig fjallað um rannsókn lögreglu og skipan og hlutverk ákærvaldsins.⁸ Einkamálaréttarfar varðar hinsvegar reglur um meðferð mála til úrlausnar um réttindi og skyldu milli manna eða lögpersóna, en einnig gagnvart ríkinu og öðrum opinberum aðilum.⁹

Á þjóðveldisöld var engin stofnun til í landinu sem höfðað gat mál í krafti almannavalds á hendur þeim sem sakaðir voru um refsiverða háttsemi.¹⁰ Í kjölfar þess að kristni var lögtekin hér á landi fékk kirkjan dómsveld í eigin málum og hafði kaþólska kirkjan nokkur áhrif á dómaframkvæmd. Það varð til þess að í lok 13. aldar tók íslenskt réttarfar á sig mynd rannsóknarréttarfars.¹¹ Rannsóknarréttarfar á rætur að rekja til kanónísks réttar rómversk-kaþólsku kirkjunnar þar sem megináhersla var lögð á að leiða hið sanna í ljós. Helstu einkenni þessarar tegundar sakamálaréttarfars eru að dómari er mjög virkur við rannsókn máls, hann hefur frumkvæði að rannsókninni og annast gagnaöflun. Í hreinræktaðri mynd rannsóknarréttarfars fer dómari jafnvel með ákærvald og dómsveld í málinu.¹² Þessi einkenni eru andstæð einkenna ákæruréttarfars að því leyti að í ákæruréttarfari er lögð áhersla á að dómari sé hlutlaus aðili sem hlýðir á málflutning sóknar og varnar. Aðkoma dómara í þeirri tegund sakamálaréttarfars hefst eftir útgáfu ákæru og hefur hann því ekki aðkomu að málinu á rannsóknarstigi. Hlutverk hans er að stjórna réttarhöldunum og leggja mat á sönnunargögn, auk þess sem hann þarf að vera óháður og óhlutdrægur. Þó getur þurft atbeina dómara til þess að afla úrskurða vegna rannsóknarathafna lögreglu, en sá dómari kemur ekki að málinu eftir ákæru.¹³

⁷ Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“. Tímarit lögfræðinga 1951, (2), bls. 77.

⁸ Stefán Már Stefánsson, „Um sönnun í sakamáli“. 4. ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík 2007, bls. 7.

⁹ Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar*, handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands, Reykjavík 1993, bls. 4.

¹⁰ Eiríkur Tómasson, Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?, Garðar Gíslason (ritstj.), *Líndæla. Afmælisrit helgað Sigurði Líndal í tilefni sjötugsafmælis hans 2. júlí 2001*, Reykjavík 2001, bls. 98.

¹¹ Sama heimild, bls. 102

¹² Jónatan Þórmundsson, „Ákæruréttarfar og rannsóknarréttarfar“, *Morgunblaðið*, 20. október 1987, bls. 32.

¹³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*, Reykjavík 1999, bls. 154

Ákæruéttarfar fellur betur að nútímahugmyndum um mannréttindi en rannsóknarréttarfar, enda er meginmarkmið þess fyrrnefnda að tryggja réttaröryggi sakbornings. Af þeim sökum hefur ákæruéttarfar leyst rannsóknarréttarfar af hólmi í flestum samfélögum sem það síðarnefnda hefur komið við sögu.¹⁴

2.2 Þróun réttarfarsreglna um meðferð sakamála á Íslandi

Á þjóðveldis öld var forræði mála, bæði í sakamálum sem og í einkamálum, á höndum einstaklinga. Það kom til með að breytast eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd árið 1262. Í kjölfar lögleiðingu Jónsbókar árið 1281 varð til eiginlegt framkvæmdarvald sem skipað var sýslumönnum konungs. Þeir fórum með forræði sakamála og sóttu menn til saka fyrir Lögréttu sem var æðsti dómstóll landsins, skipaður 36 dómurum undir forsæti tveggja lögmanna.¹⁵ Með norsku lögum Kristjáns V. frá 1732 var aðskilnaður á milli framkvæmdar- og dómsvalds afnuminn þegar sýslumenn urðu einnig dómarar í héraði í stað Lögréttu. Sýslumennirnir sáu bæði um að rannsaka mál og um að dæma í þeim. Dómstólaskipaninni var breytt árið 1800 og urðu dómstig þrjú. Fyrsta dómstig voru héraðsdómar skipaðir sýslumönnum, annað dómstig var í höndum nýskipaðs dómstóls Landsyfírréttar og var þriðja dómstig Hæstiréttur í Kaupmannahöfn. Það fyrirkomulag hélt velli til ársins 1920 þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður og tók hann við af bæði Hæstarétti í Kaupmannahöfn og Landsyfírrétti.

Verulega þótti skorta á heildstæða löggjöf um réttarfar á Íslandi í upphafi 20. aldar en með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði varð nokkur breyting þar á og samhliða þeirri vinnu fór fram gerð heildstæðra laga um meðferð sakamála. Það var þó ekki fyrr en á árinu 1951 sem fyrstu heildstæðu sakamálalög urðu til með lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951. Með tilkomu þeirra hófst þróun íslensks sakamálaréttarfars í átt að ákæruéttarfari. Með setningu laganna var dregið úr ákæruvaldi dómara og var ákvörðun um saksókn færð að mestu leyti til dómsmálaráðherra.¹⁶ Lögin tóku mörgum breytingum en með lögum nr. 57/1961 um meðferð opinberra mála var ákæruvaldið fært til saksóknara ríkisins. Árið 1976 var rannsóknarlögregla ríkisins sett á laggirnar með lögum nr. 108/1976 og tók hún við stjórn rannsókna sakamála sem áður voru í verkahring dómara rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Þrátt fyrir þessar breytingar bar sakamálaréttarfar hér á

¹⁴ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, 2. útgáfa. Reykjavík 2009, bls. 3.

¹⁵ Eiríkur Tómasson, *Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?*, bls. 103.

¹⁶ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 5.

landi þó nokkur einkenni rannsóknarréttarfars þar sem að sýslumenn á landsbyggðinni höfðu bæði ákærvald og dómvald.

Það var ekki fyrr en eftir setningu laga nr. 92/1989 sem fullkominn aðskilnaður varð á milli ákærvalds og dómvalds á Íslandi. Í kjölfar þess voru gefin út ný lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 þar sem gerður var skýr greinarmunur á rannsókn sakamáls og málsmeðferð fyrir dómi.¹⁷ Fjölmargar breytingar voru gerðar á lögum um meðferð opinberra mála á þeim árum sem þau voru í gildi en þær lutu einkum að því að aðlaga þau að kröfum um aukin réttindi sakborninga og brotþola. Áhrif lögleiðingar Mannréttindasáttmála Evrópu með lögum nr. 62/1994 voru greinileg á sviði sakamálaréttarfars enda kveðið á um skýr réttindi sakborninga í sáttmálanum. Nokkur umræða um réttindi sakbornings spratt upp í kjölfar lögleiðingar sáttmálans og var þar fjallað meðal annars um heimild verjanda til aðgangs að gögnum máls.¹⁸ Ákvæðum laga 19/1991 um aðgang verjanda að málgögnum var breytt tvívegis eftir að þau tóku fyrst gildi og var reglan birt í enn nýrri útgáfu við gildistöku nýrra heildstæðra laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 eru byggð á grunni laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.¹⁹ Lögin endurspeglu meginreglur sakamálaréttarfars sem eiga að tryggja sakborningum ákveðin réttindi sem eiga einnig stoð í stjórnarskránni²⁰ en einnig í MSE.²¹ Nánar verður fjallað um þau atriði síðar í ritgerð þessari en rétt þykir að víkja nú að umfjöllun um Mannréttindasáttmála Evrópu.

¹⁷ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 5.

¹⁸ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 06.05.2011].

¹⁹ Sama heimild

²⁰ Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944. Hér eftir: Stjórnarskráin.

²¹ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 2.

3 Mannréttindasáttmáli Evrópu

3.1 Almennt um Mannréttindasáttmála Evrópu

Þann 4. nóvember 1950 var samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis undirritaður og tók hann gildi þann 3. september sama ár.²² Frá þeim tíma hefur samningnum verið breytt ellefu sinnum og heitir hann í núverandi mynd Mannréttindasáttmáli Evrópu. Sáttmálinn kveður á um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi með það markmið að vernda einstaklinga gegn afskiptum ríkisvaldsins af högum þeirra.²³ MSE var fullgiltur af Íslands hálfu 19. júní 1953 og lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 25/1998. Á Íslandi er byggt á svokallaðri tvíeðliskenningu þegar rætt er um landsrétt og þjóðarétt. Með því er átt við að landsréttur og þjóðaréttur séu tvö aðskilin réttarkerfi og hafa því þjóðréttarsamningar ekki bindandi áhrif á íslenskan rétt fyrr en samningurinn hefur verið lögfestur hér á landi.²⁴ Ákvæði MSE kveða á um ákveðin lágmarksréttindi sem aðildarríki skulu tryggja, en í kjölfar lögleiðingar sáttmálans í íslensk lög með lögum nr. 62/1994 var ákvæðum stjórnarskrárinnar er vörðuðu mannréttindi breytt með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 með það að leiðarljósi að aðlaga mannréttindavernd stjórnarskrárinnar að ákvæðum MSE.²⁵ Úrlausnir eftirlitsstofnana MSE hafa ekki bindandi áhrif að íslenskum rétti sbr. 2. gr. laga nr. 62/1994 og geta ekki haggð gildi íslenskra laga eða dómsúrlausna.²⁶ Ákvæði 2. gr. laga nr. 62/1994 hljómar svo:

2. gr. Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.

Ákvæðið verður þó ekki til þess að úrlausnir MDE og Mannréttindanefndar Evrópu²⁷ hafi enga þýðingu í íslenskum rétti heldur ber íslenskum dómstólum að taka mið af skýringum stofnanna á ákvæðum MSE við úrlausnir sambærilegra mála.²⁸

3.2 Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

Réttur manns til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi sem tryggður er með ákvæði 6. gr. MSE er meðal hornsteina hvers réttarríkis og er álitinn teljast til sem grundvallar mannréttinda.

²² Dixon, Martin, *Textbook on International law*, New York 2007, bls. 353.

²³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 12.

²⁴ Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*, Reykjavík 1999, bls. 40-41.

²⁵ Alþingistíðindi, A-deild, 1994-1995, bls. 2073 og 2080.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Hér eftir MNE.

²⁸ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 16-17.

Ákvæðið hefur sérstöðu umfram önnur ákvæði sáttmálans, ekki aðeins vegna þess að réttindin þykja afar mikilvæg heldur einnig sökum þess að dómstólar hafa fjallað um þau í fjölda mála og ekki síst MDE sem fær fleiri kærur á grundvelli 6. gr. en nokkurs annars ákvæðis sáttmálans.²⁹ Mikilvægi greinarinnar er lýst í **dómi MDE, Perez v France**, þar sem MDE tók það fram að á sviði hvers lýðræðisríkis leiki réttur manns til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi svo viðamikili hlutverk að við beitingu 6. gr. MSE sé undir engum kringumstæðum réttlæt看legt að túlka greinina svo hún takmarki rétt manns.³⁰ Íslensk þýðing á frumtexta ákvæðisins er réttur til réttlátrar málsmeðferðar en á ensku er talað um „the right to a fair trial“ og á frönsku „droit á un procès équitable.“ Hugtakið vísar til réttlátrar málsmeðferðar í víðtækustum skilningi enda er markmið greinarinnar að tryggja réttlæti og réttaröryggi málsaðila við meðferð dómsmála jafnt í einkamálum sem í opinberum málum.³¹ Ákvæði 2. og 3. mgr. greinarinnar eiga þó einungis við um sakamál þar sem greinin tilgreinir hvern þann sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi. Í 2. mgr. er sökuðum manni gefinn sá réttur að hann eigi að teljast saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum en í 3. mgr. eru talin til réttindi sem talin eru vera lágmarksréttindi skv. greininni en er ekki tæmandi útlistun á þeirri vernd sem greinin veitir.³²

Ákvæði 6. gr. MSE er svohljóðandi:

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almennungi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.
2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.
3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:
 - a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
 - b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
 - c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt

²⁹ Harris, O'Boyle & Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, 2. útgáfa, Oxford 2009, bls. 201-202.

³⁰ Dómur MDE í máli Perez gegn Frakklandi, 12 febrúar 2004, mgr. 64: "the right to a fair trial holds so prominent a place in a democratic society that there can be no justification for interpreting Article 6 § 1 of the Convention restrictively"

³¹ Gaukur Jörundsson, „Um rétt manna samkvæmt 6. gr. MSE til að leggja mál fyrir óháðan og hlutlausan dómstól.“ Í Helgi Sigurðsson (ritstj.), *Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr í tilefni sjötugsafmælis hans 18. september 1989*. Reykjavík 1989, bls. 167.

³² Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 27.

vegna réttvísinnar.

d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.

e. Hann fái ókeypiss aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi felur í sér margskonar réttindi sakbornings eins og greinin ber með sér. Ein af meginreglum sakamálaréttarfars er reglan um jafnræði málsaðila, en á henni byggist heimild til aðgangs verjanda sakbornings að gögnum máls. Í ljósi þess þykir rétt að gera jafnræðisreglunni betri skil og verður það gert hér í næsta kafla.

3.3 Jafnræðisregla Mannréttindasáttmála Evrópu og aðgangur sakbornings að gögnum máls

Jafnræði málsaðila er afar mikilvægur þáttur í reglunni um réttláta málsmeðferð sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. MSE. Í dómi MDE í máli **Dombo Beheer B.V.**³³ kemur fram að hvor málsaðili skuli fá jafnt tækifæri til þess að færa fram sinn málsstað, þ.á.m. að færa fram sönnunargögn. Til þess að ákvarða hvort jafnræðis sé gætt er litið til þess hvort annar málsaðilinn sé nokkuð í mun lakari stöðu en andstæðingur hans. Í sakamálum er talið enn mikilvægara en í einkamálum að huga að reglunni um jafnræði málsaðila í ljósi grundvallar mismunar sóknar og varnar, þ.e. ákærvalds og einstaklings.³⁴ Sakborningi skal veittur hæfilegur frestur og aðstaða til að undirbúa málsvörn sína³⁵ en það eru réttindi sem ætlað er að stuðla að auknu jafnræði málsaðila, sbr. b-lið 3. mgr. 6. gr. MSE.³⁶ Með aðstöðu er átt við að sakborningur skuli hafa aðgang að verjanda og svigrúm til þess að ráðfæra sig við hann³⁷ í einrúmi³⁸, en einnig hafa aðgang að rannsóknargögnum málsins.

Meginreglan um jafnræði málsaðila felur í sér að aðilar máls skulu hafa sama aðgang að gögnum máls og öðrum skjölum, að minnsta kosti hafa aðgang að þeim gögnum sem

³³ Dómur MDE í máli **Dombo Beheer B.V.** frá 27. Október 1993, Series A. 273, gr. 33, bls. 19: „*that each party must be afforded a reasonable opportunity to present his case – including his evidence – under conditions that do not place him at a substantial disadvantage vis-à-vis his opponent.*“

³⁴ Dijk, P. van, *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*, 3. útgáfa, Hag, London og Boston 1998, bls. 430.

³⁵ H 23/1993. Verjandi sakbornings gögn málsins afhent við þingfestingu málsins. Hæstiréttur taldi það athugasavert á grundvelli þess að gæta þyrfti vandlega að því að aðilar væru sem jafnastir fyrir dómi.

³⁶ Eiríkur Tómasson, *Réttarstaða sakbornings og verjanda*, bls. 14.

³⁷ Dómur MDE í máli Campbell og Fell gegn Bretlandi frá 28. júní 1984, Series A. 80, gr. 99. (*Taldi MDE að brotið hafi verið gegn b-lið og c-lið þegar kærandi fékk ekki tækifæri á að ráðfæra sig við verjanda sinn áður en niðurstaða fékkst í máli hans þar sem hann var grunaður um að hafa valdið upphotum í fangelsi.*)

³⁸ Dómur MDE í máli Domenichini gegn Ítalíu, frá 15. Nóvember 1996: Repors of Judgements and Decisions, 1996-V, Vol 22, gr. 39. (*Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn b-lið 3. mgr. 6. gr. MSE þegar bréf gæsluvarðhalsfanga til verjanda hans voru ritskoðuð.*)

dómurinn byggir niðurstöðu sína á. Heimilt er þó að takmarka aðgang málsaðila að gögnum með því að verjandi sakbornings hafi einn heimild til að kynna sér gögnin. Meginreglan felur ekki í sér útfærslu á þeim máta sem viðhafa skal þegar þegar aðgangur að gögnum er veittur eða þau afhent, svo lengi sem aðferðin sem notuð er feli ekki í sér svo mikil óþægindi eða hindrun að hún teljist jafnast á við synjun afhendingar gagnanna.³⁹ Réttur málsaðila til aðgangs að gögnum á við bæði í einkamálum sem og í sakamálum, en ákvæði b- liðar 3. mgr. 6. gr. MSE felur í sér rétt manns sem borinn er sökum til þess að fá nægan tíma og aðstöðu til þess að undirbúa málsvörn sína. Ákvæðið felur í sér rétt sakbornings til að fá aðgang að gögnum máls sem lögð eru fram af ákærvaldinu í dómi. Í **dómi MDE Rowe og Davis gegn Bretlandi**⁴⁰ reyndi á ákvæðin þegar verjendum sakborninganna var ekki veittur aðgangur að skjali sem innihélt upplýsingar sem varðaði málið beint. Verður nú vikið að umræddum dómi.

3.3.1 Málsatvik í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi

Í desember árið 1988 í Surrey í Bretlandi réðust þrír grímuklæddir menn á tvo menn sem sátu í bifreið á fáförnum stað nærri London með svo alvarlegu ofbeldi að annað fórnarlambanna lét lífið í árásinni. Í kjölfar árásarinnar stálu árásarmennirnir bifreið þess látna og óku henni að einkaheimili fólks þar sem þeir réðust til inngöngu vopnaðir skotvopni og hníf. Þar rændu þeir skartgripum og veittu einum íbúanna alvarlega áverka með hnífnum og stálu svo bíl fórnarlambansins. Nokkrum klukkustundum síðar réðust þeir til inngöngu inn á annað heimili þar sem þeir bundu íbúana og stálu skartgripum og bifreið. Fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um atburðina og var hverjum þeim sem veitti upplýsingar sem leiddu til þess að málið yrði upplýst lofað 25.000 pundum í verðlaun. Skömmu síðar í sama mánuði bárust upplýsingar til lögreglu um að gerendur í málinu byggju í tilgreindri íbúð í London. Í kjölfar þess framkvæmda lögreglan húsleit í íbúðinni og lagði hald á hluta þýfisins og jakka sem var ataður blóði. Íbúar íbúðarinnar Rowe og Davis voru handteknir og framvísaði kærasta Rowe til lögreglu skartgripum sem hann hafði gefið henni en voru þýfi úr ránunum. Í sama hífýli áttu afdrep aðrir þekktir afbrotamenn sem gengu undir nafninu „the Jobbins group“, þ.e. Jobbins, Duncan og Griffin. Jobbins og Griffin voru einnig handteknir grunaðir um aðild að málinu. Tveimur vikum síðar var annar maður, Johnson, handtekinn með skotvopni í fórum sér og var hann grunaður um aðild að málinu en hann mun hafa verið staddur í íbúð Rowe og Davis nóttina þegar brotin voru framin. Rowe, Davis og Johnson voru ákærðir fyrir manndráp,

³⁹ Dijk, P. van, *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights* bls. 430-431.

⁴⁰ Dómur MDE í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi frá 16. febrúar 2000. Aðgengilegur á www.echr.coe.int.

vopnað rán og meiriháttar líkamsmeiðingar. Þeir voru fundnir sekir um að hafa framið brotin af kviðdómi í sakamáladómstól á lægra dómstigi árið 1990 og dæmdir í lífstíðar fangelsi fyrir brot sín. Þeir áfrýjuðu dómnum og lagði þá ákærvaldið fram skjal sem sakborningarnir fengu ekki að kynna sér. Áfrýjunardómstóllinn heimilaði sakborningunum ekki að kynna sér innihald skjalsins og vísaði áfrýjun þeirra frá dómi. Árið 1997 var málið tekið til skoðunar hjá „sakamálanefnd“⁴¹ og var þá upplýst um að skjalið innihéldi upplýsingar um það að einn aðili í „The Jobbins group“, Duncan, væri uppljóstrari fyrir lögregluþyriföld og hafði starfað sem slíkur í langan tíma. Hann hafði fengið greidd 10.000 pund fyrir að aðstoða lögreglu við að upplýsa málið og var sleppt við saksókn. Þeir dæmdu kærðu málið til MNE á grundvelli þess að þeir hefðu ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi. MNE vísaði málinu til MDE og kvað nefndin að ákvörðun ákærvaldsins um að upplýsa ekki um aðkomu Duncans að málinu hefði grafið undan rétti sakborninganna til þess að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi á grundvelli 1. mgr. 6. gr. MSE, sbr. b-lið 3. mgr. 6. gr. MSE.

3.3.2 Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu

Dómstóllinn tók það fram að ákvæði 3. mgr. 6. gr. MSE fæli í sér sérgreinda þætti sem féllu undir réttláta málsmeðferð fyrir dómi sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE. Í ljósi þess skyldi dómurinn ekki einblína á þá þætti heldur meta heildstætt hvort brotið hefði verið gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Grundvallar þáttur í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi væri að andstæðingarnir, þ.e. ákærvaldið og vörnin væru sem jafnast sett. Til þess að ná því marki þyrftu báðir aðilar að hafa jafnt tækifæri til þess að kynna sér og tjá sig um skráðar athugasemdir og önnur sönnunargögn andstæðings síns. Dómurinn tók það fram að ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE legði skyldu á ákærvaldið að upplýsa verjanda sakbornings um tilvist allra áþreifanlegra sönnunargagna sem það hefði í vörslum sínum, hvort sem þau kæmu sakborningunum vel eða illa í málinu. Reglan væri þó ekki undantekningalaus í ljósi þess að sú staða gæti komið upp í sakamáli að vega þyrfti saman andstæða hagsmuni. Hagsmuni sakbornings þyrfti að vega á mót t.d. öryggi ríkisins, öryggi vitnis sem leggur sig í hættu á hefndaraðgerð fyrir vitnisburð sinn eða leynilegar starfsaðferðir lögreglu við rannsóknir sakamála. Í slíkum tilvikum taldi dómurinn að það gæti verið réttlætlegt að synja verjanda sakbornings um aðgang að ákveðnum gögnum til þess að vernda grundvallarréttindi annars

⁴¹ Sakamálanefnd hér er þýðing á criminal case review commission. Nefndin hefur það hlutverk að lögum að taka til skoðunar sakamál þar sem grunur leikur á að réttlát niðurstaða hafi ekki fengist. Nefndin metur hvort áfrýjunardómstóll fari yfir málið að nýju. Upplýsingar um nefndina er að finna á slóðinni: <http://www.crc.gov.uk/> [Sótt á netið þann 2. maí 2011]

einstaklings eða mikilvæga almanna hagsmuni. Til þess að réttlætanlegt sé að skerða réttindi sakbornings sem tryggð eru í ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE með þessum hætti þarf að liggja fyrir alger nauðsyn sem sé vegin og metin af dómstólum. MDE tók fram að það væri ekki í hlutverki dómsins að endurskoða mat þess dómstóls sem heimilaði skerðingu réttindanna, heldur að leggja mat á ferlið sem lagt var til grundallar ákvörðunarinnar. Við slíkt mat væri skoðað hvort málsaðilar hafi notið eins mikils jafnræðis og kostur var og hvort staðið hafi verið vörð um hagsmuni sakbornings með einhverjum hætti.

Við meðferð þessa máls á fyrsta dómstigi hafi ákærvaldið kosið að halda ákveðnum gögnum sem sannanlegt erindi áttu inn í málið, leyndum bæði fyrir dómnum og fyrir vörninni. Dómurinn taldi verklag sem lýsir sér í því að ákærvaldið leggi sjálf mat á nauðsyn þess að halda gögnum leyndum teljist ekki uppfylla kröfur 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Dómurinn taldi þó rétt að nefna að ákærvaldið hafi kynnt vörninni tilvist gagnanna þegar málinu var áfrýjað, hinsvegar hafi ákærvaldið ekki upplýst um hverskonar gögn væri að ræða. Áfrýjunardómstóllinn hafi tvívegis haldið þinghöld þar sem ákærvaldinu gafst tækifæri til að fjalla um gögnin í fjarveru varnarinnar. Í kjölfar þessara þinghalda hafi áfrýjunardómstóllinn fallist á kröfu ákærvaldsins um að gögnunum skyldi haldið leyndum fyrir vörninni. MDE taldi að þrátt fyrir að á þessu stigi hefði dómstóll lagt mat á nauðsyn þess að halda gögnunum leyndum fyrir vörninni væri það eitt og sér ekki fullnægjandi leið til þess að bæta úr óréttlátri meðferð málsins á fyrsta dómstigi. Til þess að hagsmunum sakborninganna hefði verið gætt með fullnægjandi hætti hefði dómurinn á fyrsta dómstigi þurft að hafa vitneskju um gögnin og getað lagt mat á nauðsyn þess að halda þeim leyndum fyrir vörninni, ekki einungis við upphaf málsins heldur við málsmeðferðina í heild sinni. Með því hefði dómurinn getað metið vitnisburð vitna og innihald annarra gagna með vitneskju um hin leyndu gögn. Dómari áfrýjunardómstólsins hafi hinsvegar þurft að leggja mat á þessi atriði eftir á og taldi MDE að vitneskja hans um að kviðdómur á lægra dómstigi hafi metið sakborningana seka gæti haft áhrif á mat hans. Niðurstaða MDE í málinu var því sú að ákvörðun ákærvaldsins um að leggja gögnin ekki fyrir dómara á fyrsta dómstigi og gera honum þannig kleift að leggja mat á nauðsyn þess að halda þeim leyndum fyrir vörninni, orsakaði að ákærðu fengu ekki að njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE.

3.3.3 Ályktun af dómi í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi

Af dómi MDE í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi má sjá að meginreglan sé sú að verjandi sakbornings skuli fá vitneskju um fyrirbyggjandi gögn sem varða skjólstæðing hans og skal hann fá aðgang til þess að kynna sér gögnin. Reglan sé þó ekki án undantekninga því heimilt sé að synja verjanda og þar með sakborningi um aðgang að gögnum þó þau varði hann, skarist hagsmunir sakborningsins við lögmæta hagsmuni annars aðila, hvort það séu hagsmunir einstaklings eða ríkis. Hagsmunirnir þurfi að vera ríkir til þess að það skapist slík nauðsyn að heimilt sé að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum. MDE lítur svo á einungis sé hægt að skerða réttindi sakbornings með þessum hætti liggi fyrir ferli þar sem lagt sé mat á nauðsyn þess að synja verjanda um aðgang að gögnum. Slíkt mat geti einungis farið fram fyrir dómi og skal það gert strax á fyrsta dómstigi. Ekki sé nægilegt að ákærvaldið leggi sjálft mat á nauðsyn þess að halda gögnum leyndum eða það gert hjá áfrýjunardómstól. Ef farið er eftir þessu ferli sé hægt að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum án þess að synjunin brjóti gegn réttindum sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE.

4 Meginreglan um jafnræði málsaðila

4.1 Misjöfn staða málsaðila

Í réttarfari eru engar algildar meginreglur um meðferð dómsmála, hvorki í sakamálum né í einkamálum. Reglurnar eru breytilegar og mótast af þjóðfélagsháttum og viðhorfum almennings hverju sinni.⁴² Meginreglur sakamálaréttarfars hafa í tímans rás breyst mun meira en meginreglur einkamálaréttarfars enda er sakamálaréttarfar ólíkt einkamálaréttarfari að því leyti að í eðli sínu eru málsaðilarnir ekki jafningjar. Í einkamálaréttarfari eru tveir einstaklingar eða félög sem eru líklegri til að hafa jöfn tækifæri á að sækja eða verjast málsóknum. Í sakamálum fer ákærvaldið með forræði máls fyrir hönd ríkisins sem hefur því yfirburði yfir einstaklingi sem hefur mögulega, hvorki þekkingu né fjárhagslegt bolmagn til þess að verjast slíkri sókn.⁴³ Oft á tíðum er ákærði utangarðs í samfélaginu vegna bágrar aðstöðu sinnar. Í réttarríki er mikilvægt að lögum landsins sé framfylgt og má því ekki hefta störf lögreglu og ákærvalds að svo miklu leyti að ekki náist að hafa hendur í hári þeirra sem fremja lögbrot. Því skarast hagsmunir einstaklinga sem bornir eru sökum og samfélagsins sem gerir kröfu um að þeir sem gerist sekir við lög sæti refsingu. Reglur sakamálaréttarfars snúast að miklu leyti um að jafna hlut aðila sakamáls, tryggja ákærða ákveðin réttindi og koma í veg fyrir að saklaus maður verði dæmdur sekur.⁴⁴ Í samræmi við það er rétt að fjalla um meginregluna um jafnræði málsaðila sakamáls enda felur hún í sér rétt sakbornings til aðgangs að málgögnum og kasta ljósi á beitingu íslenskra dómstóla á meginregluna. Einnig er rétt að fjalla um aðrar reglur sem falla undir jafnræðisregluna, þ.e. rétt sakbornings til að vera viðstaddur þinghöld og rétt hans til að tjá sig um sakarefnið, rétt sakbornings til að afla gagna og leiða og spyrja vitni.

4.2 Reglan um jafnræði málsaðila fyrir dómi

Jafnræði málsaðila er ein af meginreglum sakamálaréttarfars. Reglunni er ætlað að jafna stöðu málsaðila í sakamáli í réttarfarslegu tilliti eins og hægt er. Sakborningum gefst þá betra tækifæri á að halda uppi vörnum fyrir dómstólum og á reglan rætur sínar að rekja til 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar sbr. 1. og 3. mgr. 6. gr. MSE. Á ensku hefur þessi regla verið nefnd „equality of arms“ og vísar til þess að andstæðingar séu jafnvígir þegar þeir mætast. Reglan er talin vera afar mikilvægur þáttur í réttindum sakborninga til að hljóta réttláta málsmeðferð

⁴² Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, bls. 1.

⁴³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 73.

⁴⁴ Eiríkur Tómasson, „Allt orkar tvímælis, þá gjört er“, svar við grein Hrafns Bragasonar í afmælisriti Þórs Vilhjálmssonar. Úlfjótur, 4. h. 50. árg. 2000, bls. 626.

fyrir dómi.⁴⁵ Meginreglan tryggir ákveðin réttindi og snúa þau að því að báðum aðilum er heimilt að vera viðstaddir þinghöld sbr. 3. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 166. gr. sml. Báðir málsaðilar hafa jafnan rétt á því að kynna sér öll gögn málsins, sbr. 37. gr. sml. og hafa einnig heimild til að tjá sig um sakarefnið skv. m.a. 1. mgr. 163. gr. og 2. og 3. mgr. 166. gr. sml. Í **dómi Hæstaréttar í máli nr. 382/1995** reyndi á jafnræðisregluna þegar vitni í máli óskaði eftir aðgangi að gögnum máls og bar fyrir sig regluna um jafnræði málsaðila fyrir dómi. Þá voru í gildi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og var kveðið á um rétt sakbornings til aðgangs að gögnum máls í 43. gr. þeirra laga. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að vitnið sem hafði lagt fram kröfuna ætti ekki rétt á gögnum málsins á grundvelli 43. gr. laganna enda kvæði hún á um rétt sakbornings en ekki vitnis til aðgangs að gögnum máls. Réttur málsaðila fyrir dómi næði því ekki svo langt að leggja skyldu á ákærvaldið til að afhenda vitnum gögn málsins enda væri reglan til þess að jafna stöðu á milli sakbornings og ákærvalds.⁴⁶ Í niðurstöðu sinni kom eftirfarandi fram um reglu um jafnræði málsaðila:

Í VI. kafla laga nr. 19/1991 er fjallað um sakborning og verjanda hans. Meðal þeirra reglna, er lúta að réttarstöðu sakbornings, er ákvæði 1. mgr. 43. gr., en samkvæmt því skal verjandi hans, jafnskjótt og unnt er, fá til afnota endurrit af öllum skjölum, sem málið varða. Þessi regla er þáttur í því jafnræði milli aðila máls, sem leitast er við að tryggja með lögnum.⁴⁷

Í **dómi Hæstaréttar nr. 468/1996** reyndi á 43. gr. laga nr. 19/1991 en málið rataði inn á borð Hæstaréttar til úrskurðar eftir að bæði ákærvaldið og verjandi sakbornings gerðu kröfu um að héraðsdómari viki sæti á grundvelli vanhæfis í máli sem ákært hafði verið í. Málsatvik voru þau að sakamál var höfðað gegn lögfræðingi sem var gert að sök að hafa í opinberu starfi hjá Húsnæðisstofnun ríkisins dregið að sér fé, framið umboðssvik og skjalafals. Sakamálið var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 10. desember 1996. Sama dag var rannsóknarlögreglu ríkisins falin sókn málsins sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Héraðsdómarinn sem hafði málið til úrlausnar hafði sama dag símasamband við Rannsóknarlögreglu ríkisins þar sem fram kom að hann hugðist þingfesta málið fjórum dögum síðar, þann 16. desember. Verjandi sakborningsins hafði samband við dómarann þann 11. desember og gerði honum grein fyrir því að hann hefði fengið málið í sínar hendur og myndi sjá um vörn sakborningsins í málinu. Verjandanum og dómáranum bar ekki saman hvað fór fram í samtalinu varðandi ákvörðun um dagsetningu fyrir aðalmeðferð málsins en í kröfu sinni fyrir Hæstarétti lýsti verjandinn því svo að héraðsdómarinn hefði tilkynnt sér í símtalinu þann 11. desember að aðalmeðferð færi fram þann 20. desember nk. Verjandinn

⁴⁵ Dijk, P., van: *Theory and practice of the European Convention on Human Rights*, bls. 430.

⁴⁶ Nánar er gerð grein fyrir dómnum í kafla 5.5.1 hér á eftir.

⁴⁷ Úr niðurstöðum dóms Hæstaréttar í máli Agnesar Bragadóttur nr. 382/1995

kvaðst hafa mótmælt þessu fyrirkomulagi enda gæfist honum á svo skömmum tíma ekki tækifæri til að undirbúa vörn í málinu, hvorki með tilliti til gagnaöflunar eða að kynna sér málið til hlítar sem væri sérstaklega umfangsmikið og flókið. Afstaða dómarsins var sú að hann hefði ekki með þeim hætti sem verjandinn kvað á um hafa verið búinn að ákveða þessa dagsetningu fyrir aðalmeðferð heldur borið hana upp sem mögulega dagsetningu sem kæmi til greina ef vilji væri til. Óumdeilt er að við þingfestingu málsins þann 16. desember 1996 lýsti dómariinn skoðun sinni á því að hann teldi ekki þörf á víðtækri gagnaöflun og að hún þyrfti ekki að taka lengri tíma en til 20. desember. Dómariinn tók það fram að eftir að hafa kynnt sér gögn málsins þá sæi hann ekki þörf á frekari gagnaöflun að undanskyldri öflun starfskjarasamnings ákærða. Dómariinn lét það fylgja að ef verjandinn gæti ekki útvegað þann samning á einni viku þá myndi hann efast um hæfi hans til starfans.

Verjandinn taldi felast í þessum yfirlýsingum að dómariinn væri búinn að gera upp hug sinn um sekt ákærða áður en flutningur hæfist. Þessu til stuðnings sagði verjandinn að dómariinn hefði í samtali við sig í raun lýst yfir sekt ákærða þegar hann sagðist vera tilbúinn að kveða upp dóm hratt í þessu máli. Héraðsdómariinn vísaði þessari fullyrðingu verjandans á bug og kvaðst hafa með þessu orðalagi átt við að miðað við málalíbúnaðinn sæi hann enga vankanta á því að málið gæti verið dómtekið fljótt.

Niðurstaða Hæstaréttar var tvískipt. Í fyrsta lagi taldi dómurinn að héraðsdómariinn væri ekki vanhæfur til að dæma í málinu og féllst ekki á kröfu málsaðila um að hann þyrfti að víkja sæti í málinu. Hinsvegar taldi Hæstiréttur að miðað við það sem lægi fyrir um það svigrúm sem héraðsdómariinn ætlaði vörninni til að undirbúa málsvörn sakborningsins væri um vítaverða annmarka að ræða. Með því að marka svo skamman frest væri héraðsdómariinn að brjóta gegn lokamálslið 2. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991⁴⁸ þar sem kveðið er á um að dómari skuli ákveða þing til aðalmeðferðar eftir að aðilar hafa lýst lokinn öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Hæstiréttur vísaði í þessu samhengi einnig til b-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE⁴⁹ sem tryggir rétt sakbornings til þess að fá nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.

Á grundvelli þess sem hér hefur komið fram þykir ljóst að reglan um jafnræði málsaðila er afar mikilvægur þáttur í reglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Af dómum Hæstaréttar og MDE má draga þá ályktun að við mat á því hvort sakborningur hafi notið

⁴⁸ Lokamálsliður 2. mgr. 128. gr. laga nr. 19/1991: “*Að jafnaði skal dómari ekki ákveða þing til aðalmeðferðar máls fyrr en aðilar hafa lýst lokið öflun skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna.*”

⁴⁹ b-liður 3. mgr. 6. gr. MSE: “*b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.*”

jafnræðis og þannig notið réttlátrar málsmeðferðar líti dómstólar sérstaklega til þess hvort sakborningur hafi haft nægilegt aðgengi að málgöngum til þess að undirbúa málsvörn sína.

4.2.1 Réttur sakbornings til að vera viðstaddur þinghöld og réttur hans til að tjá sig um sakarefnið

Sakborningi er heimilt að vera viðstaddur aðalmeðferð máls enda er það tryggt með 1. mgr. 166. gr. sml. Sakborningi er einnig heimilt að tjá sig um sakarefnið kjósi hann svo og færa þannig sín sjónarmið fram eða andmæla málatilbúnaði ákærvaldsins sbr. 1. mgr. 163. gr. og 2. og 3. mgr. 166. gr. sml. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð hefur verið skýrt svo að jafnræði málsaðila felist í því að báðir aðilar hafi heimild til að tjá sig um málsatvik sem dómur styðst við við úrlausn máls.⁵⁰ Án slíkra heimilda gæti sakborningur ekki notið annarra þeirra réttinda sem meginreglan um jafnræði málsaðila er ætlað að tryggja, t.d. rétt sakbornings til að halda sjálfur uppi vörnum í máli, sbr. 29. gr. sml.⁵¹ Í máli fyrir **MDE, Colozza gegn Ítalíu**⁵², kom fram að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE þegar dómstóll kvað upp dóm á hendur ákærða, Colozza, án þess að honum hafi verið gefið tækifæri á að vera viðstaddur réttarhöldin. Colozza hafði ekki verið boðaður til réttarhaldanna en ástæða þess var sú að yfirvöld héldu að Colozza hefði flúið úr landi eða væri í felum fyrir yfirvöldum. MDE áréttaði í niðurstöðu sinni í málinu að það væri meginregla að sakborningi væri gefinn kostur á að vera viðstaddur réttarhöld í máli sem höfðað hefði verið honum á hendur. Einnig kom það fram í niðurstöðu MDE að ekki væri hægt að leggja þá kröfu á hendur sakborningi að hann færi fram ástæður fyrir fjarveru sinni sem teldust lögmætar enda væri það brot á 1. mgr. 6. gr. MSE. Dómurinn bætti því við að réttur sakbornings til að vera viðstaddur sé ekki án undantekninga heldur að það geti komið upp aðstæður sem séu óumflýjanlegar, t.d. að sakborningurinn sé svo sjúkur að hann geti ekki sótt þing. Þó megi ekki vera möguleiki á því að sakborningar geti komist hjá því að vera sóttir til saka með því að fela sig eða flýja úr landi.

Eðlilegt er að gerðar séu strangar kröfur til yfirvalda um að sakborningur sé boðaður með sannanlegum hætti og það sé gert með hæfilegum fyrirvara. Verjandi hans verður að hafa möguleika á að sækja þing geti sakborningurinn ekki sjálfur sótt þing eða kjósi hann að gera það ekki.⁵³ Réttur sakborningsins nær því til þess að fá tækifæri til að vera viðstaddur

⁵⁰ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 81.

⁵¹ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 74.

⁵² Dómur MDE í máli Colozza gegn Ítalíu frá 12. Febrúar 1985, Series A. 89, mgr. 31-32

⁵³ Aall, Jörgen, *Rettergang og menneskerettigheter*, Bergen 1996, bls. 207-8.

þinghöld í málinu þar sem honum gefst kostur á að koma sínum sjónarmiðum eða ástæðum á framfæri kjósi hann það. Hins vegar nær réttur sakbornings ekki svo langt að hann geti beitt sér með sama hætti til þess að hafa áhrif á málið á rannsóknarstigi þess. Á það reyndi í **dómi Hæstaréttar nr. 59/2006** og var niðurstaða Hæstaréttar eftirfarandi:

Í lögum nr. 19/1991 er gert ráð fyrir því sem meginreglu að sakborningur eigi þess kost að sækja dómþing í eigin máli eftir að ákæra er gefin út, sbr. til dæmis 4. mgr. 129. gr. laganna. Í lögum nr. 19/1991 er hins vegar, að því leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir á annan veg, almennt ekki gert ráð fyrir að grunuðum manni eða þeim sem á þá hagsmuni sem rannsókn beinist að sé gefinn kostur á að láta mál til sín taka meðan það er til rannsóknar. Regla þess efnis verður hvorki leidd af 70. gr. stjórnarskrár né 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Er það ekki á valdsviði dómstóla að leiða slíka reglu í lög.

Þrátt fyrir að meginreglan sé sú að sakborningi sé heimilt að vera viðstaddur þinghöld í máli sem höfðað hefur verið á hendur honum getur dómari þó vikið sakborningi úr þinghaldi á meðan skýrsla er tekin af vitni sé þess krafist á grundvelli 1. mgr. 123. gr. sml., sbr. 166. gr. sml. Á þessa undantekningu hefur reynt fyrir dómstólum, almennt í málum þar sem ákært er fyrir kynferðisbrot en einnig hefur dómari fallist á að sakborningar víki af þinghaldi í máli er varðar hótanir.⁵⁴ Í **dómi Hæstaréttar nr. 449/1997** komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að heimilt væri að vísa ákærða úr þinghaldi þar sem nærvera hans gæti haft áhrif á vitnisburð fórnarlambis ætlaðs kynferðisofbeldis enda hafði sakborningurinn tækifæri til þess að hlýða á framburð vitnisins og leggja fyrir það spurningar í gegnum verjanda sinn. Þar kom eftirfarandi fram:

Við skýringu þessa ákvæðis verður að taka tillit til þess, að ákærður maður nýtur þess grundvallarréttar samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, að mál hans verði að hljóta réttláta meðferð fyrir dómi. Í því felst meðal annars, að honum verður að meginreglu að gefast kostur á að vera staddur við þinghöld í máli sínu, þar á meðal til að hlýða á og taka afstöðu til sönnunarfærslu, láta leggja spurningar fyrir þá, sem gefa skýrslu fyrir dómi, og taka þannig þátt í málsvörn sinni. Verður í þessum efnum einnig að líta til ákvæða 1. mgr. og d-liðar 3. mgr. 6. gr. sammings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. ...

Unnt er að gæta brynustu hagsmuna varnaraðila af þátttöku í málsmeðferð með því, að verjandi hans leggi spurningar fyrir vitnið og gefi varnaraðila auk þess kost á að hlýða annars staðar jafnharðan á framburð vitnisins eða kynna sér framburðinn þegar að skýrslugjöf lokinni og láta vitnið koma aftur fyrir dóm við aðalmeðferð til að svara frekari spurningum frá verjanda eftir óskum varnaraðila.

4.2.2 Réttur málsaðila til að afla gagna, leiða og spyrja vitni

Réttur sakbornings til að leggja spurningar fyrir vitni sem leidd eru fyrir dóm í máli sem höfðað hefur verið gegn honum er tryggður í d-lið 3. mgr. 6. gr. MSE. Einnig er sakborningi

⁵⁴ Héraðsdómur Reykjavíkur. E- 175/2011.

heimilt samkvæmt sömu heimild að láta leiða vitni fyrir dóm sem hann telur að geti kastað ljósi á málsatvik eða á annan hátt gefið vitnisburð sem honum er hagstæður í málinu og að þau séu spurð með sama hætti og önnur vitni. Ekki er þó talið að reglan ná til þess að afla sérfræðivitna t.d. dómskvadda matsmenn.⁵⁵ Meginreglan um jafnræði málsaðila nær ekki til þess að sakborningur sem sér um eigin málsvörn spyrji vitni sjálfur. Sú takmörkun meginreglunnar sést glögglega í **dómi Hæstaréttar í máli nr. 263/1995** en þar fjallaði Hæstiréttur um mál manns sem sakfelldur var í héraði fyrir brot á lögum um virðisaukaskatt. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms varðandi sakfellingu hins dómfellda. Dómurinn benti hinsvegar á þá staðreynd að við meðferð málsins fyrir héraðsdómi var ákærða sem flutti mál sitt sjálfur heimilað að leggja spurningar fyrir vitnin milliliðalaust. Hæstiréttur benti á að 2. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála gerði ekki ráð fyrir því heldur væri ákærða rétt að beina spurningum sínum til dómarans sem myndi leggja þær fyrir vitni. Í dómnum kom eftirfarandi fram:

Það athugast, að við skýrslutöku í héraðsdómi 7. apríl 1995 var ákærða, sem flutti mál sitt sjálfur, heimilað að spyrja vitni beint. Ekki er gert ráð fyrir slíku í 2. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991. Hefði ákærði átt að beina spurningum sínum til dómara, sem hefði lagað þær og beint þeim til vitna.⁵⁶

⁵⁵ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 83.

⁵⁶ Úr dómi H 263/1995, 6. mgr.

5 Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum máls

5.1 Almennt um rétt sakbornings til aðgangs að gögnum máls

Réttindi sakbornings til aðgangs að málgögnum eru afar þýðingarmikil réttindi sem varin eru af 6. gr. MSE og er þáttur í meginreglunni um jafnræði málsaðila fyrir dómi sem er ein af meginreglum sakamálaréttarfars.⁵⁷ Réttindin snúa að því að sakborningur hafi aðgang að öllum gögnum málsins jafnt á við ákærvaldið. Með reglunni er verjanda veitt heimild að fá afrit af öllum skjölum málsins er varða skjólstæðing hans svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu sbr. 37. gr. sml. Ákvæði 6. gr. MSE tekur jafnt til sakamála sem einkamála.⁵⁸ Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum hefur stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og er útfærður í 37. gr. sml. Tilgangur reglunnar er að færa málsaðila í sem jafnasta stöðu fyrir dómi og reyna að treysta stöðu sakbornings í réttarfarslegu tilliti sem annars væri vanmáttugur andspænis ákærvaldinu. Reglan er afar mikilvægur þáttur í réttindum sakborninga til að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi sem tryggð eru með 1. mgr. 6. gr. MSE.⁵⁹ Hæstiréttur hefur kveðið á um mikilvægi reglunnar í dómum sínum. Í **dómi Hæstaréttar nr. 23/1993** fjallaði Hæstiréttur um mál manns sem ákærður var fyrir brennu og stórfelld eignaspjöll. Verjandi sakborningsins krafðist þess fyrir Hæstarétti að sækjandi málsins viki sæti en gerði einnig athugasemdir við að hann hefði fyrst fengið aðgang að gögnum málsins þegar hann mætti í þinghald. Þrátt fyrir að hafa gert athugasemdir við héraðsdómarann um að hann gæti illa haldið uppi vörnum fyrir skjólstæðing sinn án þess að hafa haft tíma til að kynna sér málgögnin var þinghaldinu fram haldið. Við þessi vinnubrögð Héraðsdóms gerði Hæstiréttur eftirfarandi athugasemd í niðurlagi úrskurðarorða sínum:

Í endurriti þinghalds 11. janúar 1993 kemur fram að verjanda ákærða voru fyrst afhent gögn málsins, þá er hann mætti til þinghaldsins. Þrátt fyrir þetta var þinghaldinu fram haldið, án þess að verjanda væri gefinn kostur á að fá frest til að kynna sér gögnin, en mál þetta er umfangsmikið. Er þetta athugavert, enda ber að gæta þess vandlega, að aðilar séu sem jafnast settir fyrir dómi.⁶⁰

Réttur sakbornings til að kynna sér málgögn hefur tekið miklum breytingum frá fyrstu tíð sakamálaréttarfars á Íslandi, en réttarstaða sakbornings fór fyrst að skýrast með tilkomu fyrstu

⁵⁷ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 79.

⁵⁸ Dijk, P. van, *Theory and practice of the European Convention on Human Rights*, bls. 430

⁵⁹ Sama heimild.

⁶⁰ Rétt er að geta þess að þegar dómurinn var kveðinn upp voru í gildi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Réttur verjanda til aðgangs að gögnum máls var í 43. gr. laganna og var ekki kveðið á um ákveðin tímafrest fyrir lögreglu til að halda gögnum. Nánar er fjallað ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 og breytingar á ákvæðinu síðar í ritgerðinni.

heildstæðu laga á réttarsviðinu nr. 27/1951. Þykir því rétt að hefja umfjöllun um réttindi sakbornings að gögnum máls á því að fara yfir aðdraganda setningu þeirra laga áður en lengra er haldið.

5.2 Aðdragandi setningu laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála

Aðdragandi þess að lög um meðferð opinberra mála voru lögfest var sá að það vantaði verulega samræmda löggjöf á sviði opinberra mála og var löggjöfin ekki öll birt á íslenskri tungu. Töldu sumir fræðimenn að réttarsviðið væri allt í molum og að mörg laganna sem væru „á hneykslanlega ljótu máli þó íslenskt ætti að heita“.⁶¹ Löggjöf um meðferð einkamála var einnig talin takmörkum háð og var lögð vinna í samræmingu og endurnýjun á löggjöfinni á árunum 1930 til 1940 og varð að veruleika með lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Samhliða þeirri vinnu var unnið að frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála sem varð þó ekki að lögum. Um mitt ár 1947 var skipuð nefnd af hálfu dómsmálaráðherra til þess að rita frumvarp um meðferð opinberra mála. Við þá vinnu hafði nefndin eldra frumvarpið til hliðsjónar og lauk verkinu haustið 1948. Það ár var frumvarpið lagt fyrir alþingi en það varð ekki að lögum enda óx það þingmönnum í augum að hrinda þeim réttarumbótum í framkvæmd sökum kostnaðar sem þær myndu kalla á.⁶² Réttarumbæturnar voru að skipa átti saksóknara ríkisins, sakadómarar í Reykjavík yrðu þrír og að skipaður yrði saksóknarastjóri í Reykjavík. Til þess að frumvarpið hlyti hylli þingheims þá voru þessar réttarumbætur fjarlægðar úr frumvarpinu árið 1950 og hlaut frumvarpið samþykki í upphafi árs 1951 og varð að lögum nr. 27/1951. Þegar lögin tóku gildi 1. júlí 1951 var ljóst að ekki hafði tekist að færa íslenskt réttarfar úr fari rannsóknarréttarfars yfir í ákæruréttarfar eins og síðar varð heldur fóru sýslumenn og bæjarfógetar áfram með ákærvald og dómsvald í senn. Ástæða þess var að sökum staðháttu og kostnaðar þótti ekki mögulegt að skilja að framkvæmdavald og dómsvald að fullu. Málsmeðferð á rannsóknarstigi fór almennt fram fyrir luktum dyrum enda þótti það líklegt að ef staðreyndir málsins lögju fyrir á því stigi þá gætu samsekir menn og aðrir misbrúkað vitneskju sína um málið með því að dylja staðreyndir t.d. með undanskoti gagna.⁶³ Óheimilt var að kæra ákvörðun dómara um að þinghald skyldi lokað skv. 2. tölulið 170. gr. laganna. Sakadómarari stjórnaði þeim lögreglumönnum sem höfðu með höndum rannsókn mála, sbr. 32. gr. laganna enda var talið að samvinna þeirra væri nauðsynleg við úrlausn mála.

⁶¹ Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“, bls. 78.

⁶² Sama heimild, bls. 79

⁶³ Sama heimild, bls. 136.

Ef skilið yrði á milli þeirra yrði til óþarfa skrifinnnska sem hefði með sér tafir og óþægindi bæði fyrir sakadómarann og lögreglustjóra. Af þessu má leiða að ekki var talið nauðsynlegt að skilja á milli dómsstarfa og rannsókn lögreglu á þessum tíma. Um réttindi sakbornings og verjanda var ekki ítarlega fjallað en skv. lögnum bar dómara skylda til að kynna sakborningi og verjanda hans efni allra skjala máls en einungis þegar það var talið óhætt í ljósi þess að vitneskjan yrði ekki til þess að seinka eða torvela rannsókn máls. Þó var talið að eðlilegt væri að sakborningur fengi tækifæri á að tjá sig um framlögð gögn og eftir atvikum frest til að kynna sér þau.⁶⁴ Um rétt sakbornings til aðgangs að gögnum var eftirfarandi kveðið í 78. gr. laga 27/1951:

Dómari kynnir sökunaut sönnunargögn, er honum þykir það mega án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði til þess að torvela eða seinka rannsókn máls og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar.

Þar sem að dómari fór með rannsókn máls var þetta ákvæði afar mikilvægt til þess að sakborningi gæfist tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákæra var lögð fram.

5.3 Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála

Lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951 var breytt með lögum nr. 107/1976 þar sem leitt var í lög að rannsóknarlögregla ríkisins skyldi stofnuð. Með því var meðferð ákærvalds skipað á þann veg að sá hluti sem nefnt hafði verið rannsóknarvald var fært yfir á hendur rannsóknarlögreglu ríkisins. Urðu þá til tvær stofnanir sem sjá skyldu um ákærvaldið, rannsóknarlögregla ríkisins og embætti ríkissaksóknara.⁶⁵ Ákvæði 78. gr. um aðgang sakbornings að gögnum máls stóð eftir óbreytt þrátt fyrir breytingarnar og kvað því enn á um að það félli í skyldu dómara að kynna sakborningi sönnunargögn. Eftir breytingarnar kom dómari ekki að rannsóknnum mála nema þegar lögregla leitaði eftir úrskurði dómara um einstök atriði málsins og voru þá einungis lögð fram gögn er vörðuðu þau atriði. Fyrirkomulagið var gagnrýnt á grundvelli þess að engin trygging væri fyrir því að lögregla myndi afhenda eða kynna sakborningi sönnunargögn máls, enda bar þeim engin skylda til þess að lögum. Var bent á að réttarstaða sakbornings á rannsóknarstigi hafi verið betri þegar dómarar sáu um rannsóknir mála.⁶⁶

⁶⁴ Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“, bls. 136.

⁶⁵ Ragnar Aðalsteinsson, „Réttarstaða sökunauts og réttindi og skyldur verjanda“, *Úlfjótur* 1978 (2), bls. 106.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 107.

Þegar mál var þingfest skyldi sakborningi eða verjanda hans vera afhent gögn málsins og hann fá frest til þess að undirbúa málsvörn skv. 121. gr. laga 74/1974. Í 2. mgr. sama ákvæðis var undantekning sem kvað á um að dómari þyrfti ekki að afhenda sakborningi eða verjanda hans frumrit málsins né muni nema til athugunar í þinghaldi. Ákvæðið var svohljóðandi:

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr., 5. málgr., eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafði ekki áður kynnt verið, að fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjandi skal skipa, þá skal það gert í þessu þinghaldi, nema það hafi áður verið gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur máls skjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveðið næsta þinghald.

Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðilum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðilum til afnota.⁶⁷

5.4 Aðdragandi að setningu laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála

Í frumvarpi til laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála kom fram að íslenskt réttarfar hafi borið sterk einkenni rannsóknarréttarfars fyrir setningu laga nr. 27/1951 og tilkoma þeirra laga hefði borið með sér miklar réttarbætur á þeim tíma. Hinsvegar hefði ekki tekist að færa íslenskt sakamálaréttarfar að fullu yfir í ákæruéttarfar því ekki hefði verið stigið skrefið til fulls. Það var svo í kjölfar niðurstöðu MNE, um að málsmeðferð í **dómi Hæstaréttar nr. 77/1985** hefði ekki verið í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE um rétt sakbornings til þess að óvilhallur dómstóll fjalli um mál hans, að fram fór heildarendurskoðun á dómstólakerfi landsins með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.⁶⁸ Með lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála var svo að fullu skilið á milli ákæruvalds og lögreglu annarsvegar og dómsvalds hins vegar.⁶⁹ Í nýjum lögnum var ákærendum ætlað stærra hlutverk og var réttarstaða sakbornings og verjanda gerð skýrari, með því var sakamálaréttarfar færð nær einkamálaréttarfari þar sem aðilar máls hafa jafnari stöðu.⁷⁰

⁶⁷ 121 gr. laga um meðferð opinberra mála, 21. ágúst 1974. Stjórnartíðindi A deild, nr. 74/1974, bls. 360.

⁶⁸ Nú: „lög um framkvæmdarvald ríkis í héraði“ nr. 92/1989.

⁶⁹ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 06.05.2011].

⁷⁰ Sama heimild.

5.4.1 Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum við gildistöku laga nr. 19/1991

Á meðal þeirra ákvæða sem sett voru til þess að jafna hlut aðila að sakamáli var ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þar var lögð skylda á lögreglu að afhenda verjendum sakbornings gögn við rannsókn máls. Við gildistöku laganna var ákvæðið svohljóðandi:

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Ekki má láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki.
2. Rannsóknari skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal rannsóknari taka til greina ábendingar verjanda um tiltekna rannsóknaraðgerðir nema hann telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

Ákvæðið lagði skyldu á lögreglu til að afhenda verjanda gögn á rannsóknarstigi máls jafnskjótt og unnt var og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki var hægt að endurrita. Verjandanum var óheimilt að kynna sakborningnum þau gögn sem hann hafði fengið aðgang að nema með samþykki lögreglu eða dómara. Þegar 43. gr. laga nr. 19/1991 er borin saman við 78. gr. laga nr. 27/1951 sést að eldri greinin lagði skyldu á dómara til að kynna sakborningi gögn málsins í síðasta lagi við lok rannsóknar. Breytingarnar eru í samræmi við fyrrnefnda þróun sakamálaréttarfars á Íslandi, þ.e. að lögregla sjái um rannsókn máls en ekki dómari. Ákvæðið kvað ekki á um ákveðin tímafrest sem lögregla hafði til þess að afhenda gögn heldur skyldi það gert jafnskjótt og unnt var. Á 43. gr. laga nr. 19/1991 reyndi í mörgum málum fyrir Hæstarétti og þykir rétt að fjalla sérstaklega um **dóm Hæstaréttar í máli Agnesar Bragadóttur nr. 382/1995** þar sem reyndi á túlkun 43. gr. þegar vitni krafðist aðgangs að gögnum málsins áður en það gaf vitni fyrir dómi. Einnig varpar **dómur Hæstaréttar nr. 168/1994** ágætu ljósi á beitingu reglunnar fyrir dómstólum en málið varðaði umfangsmikið fíkniefnamál þar sem sakborningar voru margir og ákærvaldið gerði kröfu um að skýrslur yrðu teknar af sakborningunum fyrir dómi áður en þeir fengju aðgang að málsgögnum.

5.4.2 Dómur Hæstaréttar nr. 382/1995 í máli Agnesar Bragadóttur

Málsatvik í máli Agnesar Bragadóttur voru þau að í mars mánuði árið 1995 ritaði Agnes Bragadóttir, blaðamaður hjá Morgunblaðinu, greinaflokk um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga. Í kjölfarið hófst rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna gruns um að upplýsingarnar sem blaðamaðurinn hefði undir höndum væru fengnar frá aðila sem væri

bundinn lögbundinni þagnarskyldu og hefði þar með brotið gegn 43. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Greinaflokkurinn fjallaði um hvernig Landsbanka Íslands hefði tekist að leysa upp viðskiptaveldi Sambandsins án þess að bankinn yrði fyrir milljarða tapi. Blaðamaðurinn hafði neitað að svara spurningum við lögreglurannsókn er vörðuðu ætluð brot heimildarmanns blaðamannsins á lögbundinni þagnarskyldu. Rannsóknarlögregla ríkisins fór þess á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur með skírskotun til 74. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að blaðamaðurinn yrði kvædd fyrir dóminn til að gefa vitnaskýrslu vegna málsins.

Við fyrirtöku málsins fyrir Héraðsdómi gerði málsvari blaðamannsins kröfu um að fá afhent ljósrit af gögnum málsins sem lögð voru fram í dómnum. Andmæli vegna þessarar kröfu bárust frá Rannsóknarlögreglu ríkisins enda þýðingarlaust fyrir vitni að fá aðgang að gögnum málsins enda væri blaðamaðurinn ekki borinn sökum í málinu og að gögnin væru trúnaðarskjöl þar sem um væri að ræða gögn lögreglu á frumstigi máls. Málsvari blaðamannsins benti á að ef lögregla teldi ástæðu til þess að leggja fram skjöl vegna kröfu sinnar um vitnisburð hlyti vitnið að hafa sama aðgang að gögnunum og aðrir aðilar málsins á grundvelli jafnræðisreglu. Málsvarinn benti einnig á að ef að lögregla teldi gögnin ekki skipta máli vegna kröfu sinnar um að skjólstaðingur sinn bæri vitni skyldu þau dregin til baka og lægju ekki frammi í málinu.

Í niðurstöðu sinni fjallaði Héraðsdómur um 43. gr. laga nr. 19/1991 um skyldu lögreglu til að afhenda verjanda sakborningi jafnskjótt og unnt er til afnota endurrit af öllum skjölum sem málið varða. Dómurinn fjallaði jafnframt um að óheimilt væri verjanda að afhenda sakborningi gögnin eða kynna honum innihald þeirra án samþykkis rannsóknara eða dómara. Sambærilegt ákvæði væri ekki að finna í lögum varðandi vitni. Á grundvelli þess að engum lagaákvæðum væri til að dreifa taldi dómurinn að heimild bresti til að verða við kröfu málsvara vitnisins og hafnaði kröfunni.

Málsvari blaðamannsins skaut málinu til Hæstaréttar með kæru þann 20. nóvember 2005 á grundvelli kæruheimildar 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Málsvarinn kærði úrskurð Héraðsdóms þar sem beiðni hans um aðgang að framlögðum rannsóknargögnum í málinu var hafnað. Rannsóknarlögregla ríkisins gerði kröfu um að niðurstaða Héraðsdóms yrði staðfest. Afstaða blaðamannsins sem bókuð var í þingbók var sú að meginregla réttarfars um jafnræði málsaðila fyrir dómi væri brotin þegar annar málsaðili hafi heimild til að leggja fram gögn í málið en hinn aðilinn fái ekki að kynna sér efni þeirra eða hafi aðgang að þeim. Með þeim hætti væri réttur gagnaðilans skertur verulega og að engar réttarfarsnauðsynjar réttlæti slíkt brot gegn meginreglunni um jafnræði málsaðila fyrir dómi.

Í niðurstöðu sinni kemur Hæstiréttur inn á að blaðamanninum hafi í skýrslutöku hjá lögreglu verið kynnt réttarstaða vitnis og henni kynnt vitnaábyrgð. Hvergi væri nefnt að hún hefði réttarstöðu sakbornings og gæti þar með vikið sér undan því að svara spurningum. Sama ætti við um skýrslutöku hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og að oft sé vikið að henni sem vitni fyrir dóminum. Dómurinn fjallaði um VI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þar sem fjallað er um sakborning og verjanda hans og nefnir í því samhengi 1. mgr. 43. gr. laganna. Þar sem kveðið er á um skyldu lögreglu til að afhenda verjanda sakbornings gögn málsins jafnskjótt og unnt er. Hæstiréttur kveður á um að reglan sé þáttur í því jafnræði, sem leitast er við að tryggja með lögum, milli málsaðila og einnig að sú réttarfarsnaðsyn sem býr að baki reglunni sé ekki fyrir hendi á milli aðila og vitnis. Á grundvelli þess að engar lagareglur hafi verið að finna um skyldu til afhendingar rannsóknargagna til vitna staðfesti Hæstiréttur úrskuð Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem kröfu vitnisins um aðgang að málgögnum var hafnað.

5.4.3 Dómur Hæstaréttar nr. 168/1994

Málsatvik

Þingfest var þann 8. apríl árið 1994 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sakamál gegn 18 einstaklingum sem grunaðir voru um að hafa staðið í innflutningi og ráðstöfun á miklu magni fíkniefna. Við þingfestingu málsins kröfðust verjendur ákærðu aðgangs að framlögðum dómskjölum. Fulltrúi ákæruvaldsins mótmælti kröfunni á grundvelli þess að skilningur ákæruvaldsins á 2. ml. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 væri sá að ákærðu væri ekki heimill aðgangur að framlögðum dómsskjölum fyrr en að lokinni dómsyfirheyrslu hvers og eins hinna ákærðu. Ástæða þess væri sú að ríkir rannsóknarhagsmunir væru enn í húfi þar sem um afar flókið mál væri að ræða en einnig hversu margir ákærðu voru og á grundvelli þess að brotin sem um ræddi voru afar alvarleg. Verjendur ákærðu færðu rök gegn því að 43. gr. laga nr. 19/1991 ætti við á þessu stigi málsins því að ákvæðið ætti aðeins við um afhendingu gagna á rannsóknarstigi máls en ekki eftir að ákæra hafi verið gefin út. Einnig bentu verjendur ákærðu á að skilningur ákæruvaldsins væri í andstöðu við meginreglu sakamálaréttarfars um jafnræði málsaðila og væri ekki í samræmi við 6. gr. MSE.

Niðurstaða Héraðsdóms

Héraðsdómur taldi að 2. ml. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ætti ekki við eftir að ákæra hefði verið gefin út heldur einungis á rannsóknarstigi máls. Dómurinn

studdi niðurstöðu sína með því að í ákvæðinu væri tiltekið hugtakið rannsóknari sem væri notað um þann sem stýrir rannsókn máls hjá lögreglu þó það gæti verið starfsmaður ákærvalds, sbr. 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991. Hugtakið ákærandi væri notað um þann sem færi með málið eftir að ákæra væri gefin út. Dómurinn tók það fram að margir ákærðu hefðu sætt gæsluvarðhaldi við rannsókn málsins en að þeim hafi verið sleppt að einum undanskyldum sem ekki sætti gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Einnig sagði dómurinn að það væri hlutverk ákæranda á grundvelli 112. gr. laga 19/1991 að ganga úr skugga um að rannsókn væri lokið og ákveða svo hvort sækja skuli mann til saka eða ekki. Teldi hann það sem fram væri komið nægilegt eða líklegt til sakfellis skuli hann leggja málið fyrir dóm en að öðrum kosti fella málið niður. Á grundvelli þess að ákært var í málinu og það fært fyrir dómstóla má ætla að ákærvaldið hafi þá tekið afstöðu til þess að rannsókn sé lokið og því geti ekki verið um neina rannsóknarhagsmuni að ræða á þessu stigi. Dómurinn tók það einnig fram í niðurstöðu sinni að á grundvelli 2. gr. 122. gr. laga nr. 19/1991⁷¹ væri dómara skylt að kynna sakborningi gögn málsins við þingfestingu máls. Dómurinn úrskurðaði að ákærðu væri heimilt að kynna sér framlögð dómskjöl að vild.

Ákærvaldið kærði niðurstöðuna til Hæstaréttar og krafðist þess að úrskurður Héraðsdóms yrði felldur úr gildi og að kröfum verjanda ákærðu um að ákærðu fengju að kynna sér dómskjöl eftir þingfestingu málsins áður en kæmi að yfirheyrslum yfir þeim fyrir dómi yrði synjað. Verjendur ákærðu kröfðust þess að úrskurður Héraðsdóms yrði staðfestur.

Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að sakborningur eigi rétt á að kynna sér til hlítar á hverju málatilbúnaður ákærvalds á hendur honum er reistur við upphaf meðferðar fyrir dómi. Hæstiréttur kvað þá reglu geta sætt nokkrum afbrigðum og fjallar um 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 þar sem kveðið sé á um rétt verjanda sakbornings til að fá jafnskjótt og unnt er endurrit af öllum málsskjölum og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verði endurrituð. Jafnframt að ekki megi láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum efni þess nema dómari eða rannsóknari samþykki. Þetta ákvæði taki bæði til mála á rannsóknarstigi og málsmeðferðar fyrir dómi. Dómurinn sagði að samkvæmt orðalag 2. mgr. 122. gr. laganna skal ákærði spurður um það við þingfestingu máls, hvort hann játi efni ákæru, og skal þá „eftir atvikum“ kynna honum efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur.

Dómurinn kvað lög um meðferð opinberra mála byggjast á þeirri grundvallarreglu að staða ákærvalds og sakborninga fyrir dómi sé jöfn en sjónarmið um jafnræði og réttláta

⁷¹ 2. mgr. 122. gr. laga nr. 19/1991 hljómaði þá svo: „Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum eftir atvikum kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls.“

málsmeðferð fyrir dómi standi ekki í vegi fyrir því að sakborningur sé yfirheyrður um sakarefni fyrir dómi áður en hann kynnir sér skjöl málsins. Þar með talið framburði annarra sakborninga enda séu réttmætar og efnislega ástæður til þess. Án þeirrar heimildar yrði ákærvaldinu gert ókleift að sinna hlutverki sínu um sönnunarfærslu. Hæstiréttur áréttaði að þó að til slíkra ráðstafana sé gripið hafi verjendur sakborninganna heimild til þess að kynna sér gögn málsins og halda þannig lögvarinna hagsmuna skjólstæðinga sinna. Í greinargerð fulltrúa ákærvaldsins kom meðal annars eftirfarandi fram:

Í því máli sem hér um ræðir eru 18 menn ákærðir fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, þar af 3 þeirra fyrir stórfelld brot, auk þess sem nokkrir eru ennfremur ákærðir fyrir skjalafals og auðgunarbrot. Um er að ræða innflutning á miklu magni fíkniefna hingað til lands í mörgum ferðum og ráðstöfun efnanna hér á landi. Í sumum tilvikum gæti verulegs ósamræmis í framburði ákærðu, einkum varðandi efnismagn, svo og um hlut ákærðu í einstökum þáttum málsins. Telja verður, að mál þetta hafi að þessu leyti mikla sérstöðu. Einungis hefur verið lagt baki á lítinn hluta þeirra efna, sem ætlað er að ákærðu hafi flutt til landsins. Sýnileg sönnunargögn eru af þeim sökum mjög af skornum skammti, sem leiðir til þess að framburður ákærðu og vitna fyrir dómi fá aukið vægi við sönnunarfærslu í málinu. Fari svo að ákærðu verði heimilað að kynna sér skjöl málsins að vild á þessu stigi býður það tvímælalaust heim þeirri hættu, að ákærðu leggi mat á sönnunarstöðu málsins og muni fyrir dómi aðlaga framburð sinn framburði annarra, eftir því sem henta þykir. Með þessu gætu ákærðu spillt sönnunarfærslu í málinu og torvelað og seinkað dómsmeðferð þess.

Hæstiréttur vísar í greinargerð fulltrúa ákærvaldsins um ástæður þess að krafa var gerð um að halda gögnum frá ákærðu þar til þeir hefðu gefið skýrslu fyrir dómi. Hæstiréttur taldi að ákærvaldið hefði fært fram réttmætar og efnislegar ástæður fyrir kröfu sinni og felldi úr gildi hinn kærða úrskurð og hafnaði kröfum verjanda ákærðu um að ákærðu fengju að kynna sér að vild skjöl málsins áður en að þeir yrðu yfirheyrðir fyrir dómi.

5.4.4 Ályktun af dómum Hæstaréttar nr. 382/1995 og 168/1994

Af dómunum tveimur má draga ályktanir um túlkun Hæstaréttar á 43. gr. laga nr. 19/1991 þegar dómarnir féllu. Í fyrsta lagi staðfesti Hæstiréttur að ákvæðið sé grundvallað á meginreglunni um jafnræði málsaðila fyrir dómi og að aðgengi verjanda sakbornings að gögnum sé til þess setja vörnina í jafnari stöðu á við sóknina. Í öðru lagi að ákvæðið nái eingöngu til réttar sakbornings til aðgangs að gögnum máls en ekki til vitna enda sé meginreglan um jafnræði málsaðila til þess að stuðla að jafnræði milli sóknar og varnar í sakamáli. Ekki þótti skipta máli að vitni væri í afar íþyngjandi stöðu í málinu eins og Agnes Bragadóttir, sem ætlað var að veita upplýsingar um upplýsingagjafa sinn í máli sem til rannsóknar var. Í þriðja lagi að ákærvaldinu væri heimilt á grundvelli 43. gr. laga nr. 19/1991 að synja verjanda sakbornings um að kynna skjólstæðingi sínum gögn málsins þar til

sakborningurinn hafði gefið skýrslu fyrir dómi ef ákærvaldið gæti fært fram réttmætan efnislegan rökstuðning fyrir því að sakborningurinn gæti annars hagrætt framburði sínum á þann hátt að það skaðaði málið.

Telja verður að Hæstiréttur hafi metið það svo að án heimildar til að taka skýrslu af sakborningi fyrir dómi áður en hann hefði tækifærði á að kynna sér málgögn væri lögregla og ákærvald sett í þá stöðu að geta illa uppfyllt hlutverk sitt að lögum.

5.5 Lög nr. 36/1999 um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála

Ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 hlaut mikla gagnrýni lögmanna á grundvelli þess að þeim væri óheimilt að miðla gögnunum og þeim upplýsingum sem fengust frá lögreglu á rannsóknarstigi máls þar sem það samrýmdist ekki hlutverki verjanda í sakamáli að halda vitneskju um málsatvik leyndri fyrir skjólstæðingi sínum.⁷² Trúnaðartraust á milli verjanda og sakbornings er grundvöllur þess að verjandi geti sinnt starfi sínu með viðunandi hætti.⁷³ Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 36/1999 var lögð til breyting í 12. gr. frumvarpsins á ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 á þá leið að verjandi hefði heimild til þess að afhenda skjólstæðingi sínum afrit af gögnum málsins þegar hann hafði fengið aðgang að þeim hjá lögreglu. Í ljósi þess að sakborningur gæti hagrætt framburði sínum eftir að hafa fengið að kynna sér málgögnin var einnig lagt til að lögregla hefði heimild til þess að synja verjanda um aðgang að gögnum í allt að eina viku.⁷⁴

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um 12. gr. frumvarpsins⁷⁵ kom fram að breyting ákvæðisins myndi gera lögreglu erfitt fyrir við rannsóknir umfangsmikilla mála svo og mála þar sem rannsóknarhagsmunir væru miklir án þess að ástæða væri til þess að krefjast gæsluvarðhalds. Rannsókn slíkra mála tæki miklu lengri tíma en eina viku.

⁷² Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum, þskj. 482, 354. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/123/s/0482.html>.

[Sótt á vefinn 18.02.2011]

⁷³ Ragnar Aðalsteinsson, “Réttarstaða sökunauts og réttindi og skyldur verjanda.”, bls. 113.

⁷⁴ Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum, þskj. 482, 354. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/123/s/0482.html>.

⁷⁵ Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 36/1999. Er aðgengilegt á www.althingi.is.

Ákvæði frumvarpsins varð að lögum í óbreyttri mynd þrátt fyrir ábendingar lögreglu um að fyrirhugaður frestur væri of skammur. Ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 hljómaði svo eftir breytingu með lögum nr. 36/1999:

1. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.

2. Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.⁷⁶

Með lögum nr. 36/1999 var einnig bætt við nýju ákvæði í lög nr. 19/1991, þ.e. 74 gr. a. Í b. lið 74. gr. a var kveðið á um heimild dómara til að framlengja frest lögreglu til að synja verjanda sakbornings um gögn í allt að þrjár vikur hafi lögregla gert kröfu um að skýrslutaka fara fram fyrir dómi. Þessi heimild var til þess að gera lögreglu kleift að taka skýrslu af sakborningi fyrir dómi áður en hann fengi aðgang að gögnum málsins ef talið var hætt við því að hann gæti skaðað rannsókn málsins með því að hagræða framburði sínum í samræmi við upplýsingar í málsskjölum. Í athugasemdum frumvarpsins um b-lið 74. gr. a segir orðrét:

Í b-lið 1. mgr. 74. gr. a segir, í samræmi við ráðgerðar breytingar á 1. mgr. 42. gr. og 43. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, að lögregla geti á rannsóknarstigi leitað atbeina dómara til að taka skýrslu af sakborningi, brotþola eða vitnum ef hún telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi sakbornings fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess. Með tilliti til sönnunargildis skýrslu sem gefin er fyrir dómi í samanburði við lögregluskýrslu getur lögregla með þessu leitast við að tryggja sönnun áður en sakborningur fær aðgang að gögnum og þar með tækifæri til að hagræða framburði sínum, t.d. með hliðsjón af framburði annarra sakborninga eða vitna í málinu. Jafnframt er ekkert því til fyrirstöðu að sakborningur fái aðgang að málsgögnum eftir að hann hefur gefið skýrslu skv. b-lið 1. mgr. 74. gr. a. Gert er ráð fyrir að dómari geti, ef þörf krefur, framlengt einnar viku frestinn í 1. mgr. 43. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins, í samtals allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans, en slíkt gæti orðið nokkuð tímafrekt ef taka þyrfti skýrslu af mörgum sakborningum og vitnum.

Við gildistöku laganna var b. liður 74. greinar a svohljóðandi:

Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að þrjár vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.

⁷⁶ Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 36 19. mars 1999, þskj. 1145, 354. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/altxt/stjt/1999.036.html>
[Sótt á vefinn 18.02.2011]

Í frumvarpinu var orðalagi 2. mgr. 122. gr. laganna einnig breytt. Fyrir breytingu hafði greinin sem lagði skyldu á dómara að kynna ákærða efni framlagðra skjala „eftir atvikum“ við þingfestingu máls væri hann viðstaddur. Orðalagið „eftir atvikum“⁷⁷ var fellt á brott með lögum 36/1999 og hljómaði greinin eftir breytingu svo:

Við þingfestingu máls skal ákærði spurður hvort hann játi efni ákæru rétt og honum ...kynnt efni framlagðra skjala ef hann er viðstaddur. Ella skal það gert í þinghaldi þegar ákærði kemur fyrst fyrir dóm eftir þingfestingu máls.

5.5.1 Dómar Hæstaréttar í málum sem reyndu á 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 36/1999

Eftir breytingu 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 féllu nokkrir dómar í Hæstarétti þar sem reyndi á regluna. Í því samhengi þykir rétt að fjalla um **dóma Hæstaréttar í málum nr. 376/1999, 235/2004 og nr. 110/2004** en þeir lýsa ágætlega áhrifum breytinganna á starfsumhverfi lögreglunnar við rannsókn stærri sakamála og dómaframkvæmd.

Í **dómi Hæstaréttar nr. 376/1999** voru málsatvik þau að lögreglustjórinn í Reykjavík gerði kröfu þann 21. september 1999 um að Héraðsdómur framlengdi frest sem lögreglan hafði til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum við rannsókn máls í þrjár vikur á grundvelli b-liðar 74. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999. Málið varðaði stórfellt brot á fíkniefnalöggjöfinni og væri sakborningurinn sakfelldur gæti hann hlotið allt að 10 ára fangelsi fyrir brotið. Rökstuddur grunur var um að sakborningurinn ætti aðild að málinu og var rannsóknin á frumstigi. Rannsókn málsins var bæði flókin og tímafrek og teygði anga sína út fyrir landsteinana. Á þessu stigi málsins átti eftir að yfirheyra fjölmarga grunaða og vitni og af þeim forsendum var sakborningnum gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 10. september.

Skipaður verjandi sakborningsins gerði kröfu þess efnis sama dag um að fá afhent þegar í stað öll rannsóknargögn málsins, þ.á.m. afrit símhlerana, afrit skýrslna og fleira. Krafan var lögð fram í sama þinghaldi og krafa lögreglustjórans var tekin fyrir. Verjandinn lagði fram mótmæli gegn kröfu lögreglustjórans um framlengdan frest á því að afhenda gögn málsins og gerði kröfu um að fá afhent afrit af öllum gögnum málsins sem væru orðin eldri en viku gömul og vísaði í því samhengi til 43. gr. laga nr. 19/1991.

⁷⁷ Í dómi Hæstaréttar nr. 168/1994 studdist dómurinn við orðalagið eftir atvikum þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að reglan gilti ekki án undantekninga, sbr. reifum í kafla 4.5.1.

Í niðurstöðu héraðsdóms voru nefnd tiltekin málgögn lögreglu sem dagsett voru frá 10. til 13. september 1999, t.d. skýrslur um handtöku sakborninga og skýrslur um húsleitir. Dómurinn tók það fram að lögreglan hefði ekki fært fram nein rök um að það myndi skaða rannsókn málsins að afhenda þessi gögn sem væri öll orðin viku gömul. Á þeim grundvelli komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að engar forsendur væru til þess að fresta því að sakborningurinn fengi afrit af þeim gögnum afhent sbr. 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1999. Niðurstaða dómsins var því sú að afhenda bæri fyrirnefnd gögn og hafnaði hann kröfu lögreglustjórans um frekari frest er þau varðaði. Hins vegar taldi dómurinn að á grundvelli þess sem fyrir lægi í málinu væri ljóst að þörf væri á að fresta í allt að þrjár vikur afhendingu annarra gagna svo hægt væri að ljúka skýrslutökum. Héraðsdómur úrskurðaði að fallist væri á kröfu lögreglustjórans um að synja verjandanum um afhendingu allra annarra gagna en þeirra gagna sem talin voru upp í dómnum í allt að þrjár vikur á grundvelli b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991.

Verjandinn skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1999 og krafðist þess að lögreglu yrði gert að afhenda honum afrit af öllum rannsóknargögnum málsins sem voru orðin eldri en vikugömul. Fyrir hönd lögreglustjórans í Reykjavík var gerð sú krafa að úrskurður héraðsdómara yrði staðfestur. Hæstiréttur felldi úr gildi úrskurð Héraðsdóms með eftirfarandi rökstuðningi:

Eins og nánar greinir í hinum kærða úrskurði reisir sóknaraðili fyrrgreinda kröfu sína á ákvæði b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999. Í þeirri lagagrein eru fyrirumali um töku skýrslu fyrir dómi af sakborningi eða vitni á meðan rannsókn opinbers máls stendur yfir hjá lögreglu, en áður en ákæra er gefin út. Í b. lið 1. mgr. greinarinnar er kveðið sérstaklega á um töku slíkrar skýrslu áður en verjandi sakaðs manns fær aðgang að skjölum eða öðrum gögnum máls samkvæmt ákvæði 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1999. Þegar lögregla hefur leitað eftir skýrslu samkvæmt þessari heimild getur dómari framlengt einnar viku frest, sem mælt er fyrir um í síðastnefndu lagaákvæði, í allt að þrjár vikur „svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans“, eins og segir í niðurlagi b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991. Er ljóst af framanröktu efni ákvæðisins að með tilvitnuðum ummælum sé átt við að lengja megi frest til að ljúka skýrslutöku fyrir dómi.

Af gögnum málsins verður ekki séð að sóknaraðili hafi leitað eftir því að skýrsla verði tekin vegna rannsóknar málsins fyrir dómi af varnaraðila eða öðrum samkvæmt fyrirnefndri heimild í b. lið 1. mgr. 74. gr. a. laga nr. 19/1991. Í málatilbúnaði sóknaraðila er áðurgreind krafa hans heldur ekki tengd slíkri ráðagerð á nokkurn hátt. Brestur því heimild til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að gögnum á grundvelli umrædds ákvæðis. Verður kröfu sóknaraðila þannig hafnað.⁷⁸

Í **dómi Hæstaréttar nr. 235/2004** reyndi einnig á 43. gr. laga nr. 19/1991 en málið varðaði sakborning sem lá undir grun um að hafa gerst sekur um brot á löggjöf um útlendinga sem varðað gæti fangelsisrefsingu og sætti hann gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á málinu. Á grundvelli þess að brotin sem voru til rannsóknar voru óupplýst og að misræmis gætti í því

⁷⁸ Úr dómi H 376/1999

sem lá fyrir í málinu taldi lögregla að brýnir rannsóknarhagsmunir lægju til grundvallar því að lögreglan fengi ráðrúm til að taka skýrslu af sakborningnum fyrir dómi áður en verjandi hans fengi gögnin í hendur. Lögreglan krafðist þess að Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi frest þann sem lögregla hafði til að synja verjanda sakborningsins um aðgang að gögnum málsins í þrjár vikur. Í þinghaldinu benti verjandinn á að mögulegt væri að taka skýrslu af sakborningnum þá þegar og væri því engin ástæða til að veita umbeðinn frest. Héraðsdómur taldi lagaskilyrði fyrir því að verða við beiðni lögreglustjórans um að synja verjanda sakborningsins um aðgang að gögnum málsins í allt að þrjár vikur í þeim tilgangi að unnt yrði að ljúka skýrslutökum innan frestsins. Niðurstaða Héraðsdóms var því sú að heimila lögreglustjóranum í Reykjavík að halda gögnum málsins í allt að þrjár vikur.

Verjandi sakborningsins skaut málinu til Hæstaréttar með kæru þar sem kærður var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um að heimila lögreglustjóranum í Reykjavík að synja verjandanum um aðgang að gögnum málsins í þrjár vikur. Lögreglan krafðist staðfestingar úrskurðar Héraðsdóms og sagði að staða rannsóknarinnar væri sú að enn væri ekki tímabært að taka skýrslu af sakborningnum þar sem málið væri flókið og rannsóknin yrði tímafrek enda háð gagnaöflun bæði hérlendis sem erlendis.

Hæstiréttur benti á orðalag í niðurstöðu héraðsdóms þar sem segir: „*lögreglan hafi svigrúm til að fá tekna skýrslu af kærða innan frestsins.*“ Jafnframt segir Hæstiréttur að Héraðsdómur taki enga afstöðu til kröfu verjandans um skýrslutöku og ekkert væri bókað um hvenær hún skyldi fara fram. Hæstiréttur sagði að meginreglan væri að verjandi fengi endurrit af öllum skjölum málsins jafnskjótt og unnt er, skv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 sbr. 12. gr. laga nr. 36/1999. Undantekningin væri heimild lögreglu til að halda gögnum í allt að eina viku sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga. Heimild dómara til að framlengja frest lögreglu í þessum efnum á grundvelli b. liðar 1. mgr. 74. gr. a, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999 væri til þess að lengja frestinn í allt að þrjár vikur ef lögregla teldi slíka skýrslutöku nauðsynlega til að upplýsa mál áður en verjandi fengi aðgang að málgögnum.

Hæstiréttur hafnaði kröfu lögreglunnar um að framlengja frest hennar til að synja verjanda sakborningsins um aðgang að gögnum málsins í allt að þrjár vikur með eftirfarandi rökstuðningi:

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 12. gr. laga nr. 36/1999, skal verjandi fá jafnskjótt og unnt er endurrit af öllum skjölum er mál varða. Frá þessari meginreglu er sú undantekning í 2. málslíð ákvæðisins að lögregla getur neitað að veita verjanda aðgang að skjölum eða öðrum gögnum í allt að eina viku frá því að þau urðu til eða komust í vörslu hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Ennfremur er dómara heimilt samkvæmt b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, að framlengja frest samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sömu laga í allt að þrjár vikur svo

unnt verði að ljúka því að taka skýrslur innan frestsins af sakborningi eða vitnum fyrir dómi telji lögregla slíka skýrslutöku nauðsynlega til að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða gögnum þess. Eins og áður var getið hefur varnaraðili ekki verið leiddur fyrir dóm til að gefa skýrslu. Heldur sóknaraðili því fram að staða rannsóknar málsins sé slík að ekki sé enn tímabært að taka skýrslu af varnaraðila. Er sérstaklega vísað til þess að rannsóknin sé tímafrek og flókin og háð gagnaöflun hérlendis og erlendis. Ennfremur kemur fram að um síðastliðna helgi hafi verið tekin skýrsla fyrir lögreglu af varnaraðila og mönnum tveimur, sem komu sama dag og hann hingað til lands. Sóknaraðili hefur enn ekki leitt varnaraðila og aðra grunaða í málinu fyrir dómara til að gefa skýrslu í samræmi við b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991. Hefur sóknaraðili þó haft nægt ráðrúm til að fara fram á töku skýrslna yfir þeim fyrir dómi. Nægir sóknaraðila ekki að vísa til þess að í ljósi stöðu málsins sé ekki enn tímabært að leiða varnaraðila fyrir dóm til skýrslugjafar. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um framlengingu frests í þrjár vikur til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að rannsóknargögnum málsins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 110/2004 (Líkfundarmál á Neskaupstað) hafði lögregla handtekið þrjá menn grunaða um brot á 124. gr., 173. gr. a, 211. gr. og/eða 221. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verjendum sakborninganna hafði verið synjað af lögreglu um aðgang að gögnum málsins þrátt fyrir að verjandi eins þeirra hafi gert kröfu um að fá gögnin afhent. Lögreglan óskaði eftir því fyrir Héraðsdómi að frestur lögreglunnar til að synja verjandanum um aðgang að gögnum málsins yrði lengdur í allt að þrjár vikur og að skýrsla yrði tekin af honum fyrir dómi áður en gögnin voru afhent. Héraðsdómur féllst á kröfu lögreglunnar og framlengdi heimild lögreglunnar til að halda gögnunum málsins á grundvelli b liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 á grundvelli þess að málið væri umfangsmikið. Þótti Héraðsdómi ekki máli skipta að frestur lögreglunnar til að halda gögnum skv. 43. gr. laganna væri útrunninn þegar krafa hennar um skýrslutöku fyrir dómi var lögð fram.

Hæstiréttur snéri við úrskurði Héraðsdóms og hafnaði lögreglunni um heimild til að synja verjanda sakborningsins um aðgang að gögnum málsins á grundvelli b liðar 1. mgr. 74. gr. a með eftirfarandi rökstuðningi:

Sóknaraðili hefur leitt varnaraðila og aðra sakborninga í málinu fyrir dómara til að gefa skýrslu í samræmi við b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991. Hefur sóknaraðili haft nægt ráðrúm til að fara fram á frekari skýrslutöku yfir þeim fyrir dómi. Nægir sóknaraðila ekki að vísa til þess að hann muni leiða hina grunuðu fyrir dóm til skýrslugjafar um leið og mikilvæg gögn liggja fyrir. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um framlengingu frests í þrjár vikur til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að rannsóknargögnum málsins. Það athugast að samkvæmt málgögnum óskaði verjandi varnaraðila með bréfi 27. febrúar 2004 til sóknaraðila eftir aðgangi að öllum lögregluskýrslum og öðrum skjölum er málið varða. Því bréfi mun ekki hafa verið svarað og ítrekaði verjandi kröfu sína með bókun fyrir dómi 3. mars 2004. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila og verjanda varnaraðila hefur verjandinn fengið aðgang að þeim gögnum málsins sem eru eldri en þriggja vikna gömul. Í ljósi þess að sóknaraðili krafist þess ekki þegar beiðni verjandans kom fram að skýrsla yrði tekin fyrir dómi af varnaraðila samkvæmt b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 og þá jafnframt að dómari framlengdi frest samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sömu laga í samræmi við fyrrnefnt ákvæði, bar sóknaraðila að verða við kröfu verjandans og afhenda honum þau gögn sem voru eldri en vikugömul.⁷⁹

⁷⁹ Dómur Hæstaréttar í málin nr. 110/2004.

5.5.2 Ályktun af dómum Hæstaréttar í málum nr. 376/1999, 235/2004 og 110/2004

Málin sem lögreglan hafði til rannsóknar í þessum tilvikum voru umfangsmikil, tímafrek í rannsókn og vörðuðu alvarleg brot. Í þessum málum hefur lögreglan talið að nauðsynlegt væri að fá svigrúm til þess að rannsaka málið frekar áður en sakborningarnir fengju að kynna sér gögn málsins. Líklegt er að gagnaöflun hafi verið á það viðkvæmu stigi að lögreglan hafi ekki talið óhætt að veita verjendum sakborninganna aðgang að gögnum málsins. Mögulega hafði lögreglan ekki haft nægan tíma til þess að leita frekari sönnunargagna eða yfirfara vandlega þau gögn sem þegar lágu fyrir.

Sá tími sem ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 markaði lögreglunni, þ.e. eina viku til að synja verjendum sakborninga um aðgang að gögnum málsins hefur ekki verið nægilegur í þessum málum. Lögreglan virðist því reyna að fá rýmri frest til að halda gögnum á grundvelli b. liðar 1. mgr. 74. gr. a. Það á sér stoð í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 86/2004 sem nánar verður fjallað um í kafla 5.6.6 hér á eftir. Í þessum málum virðist Hæstiréttur átta sig á vanda lögreglunnar að þörf hennar var í raun að fá frekari tíma til að rannsaka málið enda voru þau bæði umfangsmikil og tímafrek og að skýrslutaka fyrir dómi var ekki nauðsynleg til þess að upplýsa málið.

Hæstiréttur gerir ljóst með þessum dómum að tímasvigrúm það sem ákvæði b. liðar 1. mgr. 74. gr. a kvað á um, þ.e. „í allt að þrjár vikur“, hafi verið til þess að skapa svigrúm til að gera mögulegt að koma slíkri skýrslutöku við en ekki til þess að veita lögreglu aukinn frest til að rannsaka mál áður en gögn væru afhent. Bæði í málum **H 235/2004** og **H 110/2004** kemur það í raun fram að lögregla hafi talið slíka skýrslutöku ótímabæra þegar krafa um hana var lögð fram fyrir dómi.

Ljóst virðist vera að eftir breytingu á 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 hafi lögreglu þótt þrengt um of að sér við rannsókn umfangsmikilla mála. Þar sem ákvæðið fól í sér heimild fyrir lögreglu til að halda gögnum í allt að eina viku má ætla að viðurkennt sé að lögreglan geti þurft vegna rannsóknarhagsmuna að halda gögnum leyndum fyrir sakborningi á meðan hún nær svo góðum tókum á rannsókn máls að hún telji það óhætt að veita sakborningi aðgang að þeim. Óhætt þykir að álykta út frá þessum dómum sem nefndir eru að ofan að rannsóknir svo alvarlegra og umfangsmikilla mála sem þar um ræðir geti krafist þess að lögregla synji verjanda sakbornings aðgang að gögnum máls lengur en ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 36/1999 heimilaði.

5.6 Frumvarp til laga nr. 86/2004 um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19, 26. mars 1991, með síðari breytingum

Í ljósi þess að lögregla og ákærvaldið taldi að skylda til að afhenda gögn máls á grundvelli 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 36/1999, hefta lögreglu svo mikið við rannsóknir umfangsmikilla mála krafðist lögreglan að ákvæðið yrði endurskoðað með það fyrir sjónum að lögregla þyrfti rýmri heimild til þess að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls á viðkvæmum tíma rannsókna.⁸⁰ Í frumvarpi til laga nr. 86/2004⁸¹ voru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga nr. 19/1991 sem snéru að rannsókn lögreglu. Þar á meðal var lagt til að lögreglu yrði heimilt að neita verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða gögnum á rannsóknarstigi máls, ef það teldist nauðsynlegt vegna rannsókna.⁸² Í 1. gr. frumvarpsins þegar frumvarpið var lagt fram þann 5. apríl 2004 var tillaga dómsmálaráðherra að breyta 43. gr. laganna á þann veg að ákvæðið myndi fela í sér heimild lögreglu til að halda gögnum í allt að þrjár vikur án atbeina dómara. Einnig myndi lögregla hafa heimild til að neita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún teldi að afhendingin gæti skaðað rannsókn málsins. Heimild lögreglu til að synja aðgengi að gögnum mætti verjandi þó bera undir dómara. Ákvæði frumvarpsins um breytingu á 43. gr. var svohljóðandi þegar frumvarpið var lagt fram:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum ef hún telur að það geti torveldað eða skaðað rannsókn málsins að gögn eða upplýsingar komist til vitundar sakbornings. Bera má synjun lögreglu um aðgang að gögnum undir dómara.⁸³

Frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar Alþingis, eftir fyrstu umræðu á þinginu, sem fékk umsagnir um frumvarpið frá dómstólaráði, laganefnd lögmannafélags Íslands,⁸⁴ landsambandi lögreglumanna,⁸⁵ réttarfarsnefnd, embætti ríkislögrelustjóra, embætti ríkissaksóknara og lögrelustjóranum í Reykjavík sem verða nú reifaðar stuttlega.

⁸⁰ Í umsögn Lögrelustjórans í Reykjavík vegna frumvarps til laga nr. 86/2004 var vísað til tillagna embættisins til réttarfarsnefndar í bréfi dagsettu 12. september 2000 þar sem lýst er þeim vandræðum sem lögreglan stóð frammi fyrir vegna ákvæða 12. gr. laga nr. 36/1999, sbr. 43. gr. laga 19/1991 og færðar fram tillögur að breytingum. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

⁸¹ Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum, þskj. 1329, 871. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/130/s/1329.html>

[Sótt á vefinn 22.03.2011]

⁸² Sama heimild

⁸³ Sama heimild

⁸⁴ Hér eftir laganefnd LMFÍ

⁸⁵ Umsögn landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga nr. 86/2004 innihélt stuttorða stuðningsyfirlýsingu með frumvarpinu í heild sinni. Af þeim sökum verður ekki fjallað nánar um innihald hennar. Umsögnin er aðgengileg á vefslóðinni www.althingi.is.

5.6.1 Umsögn dómstólaráðs um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn dómstólaráðs vegna frumvarpsins kom fram að ráðið væri fylgjandi því að 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 væri breytt. Ástæða þess var sú að ákvæðið setti lögreglu of þröngar skorður við rannsókn á flóknum sakamálum, sérstaklega stórra fíkniefnamála, og annarra skipulagðrar glæpastarfsemi. Ráðið tók það fram að svo virtist sem að lögregla nýtti sér heimild til þess að framlengja frestinn í þrjár vikur á grundvelli 2. másl. b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laganna. Sú heimild er til þess gerð að taka skýrslur af sakborningum fyrir dómi á rannsóknarstigi máls og slíkt fyrirkomulag skapar mikla óþarfa fyrirhöfn fyrir bæði lögreglu og dómstóla. Ráðið gagnrýndi frumvarpið að því leyti að það setti ekki tímaramma á heimild lögreglu til að halda gögnum frá verjanda og/eða sakborningi. Í umsögninni kom fram að ráðið taldi að verjandi og/eða sakborningur sættist frekar á að fá ekki aðgang að gögnum í einhvern tíma ef hann veit fyrirfram hvenær þeirra er að vænta. Sem dæmi nefndi ráðið að ákvæðið myndi kveða á um heimild til að bera undir dómara ákvörðun lögreglunnar um afhenda ekki gögn sem væru orðin viku gömul en lögregla þyrfti að afhenda gögn sem væru eldri en fjögurra vikna gömul, hugsanlega með þeirri undantekningu að lögregla gæti leitað heimildar dómara um lengri frest. Ráðið taldi að ákvæðið þyrfti að geyma skilyrði fyrir því að að halda gögnum lengur en í eina viku, t.d. að til rannsóknar væri brot sem við lægi fangelsisrefsing, að brot væri umfangsmikið eða að um fleiri en einn sakborning eða grunaðan væri að ræða. Ráðið kom einnig með ábendingar um annað orðalag frumvarpsgreinarinnar, svo sem „ef hún telur að það geti torvelað eða skaðað rannsókn“ yrði „ef ætla má að það geti torvelað verulega eða skaðað rannsókn málsins“. Orðalag frumvarpsins virtist vísa til þess að dómstólar gætu einungis endurskoðað hvort lögregla teldi afhendingu gagnanna torvelda eða skaða rannsókn en ekki hvort afhendingin torveldi eða skaði rannsókn.⁸⁶

5.6.2 Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn laganefndar LMFÍ kom fram að með breytingu á 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 með 12. gr. laga nr. 36/1999 hafi verið færð fram mikil réttarbót frá því sem fyrir var en með fyrirbyggjandi frumvarpi lægi fyrir að þrengja rétt sakbornings og verjanda á ný. Ekki aðeins þrengingu frá núverandi réttarástandi heldur frávik frá meginreglunni um jafnræði málsaðila. Á grundvelli þess þyrfti að liggja fyrir gild efnisleg rök. Hinsvegar væru engin rök fyrir þeim breytingum sem frumvarpið ber með sér og af þeirri ástæðu gæti nefndin ekki mælt með

⁸⁶ Umsögn dómstólaráðs um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

samþykki greinarinnar. Ef talin sé ástæða til að þrengja heimildir verjanda og sakbornings þrátt fyrir það vísaði nefndin til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttar þar sem það væri mjög brýnt að ekki yrði gengið lengra en nauðsyn krefði. Í því samhengi tiltók nefndin sérstaklega að greinin gæti mælt fyrir um að verjanda væri heimilt að kynna sakborningi gögn máls en ekki afhenda honum eða öðrum eintök af þeim. Að sama skapi mætti lengja tímafresti sem nefndir voru í 1. mgr. 43. gr. og b-lið 1. mgr. 74. gr. a. þannig að heimild lögreglu yrði markaður lengri tími til þess að halda gögnum en ekki gengið jafn langt og í frumvarpinu. Jafnframt yrði þessari heimild aðeins beitt af varfærni og einungis í undantekningartilvikum.⁸⁷

5.6.3 Umsögn réttarfarsnefndar um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn réttarfarsnefndar kom fram að ákvæði frumvarpsins um breytingu á 43. gr. laganna gengi of langt í þá átt að skerða réttindi verjanda og skjólstaðings hans enda væri gengið mun lengra í skerðingarátt en gert var þegar lög nr. 19/1991 tóku upphaflega gildi árið 1992. Ekki væru nægilega ítarleg rök fyrir svo veigamikilli breytingu í athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu. Nefndin lagði til að ef ástæða verði talin til að gera breytingar í þá átt sem ráðgerðar voru í frumvarpinu yrðu breytingunum háttáð á þann hátt að frestur lögreglu til að halda gögnum í eina vikur sbr. 2. máls. 1. mgr. 43. gr. þágildandi laga yrði lengdur í þrjár vikur. Einnig að tveimur málsliðum bætt við 1. mgr. 43. gr. laganna:

Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn stendur. Bera má þá synjun undir dómara.

Nefndin taldi að með þessu væri hægt að koma í veg fyrir að verjandi og sakborningur fengju í hendur endurrit af skjölum, t.d. skýrslur af vitnum eða öðrum sakborningum ef slíkt kynni að skaða rannsókn máls. Takmörkunin á rétti verjanda ætti fyrst of fremst við á frumstigi rannsóknar en einungis í undantekningartilvikum þar til rannsókn er endanlega lokið og ákæra verið gefin út. Nefndin lagði það einnig til í samræmi við þessar breytingar að orðalagi b. liðar 1. mgr. 74. gr. a yrði breytt úr þremur vikum í fimm. Í umsögn nefndarinnar kom fram tillaga að breyttum ákvæðum 43. gr. og b. liðar 74. gr. a. laga nr. 19/1991 og orðuðust þau svo:

1. og 2. mgr. 43. gr.:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varðar, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.

⁸⁷ Umsögn LMFÍ um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara. – Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.

b. liður 74. gr. a.

Ef þörf krefur þá getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.⁸⁸

5.6.4 Umsögn ríkislögreglustjórans um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn ríkislögreglustjórans kom fram að embættið lagði ríka áherslu á að frumvarpið fengi samþykki. Til stuðnings því nefnir ríkislögreglustjórinn að 1. mgr. 43. gr. eftir breytingu með lögum nr. 36/1999 hafi bakað lögreglu og dómstólum umtalsverða vinnu og dró í efa að ákvæðið hefði skapað aukið réttaröryggi fyrir sakborninga. Lögreglan hafi þurft eftir fyrirnefnda breytingu að nýta b. lið 74. gr. a laga nr. 19/1991 til þess eins að framlengja frest þann sem lögin heimiluðu lögreglu til að halda gögnum. Lögreglan hefði því farið fram á að sakborningur væri yfirheyrður fyrir dómi og þannig skapað mikla óþarfa vinnu bæði fyrir lögreglu og dómstóla. Lögreglan hafi þurft að eyða tíma sínum í fangaflutninga og yfirsetu yfir sakborningum fyrir dómi í stað þess að nýta tíma sinn í að sinna rannsókn málsins. Þetta fyrirkomulag væri til þess fallið að tefja rannsóknir sakamála. Í þessu samhengi nefndi ríkislögreglustjórinn að eitt af grundvallar mannréttindum sakbornings sé að um mál hans verði fjallað án óeðlilegs dráttar, sbr. 6. gr. MSE og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Í umsögn ríkislögreglustjórans er einnig nefnt að 43. gr. laganna stangist á við gildandi reglur í nágrannalöndum Íslands svo og önnur ákvæði laganna. Í því samhengi voru nefndar 103. gr. og 108. gr. laga 19/1991 um heimild til að halda sakborningi í einangrun á meðan hann sætir gæsluvarðhaldi og fallist dómstólar oft á að það sé heimilt í nokkrar vikur. Tilgangur þess væri að hann gæti ekki samræmt framburð sinn við annarra og að hægt verði að bera undir sakborningana í einrómi hvern og einn gögn málsins. Þrátt fyrir þessar heimildir þá er orðalag 1. mgr. 43. gr. laganna á þann veg að ein vika sé nægileg í öllum tilvikum fyrir lögreglu að halda gögnum og b. liður 74. gr. a aðeins undantekning sem að hámarki heimili lögreglu að halda gögnum í þrjár vikur. Ríkislögreglustjórinn benti einnig á að ástæða þess að lögreglu sé heimilt að halda gögnum í eina viku sé sú að viðurkennt sé að lögregla geti þurft svigrúm til þess að rannsaka mál áður en gögn eru afhent. Á grundvelli þess sé afar óeðlilegt að sett sé ákveðin tímalengd á þeim fresti þegar ljóst er að sakamál geti verið allt frá því að vera afar

⁸⁸ Úr umsögn réttarfarsnefndar um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

einföld og það taki einungis nokkra klukkutíma til að klára, að því að vera afar flókin sakamál t.d. efnahagsbrot sem taki oft mánuði eða ár að rannsaka að fullu. Eðlilegt væri að heimild lögreglu gæfi dómstólum svigrúm til þess að meta umfang málsins enda hafa þeir slíkt svigrúm í málefnum tengdum rannsóknarheimildum lögreglu sem varða mun ríkari hagsmuni t.d. varðandi tímalengd gæsluvarðhalds. Einnig nefndi ríkislögreglustjórinn máli sínu til stuðnings að samstarf lögreglu við erlend lögregluþyrirvöld yrði stefnt í hættu vegna þess að lög nágrannaríkja landsins geri ekki sambærilega skyldu til löggæslu stofnanna sinna. Því geti erlendar löggæslustofnanir ekki afhent íslenskum löggæslustofnunum gögn án þess að eiga von á því að þau verði svo afhent þeim sem til rannsóknar eru. Í þessu samhengi nefndi ríkislögreglustjórinn rannsóknir á sviði skipulagðar glæpastarfsemi og hryðjuverka. Að lokum nefndi ríkislögreglustjórinn að ástæða þess að 43. gr. laganna var breytt með lögum nr. 36/1999 var sú að fyrir breytingu var ákvæðið þannig úr garði gert að það heimilað verjendum ekki að kynna skjólstæðingum sínum efni málgagna sem þeir höfðu fengið aðgang að. Þetta hefði eðlilega sætt mikilli gagnrýni af hálfu verjanda á meðan það var í gildi enda setti ákvæðið verjendur í afkárlega stöðu gagnvart skjólstæðingi sínum. Ríkislögreglustjórinn benti á að þetta atriði væri ekki vandamál í nýja frumvarpinu enda hefði verjandi samkvæmt því fulla heimild til þess að afhenda og kynna skjólstæðingi sínum þau öll gögn málsins þegar þau væru afhent.⁸⁹

5.6.5 Umsögn ríkissaksóknara um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn sinni lagði ríkissaksóknari fram tillögu að orðalagi breyttrar 1. og 2. mgr. 43. gr. laga 19/1991 og var það svohljóðandi:

Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Verjanda er óheimilt að láta sakborningi eða öðrum í té eintak af endurriti nema með samþykki lögreglu.

Vegna rannsóknarhagsmuna, öryggishagsmuna ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila getur lögregla, í undantekningartilvikum, neitað að veita verjanda aðgang að einstökum gögnum máls eða lagt fyrir verjanda að kynna sakborningi eða öðrum ekki efni þeirra.

Ríkissaksóknari benti á að skv. orðalagi gildandi ákvæðis, þ.e. eftir breytingu með lögum 36/1999, væri ekki unnt að afstýra því að málgögn færu í hendur sakbornings eða jafnvel annarra. Mikilvægt væri að hafa heimild til að koma í veg fyrir að gögn sem innihalda viðkvæmar upplýsingar t.d. gögn í kynferðisbrotamálum og gögn sem varða mikilvæga hagsmuni þriðja aðila komist ekki í hendur sakborninga eða annarra. Ríkissaksóknari lagði

⁸⁹ Umsögn ríkislögreglustjórans um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Því til að ákvæðinu yrði breytt á þann veg að fest væri í lög að verjanda sakbornings væri óheimilt að láta sakborning eða öðrum í té þau endurrit sem hann fengi afhent samkvæmt ákvæðinu. Ekki væri gengið inn á rétt sakbornings með slíku ákvæði því verjanda væri heimilt að kynna skjólstæðingi sínum gögnin og ræða við hann um efni þeirra. Ríkissaksóknari kvað á um að nauðsynlegt væri að í sérstökum tilvikum yrði að vera hægt að synja verjanda um aðgang að gögnum máls eða að synja honum um heimild til að kynna sakborningi gögnin. Í því samhengi benti ríkissaksóknari á að slík heimild myndi ekki ganga svo langt að slík synjun myndi standa alla málsmeðferðina enda myndi slíkt ganga gegn öðrum réttarfarsreglum. Varðandi 2. mgr. þess ákvæðis sem ríkissaksóknari lagði til, yrði einungis í undantekningartilvikum heimilt að hafna verjanda sakbornings um aðgang að gögnum vegna rannsóknarhagsmuna, öryggis ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila. Sama myndi gilda um að synja verjanda um heimild til að kynna skjólstæðingi sínum efni gagna sem hann hefði aðgang að. Ákvarðanir lögreglu um að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum yrði hægt að bera undir dómara samkvæmt 75. gr. laga nr. 19/1991 og þyrfti því ekki að nefna það sérstaklega í 43. gr. laganna.⁹⁰

5.6.6 Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík kom fram að mikil óánægja væri meðal lögreglu, ákærvalds og lögmanna með ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu þess með lögum nr. 36/1999. Mælti hann með því að horfið yrði aftur til framkvæmdarinnar eins og hún var fyrir breytinguna, þar sem ekki hafi verið þörf á svo viðamiklum breytingum. Breytingarnar hefðu haft í för með sér mikil óþægindi fyrir lögreglu og gert henni erfitt fyrir við rannsóknir á umfangsmiklum fíkniefnamálum þar sem margir sakborningar koma við sögu. Lögreglan hafi þurft að eyða miklum tíma í að varna því að verjendur fengju aðgang að málgögnum. Frá því að lögunum var breytt hafi lögreglan í fjöldamörg skipti krafist þess að skýrsla verði tekin fyrir dómi, sbr. b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, lögreglan hafi þó ekki ætíð talið slíka skýrslutöku nauðsynlega til þess að upplýsa mál heldur hafi úrræðinu verið beitt til þess að fá lengri frest til þess að halda gögnum. Lögreglustjórinn bendir á að miðað við breytingu laganna frá 1999 virðist löggjafann skorta skilning á umfangi rannsóknum lögreglu á viðamiklum málum. Að breyta þurfi ákvæðinu enda hafi það líklega ekki verið ásetningur

⁹⁰ Umsögn ríkissaksóknara um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

lögjafans að gera lögreglu svo erfitt fyrir við rannsókn hinna alvarlegustu mála að ekki takist að upplýsa þau að fullu.⁹¹

5.6.7 Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga nr. 86/2004

Mannréttindaskrifstofa Íslands gagnrýndi ákvæði frumvarpsins um breytingu á 43. gr. á grundvelli þess að um væri að ræða skerðingu á mikilvægum mannréttindum, eða „*fair trial*“ eins og það var orðað í umsögninni. Mannréttindaskrifstofan vísaði í því samhengi til 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. MSE og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu þann 22. ágúst 1979. Ef tímamörkin sem lög nr. 36/1999 settu lögreglu til að afhenda gögn yrðu afnumin væri það óviðunandi skerðing á möguleikum verjanda til að undirbúa málsvörn og á jafnræði málsaðila fyrir dómi. Þó svo að ákvæði frumvarpsins beri með sér heimild fyrir verjanda til þess að bera synjun lögreglu undir dómstóla þá myndi það valda óeðlilegum tögum á störfum verjanda og þætti það vera skerðing á rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar. Í umsögninni var vísað til þess að í ýmsum dómum hjá MDE komi fram að sakborningur eða að minnsta kosti verjanda hans eigi rétt á að fá eftir að ákæra hefur verið birt aðgang að öllum gögnum sem fram koma við rannsókn máls. Sé sakborningi eða verjanda hans synjað um aðgang að gögnum málsins sé hann sviptur „aðstöðu“ til að undirbúa vörn og er vísað til 3. mgr. 6. gr. MSE í þessu samhengi.⁹²

5.6.8 Umfjöllun um andstæða hagsmuni

Umsagnir þær sem fjallað hefur verið um hér að framan bera með sér að andstæðir hagsmunir mætast þegar ákvarða þarf heimildir lögreglu til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls. Af lestri umsagna lögreglustjórans í Reykjavík og Ríkislögreglustjórans er auðséð að lögreglan telur að breyting ákvæðis 43. gr. laga nr. 19/1991 með lögum nr. 36/1999 hafi skapað töluverð vandamál fyrir lögregluna. Lögreglan þurfi að eyða tíma og vinnu í að fara fram á skýrslutöku fyrir dómi þegar slík skýrslutaka er í raun ekki í sjálfu sér að til þess gerð að upplýsa málið. Krafa um slíkt væri lögð fram til þess eins að skapa lögreglu svigrúm til þess að rannsaka mál frekar þegar það er á frumstigi. Reglurnar valdi því að lögreglan eigi erfðast með að rannsaka alvarlegustu málin. Jafnframt væri ákvæði laganna í andstöðu við

⁹¹ Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

⁹² Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga nr. 86/2004. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

sambærileg ákvæði í þeim löndum sem lögreglan væri í samstarfi við og hefði það afar slæm áhrif á samstarfið. Þar sem skipulögð glæpastarfsemi væri að færast í aukana og ógn vegna hryðjuverka að færast okkur nær þyrfti lögreglan að hafa svigrúm til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Dómstólaráð tók undir áhyggjur lögreglunnar að því leyti að ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 36/1999 hafi valdið auknu álagi á dómstóla og hefti lögreglu um of við rannsókn umfangsmikilla mála. Embætti Ríkissaksóknara lýsti skoðun sinni á því að ákvæðið þurfi að innihalda vörn fyrir brotþola, en afhending gagna sem innihalda viðkvæmar upplýsingar um brotþola gæti verið þeim afar þungbær. LMFÍ og Mannréttindaskrifstofa héldu uppi sjónarmiðum um að ekki mætti skerða réttindi verjanda og sakbornings um of. Rökstuðningur LMFÍ var á þá leið að frumvarpið bæri með sér skerðingu á réttindum sakbornings, en einungis mætti skerða slík réttindi ef fyrir lægju ríkar ástæður. LMFÍ benti á að enginn rökstuðningur væri fyrir fyrirætluðum skerðingum í frumvarpinu og af þeirri ástæðu gæti félagið ekki annað en lagst gegn því. Mannréttindaskrifstofa taldi að vegið væri að jafnræði málsaðila með þeim reglum sem settar voru fram í frumvarpinu og því brotið gegn réttlátri málsmeðferð sem tryggð væri í 6. gr. MSE. Af fyrrnefndum umsögnum er ljóst að lögreglan telur nauðsynlegt að hafa nægilegt svigrúm til þess að rannsaka umfangsmikil mál áður en gögn máls eru gerð sakborningi kunn. Hagsmunir lögreglunnar skarast á við hagsmuni sakbornings, sem hefur rétt á að fá aðgang að málgögnum svo hann geti notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Jafnframt geta hagsmunir brotþola og sakbornings skarast ef gögnin sem afhenda á innihalda viðkvæmar upplýsingar eða atriði um brotþolann. Brotþolinn geti haft ríka hagsmuni af því að slík gögn komist ekki í hendur sakbornings.

5.6.9 Nefndarálit meirihluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga nr. 86/2004

Í nefndaráliti meirihluta allsherjarnefndar Alþingis kom fram að nefndin hefði fjallað um málið og í tengslum við fyrirbyggjandi tillögur um breytingu á 43. gr. laganna fengið á fund sinn fulltrúa dómsmálaráðuneytisins, réttarfarsnefndar, ríkislögreglustjóra, dómstólaráði og Lögmannafélagi Íslands. Þeim hefði einnig borist þær umsagnir sem fjallað var í kafla 4.6. Eftir að nefndin hafði fjallað um umsagnirnar og fundað við fyrrnefnda aðila var það álit nefndarinnar að gild rök væru fyrir þeirri leið sem valin var í frumvarpinu en leit svo á að markmiðum 1. og 4. gr. frumvarpsins mætti ná fram með vægara móti. Nefndin mælti með því að frumvarpinu yrði breytt á þann veg að lögreglan hefði heimild til að neita verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur. Einnig yrði lögreglu

heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum á rannsóknarstigi máls og að heimilt væri að bera slíka synjun undir dómara. Nefndin lagði það til að 4. gr. frumvarpsins yrði breytt á þann veg að dómara væri veitt heimild til að framlengja frest lögreglu í allt að fimm vikur. Síðast lagði nefndin áherslu á að ákvæðið myndi innihalda heimild verjanda til þess að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti eftir að hann hefur fengið það í sínar hendur.⁹³

5.6.10 Ákvæði 43. greinar og b. liðar 1. mgr. 74. greinar a laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 86/2004

Eftir að allsherjarnefnd Alþingis hafði lagt tillögur að breytingum á frumvarpinu fyrir Alþingi hlaut frumvarpið samþykki þingsins í sinni breyttu mynd þann 28. maí 2004.⁹⁴ Frumvarpið varð að lögum nr. 86/2004 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum. Ákvæði 43. gr. og b. liðar 74. gr. a laganna eftir breytinguna hljómuðu svo:

43. gr.[1. [Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.

2. Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.]¹⁾

3. Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tiltekna rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.]²⁾

¹⁾L. 86/2004, 1. gr. ²⁾L. 36/1999, 12. gr.

74. gr. a.

b. Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. [Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.]¹⁾

Á ákvæðin reyndi í **dómi Hæstaréttar nr. 123/2006** þegar lögreglan gerði kröfu um að tekin yrði skýrsla af sakborningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem grunaður var um aðild að innflutningi á sterku amfetamíni í vökvaformi til landsins. Lögreglan taldi að ætlaður

⁹³ Nefndarálit meirihluta allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp til laga nr. 86/2004, þskj. 1662, 871. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/130/s/1662.html>

[Sótt á vefinn 24.03.2011]

⁹⁴ Breytingartillögur meirihluta allsherjarnefndar Alþingis við frumvarp til laga nr. 86/2004.

Breytingartillögurnar eru aðgengilegar á www.althingi.is.

samverkamaður hans hafi séð um sjálfan innflutninginn en sakborningurinn sem um ræddi séð um skipulag brotsins. Í kröfu lögreglunnar kom fram að lögreglan gerði kröfu um að dómurinn tæki skýrslu af sakborningnum og óskaði eftir því að heimild lögreglu til að synja verjanda sakborningsins um aðgang að rannsóknargögnum málsins yrði framlengd í allt að fimm vikur. Krafa lögreglunnar var rökstudd á grundvelli þess að nauðsynlegt væri að skýrslutakan færi fram fyrir dómi áður en sakborningurinn fengi aðgang að gögnum málsins sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991. Það gæti skaðað rannsókn málsins ef sakborningurinn fengi að kynna sér gögn málsins áður en skýrslutaka færi fram þar sem hann gæti lagt mat á sönnunarstöðu málsins og hagað framburði sínum með hliðsjón af framburðum annarra í málinu. Héraðsdómur féllst á kröfu lögreglunnar og framlengdi heimild hennar til að synja verjandanum um aðgang að gögnum málsins í allt að fimm vikur svo hægt væri að taka skýrslu fyrir dómi.

Verjandi sakborningsins skaut málinu til Hæstaréttar með kæru þar sem kærður var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um að framlengja heimild lögreglu til að synja verjanda sakborningsins um að afhendingu á gögnum málsins í allt að fimm vikur. Aðalkrafa verjandans var að honum yrði veittur aðgangur að öllum gögnum eldri en þriggja vikna gömlum, en til vara gerði hann kröfu um að fá aðgang að þeim gögnum sem orðin voru þriggja vikna gömul þegar krafa um skýrslutöku fyrir dómi var lögð fram. Lögreglan krafðist staðfestingar úrskurðar Héraðsdóms.

Hæstiréttur kvað meginregluna um afhendingu gagna vera að verjandi skuli jafnskjótt og unnt sé fá endurrit af öllum skjölum er mál varðar sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 86/2004. Undantekning væri í 2. mgr. þar sem mælt væri á um að lögreglu væri heimilt að synja verjanda um aðgang að gögnum í allt þrjár vikur frá því þau urðu til eða komust í hennar vörslur, ef lögregla teldi það geta skaðað rannsókn málsins. Hæstiréttur fjallaði einnig um undantekninguna sem væri í b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum þar sem dómara væri heimilt að framlengja þriggja vikna frestinn í allt að fimm vikur ef hann teldi slíka skýrslutöku nauðsynlega til að upplýsa mál áður en verjandi fengi aðgang að málgögnum. Hæstiréttur hafnaði kröfu lögreglunnar um heimild til að synja verjanda sakborningsins um aðgang að gögnum málsins á grundvelli b. liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 með eftirfarandi rökstuðningi:

Með hinum kærða úrskurði var fallist á beiðni sóknaraðila um að framlengja framangreindan frest til að neita verjanda varnaraðila um aðgang að gögnum málsins. Varnaraðili var viðstaddur uppkvaðningu úrskurðarins en skýrsla var ekki tekin af honum fyrir dómi í kjölfarið. Var látið við það sitja að varnaraðili staðfesti skýrslur sem hann hafði gefið fyrir lögreglu. Hefur sóknaraðili byggt á því að skýrslutaka fyrir dómi sé ekki tímabær en kveður hana eins og áður segir fyrirhugaða 10. mars og á ný viku síðar gerist þess þörf.

Þegar lítið er til dóma Hæstaréttar í sambærilegum málum verður að telja að þau rök sem sóknaraðili hefur fært fram til stuðnings kröfu sinni nægi ekki til að vikið verði frá framangreindri meginreglu um afhendingu gagna sem eldri eru en þriggja vikna, sbr. t.d. dóma réttarins á bls. 1289 og bls. 2638 í dómasafni 2004.⁹⁵ Verður ekki séð að vandkvæði hefðu verið á því að taka þá skýrslu af varnaraðila og veita verjanda að því búnu aðgang að þeim gögnum málsins sem þá voru þriggja vikna gömul í skilningi ákvæðisins. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um að framlengja frest í fimm vikur til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að áðurnefndum rannsóknargögnum málsins.⁹⁶

5.6.11 Ályktun um áhrif breytinga 43. gr. laga nr. 19/1991 með lögum nr. 86/2004 á réttarframkvæmd

Niðurstaða **Hæstaréttar í dómi nr. 123/2006** sem reifaður var hér að framan er í samræmi við niðurstöður í sambærilegum málum fyrir breytingu 43. gr. laga nr. 19/1991 með lögum nr. 86/2004. Í þessu máli sem var umfangsmikið í rannsókn virðist lögreglan hafa freistað þess að fá aukinn frest til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum málsins með því að krefjast skýrslutöku fyrir dómi á grundvelli b. liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991. Með sömu rökum og í fyrri málum þá hafnar Hæstiréttur kröfu lögreglunnar um aukinn frest til þess að halda gögnum enda var skýrslutaka fyrir dómi ekki framkvæmd þegar krafan var gerð og breytti engu þar um að rannsókn lögreglu væri ekki komin á það stig að tímabært væri að taka skýrslu af sakborningnum. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 væri ekki til þess gert að veita lögreglu aukinn frest til þess að rannsaka mál áður en sakborningur fengi gögn afhent heldur til þess að mögulegt væri að taka skýrslu fyrir dómi.

Ástæða þess að ákvæði 43. gr. og b. liðar 74. gr. a laga nr. 19/1991 voru tekin til endurskoðunar var sú að lögreglan hafði ekki nægilegt svigrúm til þess að ná traustum tókum á rannsóknum alvarlegra og umfangsmikilla mála áður en sakborningur hefði tækifæri á að kynna sér gögn málsins. Hættan væri sú að ef sakborningur fengi aðgang að gögnum máls á viðkvæmu stigi rannsóknar þá gæti hann skaðað rannsókn málsins, t.d. með því að hagræða framburði sínum eða með því að eyða gögnum sem lögreglan hefði ekki á þeim tíma haft vitneskju um eða tækifæri á að leggja hald á. Eins og fram kemur í umsögnum frá lögregluþingfyrirvaldi þarf mun rýmri tíma til þess að afla gagna í umfangsmiklum málum. Eins og frumvarpið var þegar það var fyrst lagt fyrir Alþingi átti að koma á móts við þarfir lögregluþingfyrivalda með því að veita lögreglunni svigrúm til þess að rannsaka umfangsmikil mál í lengri tíma áður en gögn málsins yrði afhent verjanda sakbornings. Allsherjarnefnd Alþingis, eftir að hafa ráðfært sig við umsagnaraðila um frumvarpið, ákvað að ganga skemur en lagt var upp með til þess að ganga ekki of langt í að skerða réttindi sakborninga. Breytingin

⁹⁵ Dómar Hæstaréttar nr. 235/2004 og 110/2004. Fjallað var um þá í kafla 5.5.6.

⁹⁶ Úr dómi nr. 123/2006.

var því fólgin í því að lengja þann vikufrest sem lögreglan hafði til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls í allt að þrjár vikur en einnig að lengja frest þann sem dómari gat veitt lögreglu í allt að fimm vikur ef farið væri fram á skýrslutöku fyrir dómi.

Á grundvelli niðurstaðna Hæstaréttar í málum þeim sem hér hafa verið til umfjöllunar þá getur lögreglan ekki fengið aukinn frest til þess að rannsaka mál á grundvelli b. liðar 1. mgr. 74. gr. a, heldur sé ákvæðið einungis heimild fyrir lögreglu til að krefjast skýrslutöku fyrir dómi enda sé skýrslutakan sjálf nauðsynleg á grundvelli sjónarmiða um rannsóknarhagsmuni. Miðað við að lenging frests b. liðar 1. mgr. 74. gr. a úr þremur vikum í fimm vikur hafi verið tilraun löggjafans til þess að koma á móts við lögregluyfirvöld til að veita þeim aukið svigrúm til þess að rannsaka mál áður en verjandi sakbornings fær aðgang að gögnum máls þykir ljóst að sú lagabreyting hafi ekki borið árangur. Einnig ber krafa lögreglunnar í máli **H 123/2006** vott um að lenging heimildar lögreglu til að synja verjanda sakbornings úr einni viku í þrjár vikur sbr. ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 hafi ekki borið ætlaðan árangur.

5.7 Frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála⁹⁷ var samið á vegum réttarfarsnefndar fyrir hönd dómsmálaráðherra. Í greinargerð með frumvarpinu er kveðið á um að lög um meðferð opinberra mála hafi borið með sér löngu tímabærar lagfæringar á réttarsviði opinbers réttarfars. Ekki yrði þó litið hjá því að tímabært væri að gera gagngera endurskoðun á lögunum miðað við breytingar síðastliðinna ára. Við gerð frumvarpsins var sérstaklega horft til nýlegra breytinga danskra og norskra laga á sviði sakamálaréttarfars. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er kveðið á um að lagabreytingar sem urðu á lögum nr. 19/1991 með lögum nr. 36/1999 hafi borið með sér framfarir í sakamálaréttarfari og myndu breytingarnar standa í meginráttum óbreyttar í nýjum sakamálalögum.⁹⁸

⁹⁷ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 28.03.2011].

⁹⁸Í almennum athugasemdum frumvarps til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 12.03.2011]

5.7.1 Almennar breytingar á sviði sakamálaréttarfars með lögum nr. 88/2008

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 báru með sér ákveðnar breytingar á réttarsviðinu. Gildissvið laganna var afmarkað með skýrari hætti en áður sbr. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þannig að lögin taka til þeirra mála sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar eða refsikenndra viðurlaga vegna gruns um refsiverða háttsemi og að önnur mál verða rekin sem einkamál. Leitast var við að bæta úr skorti heimilda almennings á aðgangi að upplýsingum um sakamál og var í 3. mgr. 56. gr. frumvarpsins lagt til að ríkissaksóknara yrði veitt heimild til þess að setja almennar reglur sem skylda lögreglu til að veita upplýsingar um rannsókn máls og í 1. mgr. 16. gr. kom fram að dómara yrði gert skylt að afhenda hverjum sem þess óskar afrit af ákæru og greinargerð ákærða nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir kom í veg fyrir það. Ástæða þess er að auðvelda aðgengi almennings að sakamálum í samræmi við meginreglu um opinbera málsmeðferð fyrir dómi.⁹⁹

Lögin mæla fyrir um breytingu á skipan ákæruvalds í þrjú stjórnarsýslustig í stað tveggja. Embætti héraðssaksóknara yrði stofnað og hefði til úrlausnar ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnarsýslustigi í stærri sakamálum. Ríkissaksóknari myndi vera æðsti handhafi ákæruvalds, hafa jafnframt eftirlitshlutverk gagnvart öðrum ákærendum og tæki ákvarðanir um áfrýjun sakamála fyrir dómstólum. Lögin innihalda einnig ítarlegan kafla um skýrslutöku lögreglu á rannsóknarstigi máls en litið var til þess hversu stóran þátt þær eiga í að upplýsa mál. Einnig fjalla lögin ítarlega um þvingunarráðstafanir lögreglu og aðrar ráðstafanir sem lögregla hefur við rannsóknir mála. Reglurnar voru sniðnar í samræmi við þróun danskra og norskra laga og var sérstaklega tekið á skilyrðum fyrir gæsluvarðhaldi og hvernig gæsluvarðhaldi verði háttáð varðandi einangrun fanga.¹⁰⁰

Reglur um sönnun og sönnunargögn héldust að meginstefnu óbreytt en gerð var sú breyting að lögin voru gerð líkari því sem tíðkast hefur í lögum um meðferð einkamála. Ákvæði um matsgerðir, skjöl, önnur sýnileg sönnunargögn og öflun sönnunargagna fyrir dómi voru gerð ítarleg, sbr. XIX., XX. og XXI. kafla frumvarpsins. Hvað varðar formbreytingu var ákvæði IV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um hvernig ætti að háttá málum þegar sakamál er háð kröfu brotþola, fellt inn í lög um meðferð sakamála.

Heimilað var ákærða að skila skriflegri greinargerð með sama hætti og hefur verið í lögum um meðferð einkamála sbr. 165. gr. sml. Heimildin væri til þess að auka jafnvægi á

⁹⁹ Í kafla III frumvarps til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 12.03.2011]

¹⁰⁰ Sama heimild.

milli málsaðila sakamála en einnig til að auðvelda úrlausn málsins sérstaklega í flóknari málum.¹⁰¹ Sérstakar reglur um heimild til að endurupptaka mál fyrir héraðsdómi sem hefur verið lokið með dómi skv. 161. gr. sml. eru nýjung í lögnum ásamt því að í XXXV. kafla laganna er kveðið heildstætt á um réttarfarssektir. Síðast má nefna að reglur sem kveða á um nálgunarbann skv. lögum nr. 94/2000 voru skildar frá lögum um meðferð sakamála enda ekki um ráðstöfun í tengslum við rannsókn máls heldur fyrirbyggjandi aðgerð sem ætlað er til að koma í veg fyrir að afbrot verði framið.¹⁰²

5.7.2 Aðgangur verjanda að gögnum rannsóknarstigi máls í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála

Í almennum athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kemur fram að ákvæði um heimildir sakbornings til aðgangs að gögnum máls á rannsóknarstigi máls sé að finna í 37. gr. laganna og sé ákvæðið grundvallað á 1. og 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Fram kemur einnig að réttarfarsnefnd hafi við vinnslu frumvarpsins leitt hugann að því að færa ákvæðið í upprunalegt horf við eins og það var við gildistöku laga nr. 19/1991, þannig að verjandi hefði aðgang að gögnum málsins jafnskjótt og þau yrðu til eða kæmu til lögreglu, gegn því að verjandinn kynnti ekki skjólstæðingi sínum innihald þeirra teldi lögregla það nauðsynlegt vegna rannsóknarhagsmuna. Fallið var frá þeim hugmyndum á grundvelli þess að það ákvæði var gagnrýnt mikið á sínum tíma í ljósi þess að það samræmdest ekki hlutverki verjanda að halda gögnum leyndum fyrir skjólstæðingi sínum. Í ljósi þess var ákvæði 37. gr. lag nr. 88/2008 haft í samræmi við þær breytingar sem urðu á 43. gr. laga nr. 19/1991 með lögum nr. 36/1999 og 86/2004 með viðbót í 3. mgr. ákvæðisins þar sem kveðið er á um heimild lögreglu til að synja verjanda og þar með sakborningi aðgang að einstökum gögnum á rannsóknarstigi máls ef öryggi ríkisins, almennings eða brýnir einkahagsmunir annarra aðila séu í húfi. Sé þessari heimild beitt væri verjanda eða sakborningi heimilt að bera synjun lögreglunnar undir dómara.

Í umsögn um 37. gr. í greinargerð sml. kemur fram að fyrsta málsgrein laganna er svo til samhljóða 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 86/2004. Orðalag greinarinnar ber með sér að heimild verjanda til aðgangs að gögnum er varða hans

¹⁰¹ Í kafla III frumvarps til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 12.03.2011]

¹⁰² Sama heimild.

skjólstæðing eingöngu. Þá er heimild dómara til þess að framlengja frest lögreglu til að synja verjanda sakbornings um gögn í allt að fimm vikur á grundvelli þess að lögregla hafi óskað eftir því að skýrsla verði tekin af sakborningi fyrir dómi sem áður var í b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 færð í 2. mgr. 37. gr. sml. Í 4. mgr. 37. gr. er kveðið á um að verjanda sé heimilt að afhenda skjólstæðingi sínum eintak af þeim gögnum sem hann hafi fengið afhent á grundvelli ákvæðisins. Óhjákvæmilegt þykir að í undantekningartilvikum þurfi að synja verjanda um heimild til aðgangs að gögnum þegar brýnir einka- eða almannahagsmunir annarra en skjólstæðings hans standa því í vegi. Í **dómi Hæstaréttar nr. 432/1999**¹⁰³ staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu Héraðsdóms um að synja verjanda sakbornings í fíkniefnamáli um aðgang að símhlerunum er vörðuðu ekki skjólstæðing hans heldur gátu innihaldið samtöl um persónuleg málefni annarra.¹⁰⁴ Á grundvelli þess að reglunni hefur verið beitt í dómaframkvæmd og þess að hún er í samræmi við 1. mgr. 242. gr. norsku réttarfarslaganna¹⁰⁵ þótti rétt að leiða hana í lög.¹⁰⁶

Rétt þótti að lögfesta heimild fyrir lögreglu til að synja verjanda um aðgang að málgögnum ef öryggi ríkisins eða almennings sé stefnt í hættu. Ástæða þess var sökum aukinnar hættu á hryðjuverkum og skipulagðri brotastarfsemi, sem hefur færst í aukana á síðastliðnum árum. Talið var rétt að láta hagsmuni verjanda og sakbornings víkja fyrir þessum mikilvægu hagsmunum en þar sem um er að ræða undantekningu sem þrengir að mannréttindum sakborninga ber að skýra ákvæðið þröngt. Einungis yrði heimilt að synja verjanda eða sakborningi um aðgang að gögnum á grundvelli þessa ákvæðis ef um væri að ræða rannsókn sem beindist að afbroti á borð við landráð eða brotum gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess sbr. X. og XI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig ef brotið hefði í för með sér almannahættu sbr. XVII. kafla sömu laga. Í meðferð frumvarpsins fyrir Alþingi var orðalagi 3. mgr. 37. gr. breytt á þann veg að bætt var við málsgreinina undantekningu er varðar heimild lögreglu til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls ef samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum standa því í vegi. Ástæða þess mun vera sú að erlend lögreglufirvöld munu vera treg til þess að afhenda íslenskum lögreglufirvöldum gögn þar sem íslenskar reglur um aðgang sakbornings að gögnum máls á rannsóknarstigi eru rýmri en víða erlendis. Þetta mun hafa valdið lögreglu þó nokkrum

¹⁰³ Dómurinn er reifaður í kafla 5.2.

¹⁰⁴ Ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 36/1999 var í gildi þegar málið var tekið fyrir.

¹⁰⁵ Í athugasemdum frumvarps til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 um 37. gr., þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/0252.html>

[Sótt á vefinn 14.03.2011]

¹⁰⁶ Sama heimild.

vandræðum í erlendu samstarfi og var þessu orðalagi bætt við ákvæðið til þess að koma á móts við þessi sjónarmið. Lokamálsliður 37. gr. var tekinn upp í sakamálalögin án breytingar og voru því engar athugasemdir um hann í umsögn um ákvæðið í greinargerð með lögunum.¹⁰⁷

5.7.3 Meðferð frumvarps til laga um meðferð sakamála fyrir Alþingi

Frumvarp til laga um meðferð sakamála¹⁰⁸ var lagt fram af dómsmálaráðherra fyrir Alþingi þann 15. nóvember 2007. Eins og fram hefur komið var frumvarpið lagt fram í þeim tilgangi að gera gagngera endurnýjun á sakamálalögum og leysa af hólmi lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum. Frumvarpið var unnið af réttarfarsnefnd fyrir tilstuðlan dómsmálaráðherra og hófst vinna við frumvarpið árið 2003. Eftir fyrstu umræðu á Alþingi var frumvarpið lagt fyrir allsherjarnefnd þingsins sem óskaði eftir umsögnum vegna þess frá aðilum sem hagsmunum höfðu af setningu laganna þar á meðal stofnana, félaga og hagsmunasamtaka. Allsherjarnefnd fékk á sinn fund fulltrúa Ákæranda félags Íslands, Barnaverndarstofu, Dómarafélagi Íslands, dómsmálaráðuneytinu, dómstólaráði, Héraðsdómi Reykjavíkur, Landsambandi lögreglumanna, LMFÍ, Lögreglustjórafélagi Íslands, Persónuvernd, réttarfarsnefnd, fyrrverandi ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og skattrannsóknastjóra ríkisins. Allsherjarnefnd bárust einnig skriflegar umsagnir frá þessum aðilum og voru þær hafðar til hliðsjónar við undirbúning setningu laganna. Af þeim skriflegu umsögnum sem bárust allsherjarnefnd kom einungis umsögn laganefndar LMFÍ með athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á reglum um skyldu lögreglu til að afhenda verjendum gögn á rannsóknarstigi máls.¹⁰⁹

Í umsögn laganefndar LMFÍ um 37. gr. frumvarpsins kom fram að nefndin gerði athugasemd við að orðalag greinarinnar þrengdi að rétti verjanda til aðgangs að gögnum máls samanborið við 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991. Nefndin lagðist gegn breytingunni á

¹⁰⁷ Í athugasemdum frumvarps til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 um 37. gr., þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>
[Sótt á vefinn 14.03.2011]

¹⁰⁸ Frumvarp til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 um 37. gr., þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>
[Sótt á vefinn 19.03.2011]

¹⁰⁹ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>
[Sótt á vefinn 28.03.2011].

grundvelli þess að í eldra ákvæðinu ætti verjandi rétt á endurriti af öllum skjölum sem mál varðar en 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins var réttur verjanda takmarkaður við aðgang að skjölum málsins er varða skjólstæðing hans. Óásættanlegt væri ef verjandi þyrfti að sæta því að lögregla legði mat á hvaða skjöl ættu einungis við um hans skjólstæðing. Taldi nefndin líklegt að verjendur myndu oft láta reyna á þetta mat fyrir dómstólum og það hefði í för með sér hrinu dómsmála. Nefndin taldi að hagsmunir ákærvaldsins yrðu ekki skertir þó að fallið yrði frá þessari breytingu og væri því ástæðulaus.¹¹⁰

Í nefndarálini allsherjarnefndar Alþingis kom fram að nefndin legði til að bætt væri við 3. mgr. 37. gr. frumvarpsins heimild lögreglu til synja verjanda um aðgang að einstökum skjölum og gögnum máls á rannsóknarstigi ef samskipti við yfirvöld í öðrum löndum stæði því í vegi. Í álini nefndarinnar kom fram að aðgangur verjanda að gögnum máls á rannsóknarstigi væri hérlendis greiðari en erlendis. Erlend lögregluyfirvöld væru treg til að láta íslensk lögregluyfirvöld fá gögn af ótta við að þau yrðu gerð kunn sakborningum og með því skaðað þarlenda rannsóknarhagsmuni. Breytingin væri til þess gerð að koma á móts við þessi sjónarmið en bætti því við að í ljósi þess að þar sem um undantekningarákvæði væri að ræða skyldi skýra ákvæðið þröngt.¹¹¹

Við gildistöku laga nr. 88/2008 þann 1. janúar 2009 hljómaði 37. gr. laganna með eftirfarandi hætti:

1. mgr. Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstæðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um afrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má synjun undir dómara.
2. mgr. Nú hefur lögregla krafist skýrslutöku fyrir dómi skv. b-lið 1. mgr. 59. gr. og getur þá dómari framlengt frest skv. 1. mgr. í allt að fimm vikur svo að unnt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.
3. mgr. Enn fremur getur lögregla synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan á rannsókn máls stendur ef öryggi ríkisins eða almennings er í húfi ellegar brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstæðings hans eða samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum standa því í vegi. Bera má þá synjun undir dómara.
4. mgr. Þegar verjandi hefur fengið aðgang að gögnum máls er honum heimilt að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim eða kynna honum þau með öðrum hætti.
5. mgr. Lögregla skal gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er. Skal hún taka til greina ábendingar hans um tiltekna rannsóknaraðgerðir nema hún telji þær óheimilar eða þýðingarlausar.

¹¹⁰ Umsögn laganeftndar LMFÍ um frumvarp til laga nr. 88/2008. Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

¹¹¹ Nefndarálit allsherjarnefndar alþingis, þskj. 1153, 233. mál.

Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:

<http://www.althingi.is/altxt/135/s/1153.html>

[Sótt á vefinn 12.04.2011].

Í fyrstu setningu 1. mgr. 37. gr. er kveðið á um réttindi verjanda til að fá afhent afrit af öllum skjölum máls er varða skjólstæðing hans, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn í málinu. Réttindin eru takmörkuð við skjöl sem eiga við skjólstæðing verjandans. Borið saman við ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991¹¹² sést að réttur verjanda sakbornings til þess að fá afrit af skjölum náði til allra skjala er vörðuðu málið samkvæmt eldra ákvæðinu en ekki aðeins skjólstæðing verjandans. Önnur setning 1. mgr. 37. gr. inniheldur heimild lögreglunnar til að synja verjanda sakbornings um aðgang að einstökum skjölum eða gögnum máls í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í hennar vörslur telji hún að það geti skaðað rannsókn málsins. Orðalagið er í sömu mynd og það var í 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 86/2004. Í lok 1. mgr. 37. gr. er kveðið á um heimild lögreglu til að neita verjanda um afrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur og að bera megi bera þá synjun undir dómara. Þetta orðalag er í samræmi við niðurlag 1. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 36/1999 að því undanskyldu að stað orðsins „endurrit“ í eldri lögum kom orðið „afrit“.

Í 2. mgr. 37. gr. er kveðið á um heimild dómara til þess að framlengja frest lögreglu skv. 1. mgr. 37. gr., hafi lögreglan krafist þess að skýrslutaka fari fram fyrir dómi á grundvelli ákvæðis 59. gr. laga nr. 88/2008. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 hljómaði svo við gildistöku laga nr. 88/2008:

59. gr. Meðan á rannsókn stendur fer skýrslutaka fram fyrir dómi í eftirgreindum tilvikum:
b. af sakborningi, brotþola eða öðrum vitnum ef lögregla telur það nauðsynlegt til þess að upplýsa mál áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess.

Sambærileg heimild var áður í b. lið 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála¹¹³ Ekki verður séð af samanburði ákvæðanna að þessi heimild hafi breyst þrátt fyrir tilkomu nýrra laga.

Í 3. mgr. 37. gr. er heimild fyrir lögreglu að synja verjanda sakbornings um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan á rannsókn máls stendur í ákveðnum tilvikum

¹¹² 43. gr. laga nr. 19/1991 eftir breytingu með lögum nr. 86/2004: „Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða, svo og aðstöðu til að kynna sér önnur gögn sem ekki verða endurrituð. Lögregla getur þó neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Af sömu ástæðu er lögreglu heimilt að neita verjanda um endurrit af einstökum skjölum meðan á rannsókn máls stendur. Bera má þá synjun undir dómara.“

¹¹³ Ákvæði b. liðar 1. mgr. 74. a laga nr. 19/1991, sbr. lög nr. 86/2004: „Ef lögregla telur nauðsynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, ber dómara að verða við slíkri beiðni þótt ákæra hafi ekki verið gefin út. [Ef þörf krefur getur dómari framlengt frest skv. 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að hægt verði að ljúka skýrslutöku innan hans.“

og hefur verjandi sakbornings heimild til þess að bera synjun lögreglunnar undir dómara. Ekki er að finna hliðstæða heimild í eldir lögum um sama efni.

Heimild verjanda sakbornings til þess að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af öllum göngum máls sem hann hefur fengið aðgang að er að finna í 4. mgr. 37. gr. Heimildin er sambærileg við heimild í 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991. Orðalag 2. mgr. 43. gr. kvað á um að verjanda væri heimilt að láta sakborningi í té eintak af þeim endurritum sem hann hafði fengið afhent hjá lögreglunni en í 4. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008 er kveðið á um heimild verjanda til að láta skjólstæðingi sínum í té eintak af þeim gögnum sem hann hafði fengið aðgang að.¹¹⁴

Í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008 er kveðið á um skyldu lögreglunnar til að gefa verjanda færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar máls og skyldu hennar til að taka til greina ábendingar verjandans um rannsóknaraðgerðir. Orðalag ákvæðisins er í fullkomnu samræmi við orðalag 3. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991.

5.7.4 Dómar Hæstaréttar í málum þar sem reynt hefur á ákvæði 37. laga nr. 88/2008

Í kjölfar þess að lög nr. 88/2008 tóku gildi reyndi á ákvæði 37. gr. laganna í málum fyrir Hæstarétti. Í því samhengi þykir rétt að fjalla um **dóma Hæstaréttar í málum nr. 495-, 496- og 497/2009** er varða rannsókn sérstaks saksóknara¹¹⁵ á kaupum félagsins Q Finance ehf. á 5% hlut í Kauppingi banka hf. á árinu 2008. Einnig reyndi á ákvæði 37. gr. í dómi **H 614/2010** þegar verjandi sakborninga óskaði eftir afriti af ljósmyndum sem lögreglan hafði lagt á við rannsókn máls. Dómar **H 495-, 496- og 497/2009** eru efnislega samhljóma en við umfjöllunina er stuðst við mál **nr. 495/2009**.

5.7.5 Dómur Hæstaréttar í máli sérstaks saksóknara nr. 495/2009

Við rannsókn sérstaks saksóknara í málinu voru teknar hljóð- og myndritaðar skýrslur af vitnum og sakborningum á tölvutæka diska. Verjandi sakbornings í málinu gerði kröfu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann 19. ágúst 2009 um að fá afhent endurrit af þeim hljóð- og mynddiskum sem hafa verið í vörslum saksóknarans í meira en þrjár vikur. Verjandinn hafði síðast fengið afhent gögn frá sérstaka saksóknaranum þann 2. júlí sama ár. Hann kvaðst þá

¹¹⁴ 2. mgr. 43. gr. laga nr. 19/1991 : „Þegar verjandi hefur fengið afhent endurrit af skjölum máls er honum heimilt að láta sakborningi í té eintak af endurriti eða kynna honum það með öðrum hætti.“

¹¹⁵ Skipaður á grundvelli laga nr. 135/2008.

hafa fengið afhent umbeðin gögn að undanskildum afritum af skýrslum á hljóð- og mynddiskum af vitnum og öðrum sakborningum málsins. Verjandinn hafði þó fengið afhent afrit af hljóð- og mynddisk af skýrslutökum af skjólstæðingi sínum. Sérstaki saksóknarinn kvaðst hafa afhent verjandanum öll gögn málsins og hafa til reiðu aðstöðu svo hann gæti kynnt sér önnur gögn málsins. Gögn málsins séu endurrituð á pappír og afhent jafn fljótt og þeirri vinnu líkur. Sérstaki saksóknarinn kvaðst ekki hafa skyldu til að afhenda önnur gögn en afrit af skjölum.

Verjandinn kvaðst eiga rétt á því að fá öll skjöl afhent er málið varðar á grundvelli 1. mgr. 37. gr. sml. Heimild lögreglu til að takmarka aðgang að gögnum sé einungis þrjár vikur og sé það meginregla að gögnin skulu afhent. Orðalag ákvæðisins um að verjandi eigi rétt á að honum sé útveguð aðstaða til að skoða eigi við um önnur gögn, t.d. vopn og fíkniefni. Hinsvegar sé vel hægt að endurrita hljóð- og mynddiska og því eigi hann rétt á slíku endurriti.

Sérstaki saksóknarinn byggði á því að sér bæri einungis skylda til að afhenda verjanda sakbornings afrit af skjölum og hafi hann gert það. Hann hafi útbúið aðstöðu fyrir verjandann svo hann gæti kynnt sér önnur gögn málsins og hann því uppfyllt þær kröfur sem fyrrnefnt ákvæði gerði.

Héraðsdómur í niðurstöðu sinni benti á að orðalag 1. mgr. 37. gr. sml. bæri með sér að lögreglu bæri skylda til að afhenda skjöl. Orðið skjöl yrði að skilja samkvæmt almennri merkingu, „þ.e. pappír með áletruðum texta, myndum, teikningum eða öðru svipuðu.“ Hvorki ákvæðið sjálft né greinargerðin með því gæfi til kynna að skilja ætti orðið með öðrum hætti. Önnur gögn þyrfti ekki að afrita og afhenda jafnvel þó það væri hægt. Með þessum rökstuðningi hafnaði Héraðsdómur kröfu verjandans um að sérstökum saksóknara yrði gert skylt að afhenda önnur gögn en afrit af gögnum sem rituð væru á pappír.

Verjandi sakborningsins skaut málinu til Hæstaréttar með kærnu þann 31. ágúst 2009 og krafðist þess að úrskurður Héraðsdóms yrði felldur úr gildi og að sérstökum saksóknara yrði gert skylt að afhenda afrit af þeim hljóð- og mynddiskum af skýrslutökum í málinu sem honum hefði verið synjað um aðgang að. Hæstiréttur fjallar bæði um 1. og 3. mgr. 37. gr. í dómi sínum og nefnir að í 3. mgr. ákvæðisins komi fram að lögregla geti synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan rannsókn máls standi öryggi ríkisins eða almennings er í húfi, eða brýnir einkahagsmunir annarra eða samskipti við yfirvöld í öðrum ríkjum komi í veg fyrir það. Dómurinn nefnir að í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 88/2008 er fjallað sérstaklega um hagsmuni þriðja aðila og að með setningu laganna væri verið að festa í lög reglu sem dómstólar hafa beitt t.d. í **dómi Hæstaréttar í máli nr. 432/1999**. Fram kemur einnig að það verklag að taka skýrslutökur upp á hljóð- og

myndband eða mynddisk sé í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 651/2009, sbr. 67. gr. sml.¹¹⁶ Þar sé kveðið á um þrjár mismunandi leiðir til að skrá framburð viðmælandans í skýrslutökunni, þ.e. að rita samantekt að lokinn skýrslutöku, skrá skýrsluna nánast orðrétt samhliða upptöku eða að rita orðrétt endurrit eftir að upptöku. Síðastnefndu aðferðinni var beitt umræddri rannsókn.

Við úrlausn málsins leitaði Hæstiréttur að orðskýringu á hugtakinu skjal í 1. mgr. 37. gr. sml. Fram kom að orðið kæmi oft fyrir í lögnum og að ljóst væri að ekki væri alltaf lögð sama merking í það í öllum tilvikum. Stundum yrði það skýrt eftir almennum málskilningi og þá í samræmi við niðurstöðu Héraðsdóms en í öðrum ákvæðum skýrt rýmra þannig að það geti tekið til gagna annarra en pappírs með áletruðum texta, myndum eða öðru efni. Í ákvæði 1. mgr. 37. gr. sml. er fjallað um skjöl en einnig um önnur gögn og gildir sitthvor reglan um meðferð þeirra án þess að gerð sé grein fyrir mismunandi þýðingu hugtakanna. Í mörgum lögum á sviði réttarfars er fjallað með ýmsu móti um skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Almennt þegar fjallað er um skjöl er átt við gögn á pappírformi, en annað talið falla undir önnur sýnileg sönnunargögn. Varðandi 1. mgr. 37. gr. sml. yrði ekki annað séð en að slík skýring ætti við jafnvel þótt rætt væri um önnur gögn en ekki önnur sýnileg sönnunargögn. Skýringin væri studd með almennri málnotkun. Á grundvelli þess hvíldi afhendingarskylda skv. ákvæðinu einungis til skjala í pappírformi en ekki til afrita hljóð- og mynddiska. Um röksemdir verjandans um að í ljósi tækniframfara væri mögulegt að fjölfalda önnur gögn pappír kvað Hæstiréttur eftirfarandi:

Skiptir ekki máli við skýringu ákvæðisins þótt tækniframfarir geri út af fyrir sig kleift að fjölfalda gögn, sem koma fyrir í öðru formi, sem áður var ekki unnt eða erfitt að gera.

Af þessu þykir ljóst að röksemdir um tækniframfarir sem geri það kleift að endurrita annarskonar gögn en á pappírformi ráði það ekki eitt og sér niðurstöðu málsins.

Í sératkvæði sínu kvaðst dómari Jón Steinar Gunnlaugsson vera ósammála meirihluta dómsins þegar kæmi að skýringu orðsins skjal í 1. mgr. 37. gr. sml. Hann benti á að í 66. gr. sml. væri gert ráð fyrir því að framburðarskýrslur við rannsókn sakamála væru hljóðritaðar eða teknar upp á myndband eða mynddisk. Einnig að 1. mgr. 37. gr. sml. væri sett til þess að tryggja að gögn máls væru afhent verjanda en einnig á grundvelli sjónarmiða um að tryggja réttaröryggi og möguleika til málsvarnar. Sömu sjónarmið ættu við þegar framburðarskýrslur væru teknar upp í hljóð- og mynd og þegar þær væru ritaðar á pappír. Því

¹¹⁶ 67. gr. sml.: [Ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um málaskrá lögreglu, um skýrslur sem teknar eru og varðveislu skriflegra skýrslna, hljóðritana, myndbanda og mynddiska með framburði skýrslugjafa.

¹⁾L. 162/2010, 194. gr. ²⁾Rg. 651/2009.

til stuðnings bendir hann á ákvæði c. liðar 1. mgr. 192. gr. sml. þar sem fjallað er um heimild til þess að kæra úrskurð dómara Héraðsdóms til Hæstaréttar, en þar er orðalagið „afrit af gögnum“ notað. Telur hann ljóst að þar sé átt við gögn sem hægt sé að afrita án tillits til gerðar þeirra. Niðurstaða hans var því sú að verjandi eigi rétt á að fá afhent gögn sem hægt sé að afrita á grundvelli 1. mgr. 37. gr. sml. nema þau væru sérstaklega undanþegin með öðrum ákvæðum laganna.

Um röksemdir saksóknarans er varða vernd persónuupplýsinga annarra en sakborningsins vísaði dómari til þess að heimild til þess væri að finna í 3. mgr. 37. gr. sml. en skilyrði hennar væri að brýnir einkahagsmunir annarra en sakborningsins þyrftu að standa í vegi afhendingarinnar. Saksóknarinn hefði ekki gert grein fyrir því hvaða brýnu hagsmuni væri verið að vernda í þessu tilviki. Dómari benti á að í sml. væri að finna heimild til að kæra ákvörðun lögreglunnar um að synja verjanda sakbornings um gögn eins og gert hafi verið í þessu tilviki og að sú heimild væri gagnslaus ef dómari gæti ekki lagt mat á nauðsyn þess að halda gögnunum frá verjanda. Leggja þyrfti fram rökstuðning og gera grein fyrir því hvaða brýnu hagsmuni væri verið að vernda með synjun um að afhenda gögn. Dómari taldi því rétt að fella úr gildi úrskurð Héraðsdóms um að lögreglu væri heimilt að synja verjanda sakborningsins um afrit af skýrslutökum á fyrrnefndum hljóð- og mynddiskum.

5.7.6 Dómur Hæstaréttar í máli nr. 614/2010

Ríkissaksóknari gaf út ákæru á hendur tveimur aðilum fyrir blygðunarsemisbrot og brot gegn barnaverndarlögum fyrir að hafa staðið að töku 64 mynda af stúlkum, lítt klæddum eða ekki klæddum í sturtu eða í búningsklefum. Myndirnar fundust í síma og í tölvu annars ákærða. Verjandi ákærðu gerði kröfu um að lögregla afhenti honum afrit af myndunum hvort sem var á tölvutæku formi eða útprentaðar. Ákæruvaldið fór fram á að kröfu verjandans yrði hafnað og aðgangur hans og ákærðu yrði takmarkaður við sýningu þeirra á starfsstöð lögreglu. Réttargæslumaður brotþola tók undir sjónarmið ákæruvaldsins.

Rök verjandans voru þau að hann teldi myndirnar sjálfar vera grundvallar sönnunargögn málsins og án þeirra væri ekki hægt að kveða á um hvort lögbrot hafi verið framið. Aðgangur að myndunum væri nauðsynlegur til að halda uppi vörnum og til þess að jafnræði væri með aðilum máls. Verjandinn kvað skjöl í skilningi 1. mgr. 37. gr. sml. ná yfir efni mynddiska þó það hefði ekki verið prentað út. Ef svo væri ekki raunin gæti lögregla haldið öllum gögnum frá verjendum og þar með sakborningum með því að halda þeim á tölvutæku formi.

Ákærvaldið byggði synjun sína á 37. gr. sml. og á að efni ákærunnar beindist að broti ákærðu er fæli í sér vörslur á umræddum myndum, þ.e. að ákærðu hefðu ekki heimild til þess að hafa myndirnar undir höndum og yrði því afhending myndanna sérstakt brot. Ákærvaldið tók það fram að verjandanum og ákærðu vær heimilt að kynna sér myndirnar á starfsstöð lögreglu og að kostnaður af ferðum vegna þess yrði greiddur af ákærvaldinu.

Héraðsdómur tók það fram að orðalag 1. mgr. 37. gr. hafi verið skýrt af Hæstarétti í **dómi 495/2009** á þann veg að skylda lögreglu til að afhenda afrit af skjölum eigi ekki við um afrit af mynddiskum. Dómurinn tók það fram að ljóst væri að stúlkurnar sem myndirnar væru af ættu einkahagsmuni til þess að myndunum yrði ekki deilt á fleiri staði en meðferð málsins krefðist. Hagsmuni þeirra yrði að hafa til hliðsjónar þegar brýnir hagsmunir ákærðu um rétt til málsvarnar væru metnir. Niðurstaða Héraðsdóms var sú að ákærvaldið hefði heimild til að synja verjanda ákærðu um afrit af gögnunum enda hefðu ákærðu og verjandi þeirra aðgang að myndunum á starfsstöð lögreglu. Það ætti það nægja til þess að verjandinn eða ákærðu gætu átta sig á hvort ástæða væri til að óska eftir afhendingu á einstökum myndum teldu þau þörf á því og synjun við því væri hægt að bera undir dóm að nýju.

Í niðurstöðu sinni fjallaði Hæstiréttur um að lögregla geti synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum á meðan rannsókn máls fer fram ef brýnir einkahagsmunir annarra en sakborningsins standa því í vegi. Dómurinn kvað á um að ákvæðið fæli í sér það úrræði að heimilt væri að veita sakborningi aðgang að skjölum á lögreglustöð og væri það vægara úrræði en að synja alfarið kröfu verjanda um aðgang að gögnum. Í sml. væri ekki að finna sambærilega reglu eftir að mál hefur verið höfðað þó svo að hagsmunir þeir sem ákvæðið verndar breytast ekki þrátt fyrir að rannsókn sé lokið og ákæra gefin út. Um það atriði kvað Hæstiréttur eftirfarandi í niðurstöðum sínum:

Verður allt að einu talið að sömu reglur gildi eftir málshöfðun, enda sé þess í hvívetna gætt svo sem í máli þessu að varnaraðilar fái viðunandi aðstöðu og nægan tíma til að kynna sér myndirnar og undirbúa vörn sína í málinu.

Dómurinn taldi því að sama regla ætti að gilda eftir málshöfðun með þeim skilyrðum hvívetna væri gætt að varnaraðilar hefðu viðunandi aðstöðu og tíma til að kynna sér gögnin og undirbúa málsvörn. Með þessum athugasemdum staðfesti Hæstiréttur úrskurð Héraðsdóms á grundvelli forsendna hans.

5.7.7 Ályktanir af dómum Hæstaréttar í málum nr. 495/2009 og nr. 614/2010

Í framangreindum dómum skýrir Hæstiréttur orðalag ákvæðis 37. gr. sml. á þann veg að orðið skjöl í ákvæðinu merki einungis pappír með áletruðum texta, myndum og öðru efni. Ákvæðið leggur því ekki skyldu á lögreglu og ákærvald til þess að afhenda afrit af öðrum gögnum svo sem á tölvutæku formi. Þrátt fyrir að verjendur beri því við að orðalag ákvæðisins sé úrelt á grunvelli þess að skjöl séu oftast vistuð á tölvutæku formi en á pappír taldi Hæstiréttur að skýra skyldi ákvæðið eftir orðanna hljóðan. Í þessu samhengi má nefna að orðalag það sem 37. gr. ber með sér að þessu leyti var með sama lagi í ákvæði 43. gr. laga nr. 19/1991 frá gildistöku laganna. Á hinn bóginn verður ekki litið hjá því að ákvæðið hefur fengið mikla athygli vegna þess að það hefur þótt umdeilt og hafa dómstólar oft þurft að koma að túlkun þess. Einnig hefur ákvæðið verið endurskoðað þrívegis frá því það leit fyrst dagsins ljós án þess að orðalagi greinarinnar verið breytt á þann hátt að það taki utan um annað en skjöl. Það gæti bent til þess að ekki hafi það verið ásetningur löggjafans að heimila verjendum að fá afhent önnur gögn en skjöl í pappírformi.

Niðurstöður Hæstaréttar bera með sér að réttlæt看legt er að synja verjanda sakbornings um afhendingu á gögnum ef í húfi eru ríkir einkahagsmunir annarra en skjólstaðings hans. Verjandi hafi í þeim tilvikum aðgang að gögnum málsins á starfsstöð lögreglu eða ákærvalds og með þeim hætti er ekki vegið svo mikið að réttindum sakborningsins að talið verði að hann njóti ekki jafnræðis fyrir dómstólum. Í þeim málum sem ætlað brot sakborningsins er varsla viðkomandi gagna, t.d. í málum sem varða vörslu barnakláms, er erfitt að sjá að afhending afrita af slíkum gögnum sé réttlæt看leg og myndi jafnvel fela í sér sjálfstætt brot af hálfu lögreglu eða ákærvalds.

Vegna tækniþróunar og auðvelds aðgengis að veraldarvefnum þá gætu sambærileg gögn og í málunum hér að ofan eða myndbönd sem innihalda barnaklám og myndbönd af viðtölum lögreglu við þolendur kynferðisofbeldis ratað á veraldarvefinn ef sakborningar fengju afrit af viðkomandi gögnum. Í samræmi við túlkun Hæstaréttar í fyrrnefndum málum á 37. gr. sml. verða afrit af myndum og myndböndum ekki afhent verjendum ef þau innihalda efni sem annar aðili hefur verulega hagsmuni af að verði ekki gerð opinber almenningi í því formi, enda hefur verjandinn heimild til þess að kynna sér efnið á starfsstöð lögreglu og ákærvalds.

6 Heimildir sakbornings til aðgangs að gögnum í dönskum og norskum lögum

Við umfjöllun um réttareglur sakamálaréttarfars á Íslandi um réttindi sakbornings til aðgangs að gögnum máls, vakna spurningar um hvernig ákvæði réttarfarslaga í nágrannaríkjum okkar er háttað. Hefð er fyrir því í slíkri athugun að horfa til lagaákvæða sem í gildi eru í Danmörku og Noregi. Um þau verður hér fjallaði í stuttu máli og gerður samanburður við núgildandi ákvæði 37. gr. sml. um rétt sakbornings til aðgangs að gögnum.

6.1 Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum sakamáls í dönskum lögum

Í dönsku réttarfarslögnum, *retsplejeloven*¹¹⁷ nr. 90/1916, er að finna reglur málsmeðferðar sakamála og er þar kveðið á um réttarstöðu sakbornings og verjanda. Í 729. gr. a rpl. er að finna ákvæði um rétt sakbornings til þess að velja sér verjanda en jafnframt um heimild sakbornings og verjanda til aðgangs að gögnum máls. Ákvæðið er svohljóðandi:

§ 729 a. Sigtede er berettiget til at vælge en forsvarer, jf. § 730. Offentlig forsvarer beskikkes efter reglerne i §§ 731-735.

Stk. 2. Retten meddeler forsvareren kopi af indførsler i retsbøgerne vedrørende sagen. Forsvareren kan gøre sigtede bekendt med kopierne, medmindre andet følger af §§ 748 og 856. Retten kan pålægge forsvareren ikke at overlevere kopierne til sigtede eller andre, hvis det må befrygtes, at kopierne vil blive benyttet på retsstridig måde.

Stk. 3. Forsvareren har adgang til at gøre sig bekendt med det materiale, som politiet har tilvejet bragt til brug for den sag, som sigtelsen angår. Forsvareren skal have udleveret kopi af materialet, i det omfang det uden ulempe kan kopieres. Forsvareren må ikke uden politiets samtykke overlevere det modtagne materiale til sigtede eller andre. Politiet giver samtykke, hvis det findes ubetænkeligt. Med hensyn til materiale, der er omfattet af § 871, stk. 1 og stk. 2, nr. 5, kan samtykke dog kun nægtes af de i stk. 4 nævnte grunde.

Stk. 4. Hvis det er nødvendigt af hensyn til fremmede magter, til statens sikkerhed, til sagens opklaring, til tredjemand eller til efterforskningen af en anden verserende sag om en lovovertrædelse, som efter loven kan straffes med fængsel i 6 år eller derover, eller som udgør en forsætlig overtrædelse af straffelovens kapitler 12 eller 13, kan politiet give forsvareren pålæg om ikke at videregive de oplysninger, som forsvareren har modtaget fra politiet. Pålægget kan udstrækkes, indtil tiltalte har afgivet forklaring under hovedforhandlingen.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að sakborningur hafi heimild til þess að velja sér verjanda og er tilgreint með hvaða hætti opinber verjandi skal skipaður.

Ákvæði 2. mgr. kveður á um að dómstólar skuli miðla til verjanda sakbornings gögnum málsins sem eru skráð hjá dómstólum og hefur verjandinn heimild til þess að kynna sakborningi gögnin nema mælt sé fyrir um annað í lögnum og er þar vísað í 748. gr. og 856. gr. laganna. Í 748. gr. rpl. er fjallað sérstaklega um þinghöld þar sem sakborningi er vikið úr

¹¹⁷ Hér eftir skammstafað rpl.

dómsal eða með öðrum hætti návist hans takmörkuð vegna hættu á að hann hafi áhrif á vitni málsins. Í 856. gr. laganna er kveðið á um vitnavernd og þær aðferðir sem beitt er til þess að sakborningur komist ekki að því hvert vitnið er. Í því samhengi er fjallað um að gögn sem innihalda upplýsingar um persónu vitna sem njóta vitnaverndar skulu ekki gerð sakborningi aðgengileg. Í ákvæðinu kemur fram að dómurinn geti gefið verjanda sakbornings fyrirmæli um að afhenda sakborningi ekki afrit af gögnum málsins ef óttast má að þau verði notuð með ólögmætum hætti.

Í ákvæði 3. mgr. 729 a kemur fram að verjandi sakbornings á rétt á að kynna sér gögn sem lögreglan hefur aflað vegna málsins enda varði þau sakarefni málsins. Þar kemur fram að verjandanum skal útvegað afrit af gögnunum sem mögulegt er að afrita án mikilla erfiðleika. Verjandinn hefur þó ekki heimild til þess að afhenda eða kynna móttækin gögn fyrir skjólstæðingi sínum eða öðrum án heimildar lögreglu. Lögreglan veitir verjanda slíka heimild telji hún ekkert standa því í vegi með hliðsjón af þeim gögnum sem nefnd eru í 1., 2. og 5. mgr. 871. gr.¹¹⁸ laganna, en þar er fjallað um gögn sem hafa sjálf sérstaka tengingu við brotið, t.d. verið notuð í glæpsamlegum tilgangi orðið til vegna brots. Lögreglunni er einungis heimilt að synja verjanda um að kynna skjólstæðingi sínum gögn á grundvelli atriða í 4. mgr. greinarinnar.

Ákvæði 4. mgr. kveður á um heimild lögreglu til að synja verjanda sakbornings um að kynna skjólstæðingi sínum gögn málsins. Slík synjun er heimil ef nauðsynlegt er vegna hagsmuna erlendra ríkja, öryggis ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila. Einnig er synjun heimil ef rannsóknarhagsmunir annarra sakamála standa því í vegi en þar er gerð krafa um að rannsóknin varði brot á lögum er varði að minnstakosti sex ára fangelsisrefsingu. Jafnframt ef grunur leikur á að brot hafi verið framið af ásetningi á 12. og 13. kafla dönsku hegningarlaganna. 12. kafli varðar brot gegn sjálfstæði og öryggis ríkisins en 13. kafli varðar glæpi gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu yfirvöldum, hryðjuverk og fl.¹¹⁹

¹¹⁸ Ákvæði 871. gr. dönsku réttarfarlaganna kveður á um reglur um framlögð gögn. 1. mgr. um gögn sem hafa sjálf sérstaka tengingu við brotið, t.d. verið notuð í glæpsamlegum tilgangi orðið til vegna brots. 2. mgr. felur í sér upptalningu ákveðinna tegunda gagna sem lesin skulu upp í þinghaldi. 5. mgr. varðar framburðarskýrslur vitna hjá lögreglu og aðgang þeirra í dóm.

¹¹⁹ 12. kafli dönsku hegningarlaganna: Forbrydelser mod statsforfatningen og de øverste statsmyndigheder, terrorisme m.v. Dönsku hegningarlögin eru nr. 1034 frá 29. október 2009. Þau eru aðgengileg á vefslóðinni: <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=133530#K12> [Sótt á vefinn 3. maí 2011]

6.1.1 Samanburður 729. gr. retsplejeloven, nr. 90/1916, við ákvæði 37. gr. laga nr. 88/2008

Þegar ákvæðin eru borin saman sést að ákvæðin eru sambærileg að því leyti að þau kveða á um að verjandi sakbornings hafi heimild til aðgangs að gögnum og að hann hafi heimild til að kynna þau skjólstæðingi sínum. Bæði ákvæðin bera með sér undantekningar frá reglunni um ótakmarkað aðgengi að gögnum vegna rannsóknarhagsmuna. Ákvæði 37. gr. sml. felur í sér heimild lögreglu til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls í allt að þrjár vikur og jafnvel allt að fimm vikum geri lögreglan kröfu um skýrslutöku á sakborningi fyrir dómi. Ákvæði 729. gr. rpl. kveður hins vegar á um aðra aðferð til að halda innihaldi gagna frá vitund sakbornings, það er heimild lögreglu til að gefa verjanda sakbornings fyrirmæli um að hann megi ekki kynna skjólstæðingi sínum gögnin sé það ekki óhætt vegna rannsóknarhagsmuna. Sú leið sem farin er í danska ákvæðinu er sú sama og var upphaflega í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Fallið var hins vegar frá þessari aðferð með lögum nr. 36/1999 á grundvelli þess að lögmaður væri settur óeðlilega stöðu gagnvart skjólstæðingi sínum og þess í stað lögreglu gefið stutt svigrúm til þess að halda gögnum frá verjandanum og þar með sakborningnum. Auk heimildar lögreglu í rpl. til að synja verjanda um heimild til að kynna skjólstæðingi gögn málsins þá eru einnig lögfest tilvik þar sem honum er það óheimilt sbr. 748. gr. og 856. rpl. Slíkar takmarkanir er ekki að finna í íslensku sakamálalögum. Sambærilegt er með ákvæðunum að verjandi á rétt á að fá afhent afrit skjala úr höndum lögreglunnar sbr. 1. mgr. 37. gr. sml. og 3. mgr. 729. gr. rpl. Heimild lögreglu til að synja verjanda um aðgang að göngum máls á grundvelli öryggis ríkisins, einkahagsmuna þriðja aðila og vegna samskipta við önnur ríki er að finna í bæði danska og íslenska ákvæðinu. Ekki er kveðið á um heimild til að synja verjanda um aðgang að gögnum máls ef afhending þeirra gæti skaðað rannsóknarhagsmuni annars sakamáls í íslenska ákvæðinu en er gert í hinu danska.

Meginmunur ákvæðanna liggur í því að dönskum lögregluþyrfdöllum er heimilað að gefa verjanda sakbornings fyrirmæli um að upplýsa skjólstæðing sinn ekki um innihald afhentra skjala og annarra gagna eins og áður var í íslenskum rétti.

6.2 Réttur sakbornings til aðgangs að gögnum sakamáls í norskum lögum

Kveðið er á um rétt sakbornings og verjanda hans til aðgangs að gögnum máls í 242. gr. norsku sakamálalaganna, *straffeprocessloven*, nr. 25/1981¹²⁰. Ákvæðið er svohljóðandi:

§ 242. Mistenkte, hans forsvarer, fornærmede, etterlatte i lovbestemt rekkefølge og bistandsadvokaten skal på begjæring gis adgang til å gjøre seg kjent med sakens dokumenter såfremt det kan skje uten skade eller fare for etterforskingens øyemed eller for tredjemann. Innsyn i opptak, notater og andre dokumenter som inneholder opplysninger fra kommunikasjonskontroll etter kapittel 16 a, kan også nektes dersom innsyn kan skade etterforskningen av andre saker. Offentlig forsvarer kan ikke nektes adgang til dokumenter som fremlegges eller har vært fremlagt i rettsmøte, unntatt rettsmøte som holdes for å avsi kjennelse etter tredje ledd. Disse regler gjelder likevel ikke dokumenter som bør holdes hemmelig av hensyn til rikets sikkerhet eller forhold til fremmed stat.

Er det begjært anonym vitneførsel, jf. §§ 130 a eller 234 a, kan mistenkte eller fornærmede ikke få innsyn i opplysninger som kan føre til at vitnets identitet blir kjent. Avslår retten begjæringen, gjelder reglene i første ledd likevel bare dersom påtalemyndigheten fører vitnet under full identitet, jf. § 130. Forsvareren kan anke et avslag om innsyn etter første punktum på den siktedes vegne.

Blir adgang til dokumentene nektet, kan spørsmålet kreves avgjort ved kjennelse av retten.

Når det er flere mistenkte i en sak, gjelder retten for den enkelte mistenkte og hans forsvarer til å gjøre seg kjent med sakens dokumenter, ikke dokumenter som bare gjelder andre mistenktes forhold.

Kongen kan gi forskrifter om hvordan dokumentene skal gjøres tilgjengelig etter denne paragraf

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að sakborningi, verjanda hans og brotþola, eða forráðamanni brotþola skuli veitt heimild til að kynna sér gögn málsins geri þeir kröfu um það. Þó sé einungis heimilt að verða við slíkri kröfu sé talið óhætt að verða við henni án þess að rannsóknarhagsmunir skaðist eða hagsmunir þriðja aðila. Aðgengi að upptökum, minnispunktum og öðrum skjölum er innihalda upplýsingar er varða samskipti sbr. 16. kafla a má hindra ef það getur skaðað rannsóknarhagsmuni annarra mála. Ákvæði 16. kafla a spl. varðar heimildir lögreglu til að hlera síma og önnur samskiptatæki við rannsókn mála. Fram kemur að ekki sé heimilt að synja opinberum verjanda um aðgang að skjölum sem lögð eru fram í þinghaldi nema þinghaldið sjálft sé sett til þess að úrskurða um kröfu á grundvelli 3. mgr. Þessi ákvæði eiga þó ekki við um skjöl sem halda skal leyndum vegna öryggis ríkisins eða vegna samskipta við annað ríki.

Ákvæði 2. mgr. 242 gr. spl. kveður á um takmarkaðan aðgang sakbornings og brotþola að göngum sem varða vitni sem nýtur vitnaverndar og kærurheimild verjanda sakbornings vegna slíkrar takmörkunar.

¹²⁰ Hér eftir skammstöfuð spl.

Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að verjandi sakbornings hefur heimild til að bera ákvörðun lögreglu um að synja honum um að gögnum máls fyrir dóm. Séu tveir eða fleiri sakborningar grunaðir um aðild að sama máli nær réttur hvers þeirra ekki til aðgangs að gögnum er varða eingöngu annan sakborning sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins hefur Konungurinn heimild til þess að gefa út nánari reglur varðandi aðengi að málgögnum í samræmi við 242. gr. spl.

6.2.1 Samanburður á 242 gr. straffeprocessloven, nr. 25/1981, við ákvæði 37. gr. laga nr. 88/2008

Ákvæðin eru sambærileg að því leyti að þau kveða bæði á um rétt verjanda og sakbornings til aðgangs að gögnum máls. Ákvæði 37. gr. spl. felur þó ekki í sér með sama orðalagi heimild sakbornings til aðgangs að gögnum heldur er fjallað um verjanda. Lögreglu er ekki gefinn fyrirfram markaður tímafrestur í norska ákvæðinu til að synja um aðgang að málgögnum ef rannsóknarhagsmunir eru í húfi eins og gert er í því íslenska. Þó er lögreglu heimilt að synja kröfu sakbornings og verjanda um aðgang að málgögnum ef rannsóknarhagsmunir eru í húfi á grundvelli 1. mgr. 242. gr. spl. Í 2. mgr. norska ákvæðisins kemur fram að takmörkuð sé heimild verjanda og sakbornings að gögnum í málum þar sem vitni nýtur vitnaverndar. Sambærilega heimild er ekki að finna í 37. gr. spl en í 8. mgr. 122. gr. spl. eru leiðbeiningar um að verjandi skuli ekki fá aðgang að gögnum máls sem innihalda persónuupplýsingar vitna sem njóta nafnleyndar. Sakborningur hefur ekki heimild til aðgangs að gögnum sem varða einungis annan eða aðra sakborninga sama máls bæði í íslensku og norsku ákvæðunum. Helsti munur ákvæðanna er að norskum lögregluþingum er veitt rýmra svigrúm til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum málsins vegna rannsóknarhagsmuna. Svigrúm norskra lögregluþingvalda virðist þannig veita heimild til að meta hvort ástæða sé til þess að synja verjanda um aðgang að gögnum máls og hversu lengi.

7 Lokaorð

Í ritgerð þessari hafa heimildir sakbornings og verjanda hans til aðgangs að gögnum máls verið athugaðar með það að markmiði að kanna hvort þær séu fullnægjandi til að mæta andstæðum hagsmunum þeirra aðila er að sakamáli koma, í ljósi 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákvæði íslenskra laga um heimild sakbornings og verjanda hans til aðgangs að gögnum máls hafa verið skoðuð í sögulegu samhengi og breytingum ákvæðanna gerð ítarleg skil fram til dagsins í dag, ásamt dómaframkvæmd. Til stuðnings var litið til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu og úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu. Jafnframt var fjallað um sambærileg ákvæði danskra og norskra laga.

Af umfangullun ritgerðar þessarar má draga ýmsar ályktanir um það hvort ákvæði 37. gr. sml. sé fullnægjandi heimild til þess að mæta andstæðum hagsmunum málsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Í fyrsta lagi er ljóst að sakamál eru mis umfangsmikil og alvarleg, allt frá því að vera nokkrar klukkustundir í rannsókn og upp í marga mánuði eða ár og þykir óhætt að álykta að sá frestur sem lögreglu er nauðsynlegur til að synja verjanda um aðgang að gögnum er ekki alltaf sá sami. Draga má þá ályktun að eftir breytingu á 43. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 hafi lögreglan ekki haft nægilegt svigrúm til þess að rannsaka umfangsmikil mál áður en hún er skyldug að afhenda verjanda sakbornings málgögn. Þá ályktun má draga af þeim fjölda mála þar sem lögreglan hefur freistað þess að fá aukið svigrúm til rannsóknar umfangsmikilla mála á grundvelli heimildar b. liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991 sbr. nógildandi 2. mgr. 37. gr. sml. Til stuðnings þessarar ályktunar er einnig vísað til umsagna lögreglunnar í Reykjavík, Ríkislögreglustjórans og dómstólaráðs um frumvarp til laga nr. 86/2004. Ekki verður séð að lenging tímafrests lögreglu til að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls úr einni viku í þrjár vikur hafi borið þann árangur sem stefnt var að þ.e. að leysa fyrrnefndan vanda lögreglunnar við rannsókn á umfangsmiklum málum. Á grundvelli þess verður ekki annað séð en að frestur sá sem lögreglan hefur til þess að synja sakborningi og verjanda hans um aðgang að gögnum máls í ákvæði 1. mgr. 37. gr. sml. sé ófullnægjandi í ljósi þess að ekkert svigrúm sé gefið til mats á umfangi mála í hvert sinn.

Í öðru lagi hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið á um að heimilt sé að halda innihaldi gagna leyndu fyrir verjanda sakbornings, jafnvel alla málsmeðferðina, séu nægilega ríkir hagsmunir í húfi. Til að slík synjun væri heimil og gengi ekki gegn ákvæðum 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þyrfti að fara fram mat dómara á nauðsyn þess að halda

gögnum leyndum. Í ljósi þess þykir óhætt draga þá ályktun að það myndi ekki brjóta gegn 6. gr. MSE sem verndar réttindi sakbornings væri 37. gr. sml. breytt á þann veg að lögreglu væri heimilt að gera kröfu fyrir dómi um að halda tilteknum gögnum máls í lengri tíma en þrjár vikur væri málið sérstaklega umfangsmikið eða ríkir rannsóknarhagsmunir væru í húfi. Með því móti gæti dómari lagt mat á þá hagsmuni sem liggja að baki kröfu lögreglunnar, með tilliti til sjónarmiða verjandans og eftir atvikum markað lögreglunni rýmri frest til að synja honum um aðgang að gögnum máls.

Í þriðja lagi eftir skoðun á ákvæði 3. mgr. 37. gr. sml. og dómafrankvæmd er ljóst að heimilt er að synja verjanda um að fá afhent afrit af gögnum máls hafi þriðji aðili hagsmuni sem stríða gegn afhendingu gagnanna, t.d. afrit af stafrænum upptöku af yfirheyrslum annarra sakborninga eða vitna. Hæstiréttur hefur jafnframt kveðið á um að sama regla eigi við eftir að mál er komið í málsmeðferð fyrir dómi enda hafi verjandi og sakborningur heimild til að kynna sér innihald gagnanna á starfsstöð lögreglu eða ákærvalds. Af niðurstöðu Hæstaréttar um þetta atriði má draga þá ályktun að breyta þyrfti heimild þeirri sem 3. mgr. 37. gr. sml. kveður á um á þann veg að hún nái einnig til málsmeðferðar fyrir dómi.

Sakamálaréttarfar á Íslandi hefur þróast frá réttarhari sem hafði sterk einkenni rannsóknarréttarfars, yfir í réttarfar sem ber flest einkenni ákæruréttarfars. Helsta breyting á íslenskum lögum í þeim efnum hefur einkennst af aukinni áherslu á jafnræði málsaðila í sakamálum með það að leiðarljósi að sakborningur njóti réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Einn meginþáttur í jafnræði málsaðila fyrir dómi er heimild sakbornings og verjanda til aðgangs að gögnum máls svo sakborningi gefist tækifæri að undirbúa málsvörn sína. Af umfjöllun ritgerðarinnar er greinilegt að mikil vinna hefur verið lögð fram af hálfu Alþingis til að setja reglur sem taka tillit til andstæðra hagsmuna sem mætast í tengslum við heimildir lögreglu til að synja verjanda um aðgang að gögnum máls. Þær ályktanir sem dregnar hafa verið hér bera með sér að þeirri vinnu sé ekki lokið og verður því fróðlegt að fylgjast með þeirri þróun á næstu árum.

8 Skammstafanaskrá

Alþt.	Alþingistíðindi
gr.	Lagagrein
H	Hæstaréttardómur
LMFÍ	Lögmannafélag Íslands
mgr.	Málgrein
ml.	Málsliður
MDE	Mannréttindadómstóll Evrópu
MNE	Mannréttindanefnd Evrópu
MSE	Mannréttinasáttmáli Evrópu
sml.	Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008
rpl.	Retsplejeloven
spl.	Straffeprosessloven
þskj.	Þingskjal

9 Heimildaskrá

Alþingistíðindi, A-deild, 1994-1995.

Aall, Jörgen, *Rettergang og menneskerettigheter*. Bergen 1996.

Dijk, P. van, og G.J.H van Hoof, *Theory and practice of the European Convention on Human Rights*. Haag, London og Boston 1998.

Dixon, Martin, *Textbook on International law*. New York 2007.

Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“. *Tímarit lögfræðinga* 1951, (2), bls. 77-172.

Eiríkur Tómasson, „Allt orkar tvímælis, þá gjört er“: svar við grein Hrafns Bragasonar í afmælisriti Þórs Vilhjálmssonar. *Úlfjótur*, 4. h. 50. árg. 2000.

Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*. 2. útgáfa, Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*. Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson, *Réttarstaða sakbornings og verjanda*. 2. útgáfa, Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“. Í Garðar Gíslason (ritstj.), *Líndæla. Afmælisrit helgað Sigurði Líndal í tilefni sjötugsafmælis hans 2. júlí 2001*. Reykjavík 2001, bls. 95-111.

Gaukur Jörundsson, „Um rétt manna samkvæmt 6. gr. MSE til að leggja mál fyrir óháðan og hlutlausan dómstól“. Í Helgi Sigurðsson (ritstj.), *Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr í tilefni sjötugsafmælis hans 18. september 1989*. Reykjavík 1989, bls. 165-184.

Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur*. Reykjavík 1999.

Harris, O'Boyle & Warbrick, *Law of the European Convention on Human Rights*, 2. útgáfa, Oxford 2009.

Jónatan Þórmundsson, „Ákæruéttarfar og rannsóknarréttarfar“. *Morgunblaðið*, 20. október 1987, bls. 32.

Markús Sigurbjörnsson, *Einkamálaréttarfar*, handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Reykjavík 1993.

Ragnar Aðalsteinsson, „Réttarstaða sökunauts og réttindi og skyldur verjanda“. *Úlfjótur*, 1978 (2).

Stefán Már Stefánsson, „Um sönnun í sakamáli“. *4. ritröð Lagastofnunar Háskóla Íslands*. Reykjavík 2007.

Heimildir af veraldarvef:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum, þskj. 482, 354. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/123/s/0482.html>.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 36 19. mars 1999, þskj. 1145, 354. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.036.html>

Frumvarp til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 36/1999.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn dómstólaráðs um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn lands sambands lögreglumanna um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn LMFÍ um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn réttarfarsnefndar um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn Ríkislögreglustjórans um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn Ríkissaksóknara um frumvarp til laga nr. 86/2004.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga nr. 88/2008.
Umsögnin er aðgengileg á www.althingi.is.

10 Dómaskrá

Hæstaréttardómar

Bls.

H 77/1985.....	25
H 23/1993.....	11, 22
H 168/1994.....	26, 28, 30, 33
H 263/1995.....	21
H 382/1995.....	17, 26, 30
H 468/1996.....	17
H 449/1997.....	20
H 376/1999.....	33, 34, 37
H 432/1999.....	52, 57
H 110/2004.....	33, 36, 37, 48
H 235/2004.....	33, 34, 37, 48
H 59/2006.....	20
H 123/2006.....	46, 48, 49
H 495/2009.....	56, 57, 60 61
H 496/2009.....	56
H 497/2009.....	56
H 614/2010.....	56, 59

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Bls.

Dómur MDE í máli Campbell og Fell gegn Bretlandi, frá 28. júní 1984, Series A. 80.....	11
Dómur MDE í máli Colozza gegn Ítalíu, frá 12. Febrúar 1985, Series A. 89.....	19
Dómur MDE í máli Dombo Beheer B.V. frá 27. Október 1993, Series A. 273.....	11
Dómur MDE í máli Domenichini gegn Ítalíu, frá 15. Nóvember 1996: Repors of Judgements and Decisions, 1996-V, Vol 22.....	11
Dómur MDE í málinu Perez gegn Frakklandi, frá 12 febrúar 2004. Aðgengilegur á www.echr.coe.int	10
Dómur MDE í máli Rowe og Davis gegn Bretlandi, frá 16. febrúar 2000. Aðgengilegur á www.echr.coe.int	12, 15

11 Lagaskrá

Íslensk lög	Bls.
Lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.....	7, 23
Almenn hegningarlög nr. 19/1940	
IV kafli.....	50
X. kafli.....	52
XI. kafli.....	52
XVII. kafli.....	53
124. gr.	36
136. gr.	27
173. gr. a.....	36
211. gr.	36
221. gr.	36
Lög nr. 33/1944. Stjórnarskrá Lýðveldisins Ísland	
70. gr.	16, 20, 22, 41, 44
Lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.....	4, 7, 23, 24, 25, 26
32. gr.	23
78. gr.	24, 26
170. gr.	23
Lög nr. 57/1961 um meðferð opinberra mála.....	7
Lög nr. 74/1974.....	24, 25
115. gr.	25
117. gr.	25
121. gr.	25
Lög nr. 107/1976 um meðferð opinberra mála.....	24
Lög nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins.....	7
Lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.....	8, 25
Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.....	8, 17, 20, 22, 25, 26, 31, 32, 33, 38, 40, 46, 50, 51, 53
VI. kafli.....	28
29. gr.	17
42. gr.	32
43. gr.	3, 17, 22, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 49, 51, 52, 53, 55, 56, 61, 67
59. gr.	21
66. gr.	29

74. gr.	27
74. gr. a.....	32, 33, 34, 35, 36, 37, 39, 41, 42, 44, 46, 47, 48, 49, 52, 56
75. gr.	43
103. gr.	41
108. gr.	41
112. gr.	29
122. gr.	29, 33
128. gr.	18
129. gr.	20
142. gr.	27
Lög nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði	
43. gr.	27
100.gr.	27
Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.....	
2. gr.	8, 9
6. gr.	9
	3, 4, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 19, 20, 22, 25, 27, 28, 29, 41, 44, 45
Stjórnskipunarlög nr. 97/1995 um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.....	
8. gr.	9
	20
Lög nr. 25/1998 um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu.....	
	9
Lög nr. 36/1999 um breytingu á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.....	
	31, 32, 33, 37, 38, 41, 42, 43, 44, 45, 49, 52, 55, 64, 67
12. gr.	31, 32, 34, 33, 34, 35, 38, 39, 46
23. gr.	33, 34, 35
Lög nr. 94/2000 um breytingu á meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (nálgunarbann).....	
	51
Lög nr. 86/2004 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, með síðari breytingum.....	
	37, 38, 39, 40, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 48, 51, 52, 55, 67
1.gr.	38, 47
Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála.....	
XXXV kafli	4, 8, 50, 51, 53
2. gr.	51
16. gr.	50
18. gr.	4
29. gr.	19
36. gr.	17
37. gr.	3, 4, 17, 22, 51, 52, 53, 54, 55, 56, 57, 58, 59, 60, 61, 62, 64, 66, 68
56. gr.	50
59. gr.	55
67. gr.	58

122. gr.	66
123. gr.	20
161. gr.	51
163. gr.	17, 19
165. gr.	50
166. gr.	17, 19, 20
192. gr.	59
Lög nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara.....	56
Lög nr. 162/2010 um breytingu á lögum vegna sameiningar ráðuneyta.	
194. gr.	58

Dönsk lög

Retsplejeloven nr. 90/1916	62, 63, 64
729. gr.	62, 63, 64
748. gr.	62, 64
856. gr.	62, 63, 64
871. gr.	62, 63
Straffeloven nr. 1034/2009	
12. kafli	62, 63
13. kafli	62, 63

Norsk lög

Straffeprosessloven nr. 25/1981	
242. gr.	52, 65, 66, 67